


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Heilsa




Íslensk list í Finnlandi

*Íslenskir skartgripir prýða finnsk-íslenska samsýningu í Helsinki. Hildur Ýr Jónsdóttir á gripi þar.*

FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
8. nóvember 2012
263. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




Almennileg fantasía

*Snæbjörn Brynjarsson og Kjartan Yngvi Björnsson hlutu Íslensku barnabókaverðlaunin.*

menning 30

Laxveiðiár vonbrigða

*Einungis tólf laxveiðiár skiluðu 100 löxum eða meira á hverja stöng.*

veiði 46



Vilja vera áfram

*Matthías Vilhjálmsson og Guðmundur Kristjánsson slógu í gegn hjá Start.*

sport 44

veðrið í dag




**HVESSIR MEÐ ÚRKOMU** Vaxandi A-átt um sunnanvert landið og fer að rigna en snýst í hvassa NA-átt í kvöld NV-til með snjókomu. Kólnandi veður.

VEÐUR 4

# Fjárfestingaáætlun ríkisins skorin niður um 42 prósent

**Ríkið mun leggja 6,2 milljarða í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013 til 2015 á næsta ári. Framlagið átti að vera 10,7 milljarðar þegar áætlunin var kynnt. Íbúðalánasjóður mun ekki fá tveggja milljarða framlag.**

**EFNAHAGSMÁL** Sú fjárhæð sem ríkið ætlar að leggja til fjárfestingaáætlunar fyrir Ísland á árinu 2013 hefur lækkað úr 10,7 milljörðum króna í 6,2 milljarða króna, eða um 42 prósent, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Staðið verður við að láta einn milljarð króna renna til byggingar nýs fangelsis á næsta ári og hálfur milljarður mun áfram fara í uppbyggingu ferðamannastaða á árinu 2013. Tveggja milljarða króna eiginfjárframlag til Íbúðalánasjóðs (ÍLS) verður hins vegar á meðal þeirra verkefna sem ekki verður ráðist í á næsta ári. Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra mun kynna fjármögnun áætlunarinnar á blaðamannafundi í dag.

**22** milljarðar áttu að koma af arði og sölu bankanna.

Fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013 til 2015 var kynnt 18. maí síðastliðinn. Áætlunin átti að skapa um fjögur þúsund störf og efla vaxandi atvinnugreinar. Í henni var gerð tillaga um verkefni sem áttu að leiða af sér fjárfestingu fyrir 88 milljarða króna.

Þar af áttu 39 milljarðar króna að vera fjármagnaðir úr fjárfestingaáætluninni. Um 17 milljarðar króna áttu að koma af sérstöku veiðigjaldi og leigu aflahlutdeilda, eða 5,7 milljarðar króna árlega á tímabilinu. Gert er ráð fyrir þessari ráðstöfun á fjárlögum næsta árs og því mun hún halda sér. Fjármunirnir munu meðal annars fara í gerð samgöngumannvirkja og til rannsóknar- og tækniþróunarsjóðs.

Um 22 milljarðar króna áttu hins vegar að koma af arði og eignasölu hluta ríkisins í bönkunum. Þar af áttu 10,7 milljarðar króna að renna í ýmis verkefni á næsta ári. Meðal þeirra verkefna sem áttu að fá fjármagn úr þessum ranni voru uppbygging nýs fangelsis, sem átti að fá einn milljarð króna á næsta ári og annan árið eftir. Þá átti að setja 500 milljónir króna í uppbyggingu ferðamannastaða á ári næstu þrjú árin. Þessi fjármögnun mun halda sér.

Tveggja milljarða króna framlag sem fyrirhugað var til ÍLS til að hann gæti uppfyllt skilyrði um eigið fé og leigt út íbúðir í sinni eigu hefur hins vegar verið tekið út úr áætlun næsta árs. ÍLS þarf alls 12-14 milljarða króna til að uppfylla lögbundið eiginfjárhlutfall, sem er fimm prósent. Fjárþörf sjóðsins óx um tvo til fjóra milljarða króna á fyrri helmingi þessa árs. **- þsj**



**VEL SNYRTIR SLÖKKVILIÐSMENN** Hópur nemenda í Tækniskólanum kom slökkviliðsmönnum höfuðborgarsvæðisins á óvart í gær og bauðst til að klippa hár áhugasamra frítt. Hátt í fjörutíu þáðu boðið, en nemendurnir eru þátttakendur í góðverkaverkefni sem nefnist Gulleggið. Brátt hefst annasamasta tímabil ársins hjá slökkviliðinu og fannst hópnum því tilvalið að sýna þakklæti sitt fyrir fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Mælingar Laxfiska á lífsferli þorsks með gervitunglamerki tóku óvænta stefnu:

# Merkisþorskur lenti í hvalsmaga



**RANNSÓKNIR** Gögn frá gervitunglamerki sem rannsóknafyrirtækið Laxfiskar festi á þorsk í apríl síðastliðnum sýndu að þegar hann hafði borið merkið í tæpa fimm mánuði var hann étinn af búrhval. Merkið var í hvalnum í rúman mánuð þar til hann skilaði því af sér og það flaut upp á yfirborðið. Nokkrum dögum seinna hófust sendingar frá merkinu í gervitungl, samkvæmt áætlun. Merkið hafði safnað gögnum samfellt síðan það var sett á þorskinn um vorið, þar með talið á meðan það var í hvalnum. Það gefur einstakar upplýsingar um hegðun hvalsins þennan mánaðartíma, segir á vef Laxfiska.

Fréttablaðið sagði frá því á dögunum að Laxfiskar og samstarfsaðilar fyrirtækisins hefðu tekið í notkun nýja tækni sem gerir kleift að fylgjast með ferðum þorska við Ísland. Tæknin byggir á fiskmerkjum sem senda upplýsingar um ferðir fiskanna um gervitungl. Þannig fást gögn um hegðun og umhverfi fiskanna án þess að endurveiða fiskana, sem er nýjung í þorskrannsóknum. Slík gögn gefa meðal annars nýjar hagnýtar upplýsingar um þorskinn þegar hann dvelur utan veiðislóðar. **- shá**


Ný heilsubúð í Smáralind - Mikið úrval - frábær gæði - betri verð

HOLLAND & BARRETT

www.hollandandbarrett.is



## SPURNING DAGSINS



*Guðrún, á fólk ekki að segja takk fyrir matinn?*

„Jú, og hann var góður."

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir er bæjarstjóri í Hafnarfirði, þar sem gera á óháða úttekt á máltíðum sem fyrirtækið Skólamatur útbýr fyrir hafnfirska grunnskóla.

Alþjóðlegt almannatengslafyrirtæki fengið til ráðgjafar í makríldeilunni:

# Halda uppi málstað Íslendinga

**UTANRÍKISMÁL** Almannatengslafyrirtækið Burson-Marsteller hefur verið ráðið til að aðstoða íslensk stjórnvöld til að halda uppi málstað Íslendinga í makríldeilunni og Icesave-málinu. Í fjáraukalögum er gert ráð fyrir að verja allt að 26 milljónum til þessa verkefnis á næsta ári.

Atvinnuvega- og utanríkisráðuneyti fengu Burson-Marsteller til verksins. Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður atvinnuvegaráðherra, segir að fyrirtækið muni fylgjast með umræðu um málefni tengd Íslandi, sérstaklega makríldeiluna, í erlendum fjölmiðlum og gefa stjórnvöldum ráð um viðbrögð ef þeirra gerist þörf.



**HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON**

„Sumir gagnaðilar Íslands hafa verið með stórar yfirlýsingar sem eru skaðlegar Íslandi og íslenskum hagsmunum, sérstaklega í sjávarútvegi," segir Huginn. „Íslensku samninganefndinni, utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðilum fannst sem sjónarmið Íslands kæmu hvergi fram í erlendum fjölmiðlum. Þar sem um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir Ísland var því ákveðið að leita eftir ráðgjöf til að tryggja að þeim sterku rökum sem Ísland hefur í makríldeilunni yrði komið á framfæri."

Varðandi þóknun Burson-Marsteller segir Huginn að óvíst sé hvort öll upphæðin verði nýtt, en það velti á því hvernig deilan þróist og hvort þörf verði fyrir þjónustu fyrirtækisins. **- þj**

Rannsóknarnefnd skipuð:

## Einkavæðing banka skoðuð

**STJÓRNMÁL** Alþingi samþykkti í gær þingsályktunartillögu þess efnis að skipuð verði þriggja manna nefnd til að rannsaka sölu hlutabréfa ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans á árunum 1998 til 2003.

Alls greiddu 24 þingmenn atkvæði með þingsályktunartillögunni en fyrsti flutningsmaður hennar var Skúli Helgason, Samfylkingunni. Viðstaddir þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sátu hjá. **- mþl**

Árni Múli fer frá Akranesbæ:

## Hættir vegna núnings við bæjarfulltrúa

**AKRANES** Árni Múli Jónasson hætti í gær sem bæjarstjóri á Akranesi vegna samskiptabrests við hluta bæjarfulltrúa. Samkomulag náðist um starfslokin en Árni Múli mun þó áfram vinna að framgangi ákveðinna mála fyrir bæjarfélagið til áramóta.



**ÁRNI MÚLI JÓNASSON**

„Svo maður tali hreint út þá voru nokkrir bæjarfulltrúar orðnir hundleiðir á mér og ég á þeim," sagði Árni í gær við Skessuhorn á Akranesi. Hann hefði viljað ljúka ráðningartímabilinu en þetta hefði reynst farsælasta lausnin. Árni hefur stýrt Akraneskaupstað frá sumrinu 2010. **- sh**

Bíll fór út af vegi og valt:

## Karlmaður lést í umferðarslysi

**SLYS Karlmaður á níræðisaldri lést þegar bifreið hans lenti utan vegar og valt á Hafnarvegi við Höfn í Hornafirði skömmu fyrir klukkan fjögur í gær.**

**Tildrög slyssins eru óljós en það er til rannsóknar hjá lögreglu. Hálka var á svæðinu þegar slysið varð. Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.** **- mþl**

## JARÐSKJÁLFTI

### Jörð skalf í Gvatemala

Jarðskjálfti, 7,4 stig á Richter-kvarðanum, varð rétt undan strönd Gvatemala í Mið-Ameríku í gærkvöldi. Fregnir í gærkvöldi bentu til þess að átta, hið minnsta, hefðu látist.

# „Barnamatseðlar eru vanvirðing við börn"

**Sigurveig Káradóttir matreiðslumaður segir skólamatseðla alls ekki nógu góða. Allt of lítill tími sé til að borða í skólunum. Færa þurfi matinn inn í námskrá. Börn séu gerð matvönd með því að ákveða fyrir fram hvað þau vilji og hvað ekki.**

**LÝÐHEILSUMÁL** „Það er ekki nóg að lagfæra einn rétt hér og þar heldur þarf að skoða þessi mál algerlega frá grunni," segir Sigurveig Káradóttir matreiðslumaður, sem látið hefur sig skólamáltíðir varða.

Fyrir nokkrum árum tók Sigurveig sig til ásamt Sigurrós Pálsdóttur matreiðslumanni og Margréti Gylfadóttur mannfræðingi og kannaði skólamötuneytin ofan í kjölinn. „Við sáum að þetta var alls ekki nógu gott," segir Sigurveig, sem kveður þær stöllur hafa rætt við fjölmarga sem tengist málinu. Því miður hafi of lítið breyst.

„Það er til dæmis verið að kaupa forskrældar og innfluttar kartöflur og fiskinagga frá Alaska. Manneldisviðmið virðast aðeins til leiðbeiningar og ekkert eftirlit haft með þeim. Það sem ræður eru rammasamningar um krónutölur en málið er aldrei skoðað í heildina," segir Sigurveig og bendir á að þessi sama umræða geti einnig átt við elliheimili og spítala. „Það er atvinnuleysi. Er ekki hægt einhvern veginn að tengja þetta tvennt saman?"

Þá kveðst Sigurveig undrast tal um að skólamatseðlar séu sniðnir að smekk barna. „Börn fæðast ekki matvönd. Það er fullorðna fólkið sem gerir þau matvönd með því að ákveða fyrir fram hvað þau vilja og hvað ekki," segir hún og bætir við að sér finnist barnamatseðlar á veitingastöðum vera hneyksli.

„Það er hreinlega vanvirðing við börn að þeim sé réttur matseðill með nöggum og spagettí. Börn eru bara litlar útgáfur af fólki. Sum eru matvönd en svo eru önnur sem eru það bara alls ekki," segir Sigurveig.



**SIGURVEIG KÁRADÓTTIR** Manneldisviðmið virðast aðeins til leiðbeiningar og lítið eftirlit með að þeim sé fylgt, segir matreiðslumaðurinn Sigurveig Káradóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Börn eru bara litlar útgáfur af fólki. Sum eru matvönd en svo eru önnur sem eru það bara alls ekki.
>
> **SIGURVEIG KÁRADÓTTIR** MATREIÐSLUMAÐUR

Mikilsvert atriði segir Sigurveig vera þann nauma tíma sem oft sé gefinn til að matast í skólunum. „Það hringir bjalla og öll börnin hlaupa í röð. Sum eru fljót að komast fremst en eftir korter hringir bjallan aftur og börnin hlaupa út, sama hvort þau eru búin að borða eða ekki. Það er ekkert skrítið að þau verði lasin," segir Sigurveig og kallar eftir því að matarmálin verði tekin inn í námskrá skólanna.

„Það þarf að kynna matinn fyrir börnunum og kenna þeim hvaðan hann kemur þannig að matur sé hluti af námsefninu. Það skilar sér margfalt til baka," segir Sigurveig og nefnir enn einn þáttinn sem betur mætti fara.

„Skólaeldhúsin eru oft mjög undirmönnuð. Ég spyr mig hvort það samræmist lögum að láta kokkana elda ofan í svona marga. Þetta er hættulegt og menn verða veikir og bara hrynja niður. En það borgar sig ekki fyrir kokkana að opna munninn mikið því þá missa þeir vinnuna. Hvaðan eiga þeir að fá aukinn metnað til að leggja meira í vinnuna sína ef þeir fá það ekki metið?" spyr Sigurveig.

**gar@frettabladid.is**



**GEORGE OSBORNE OG WOLFGANG SCHÄUBLE** Fjármálaráðherrar Bretlands og Þýskalands. NORDICPHOTOS/AFP

Hvetja til alþjóðlegra aðgerða:

## Vilja stöðva undanskotin

**BRETLAND Þeir Wolfgang Schäuble og George Osborne, fjármálaráðherrar Þýskalands og Bretlands, hvetja til alþjóðlegra aðgerða gegn skattaundanskotum fjölþjóðlegra fyrirtækja. Þeir segjast eftir sem áður vilja bjóða stórfyrirtækjum hagstæða skatta, en ætlast jafnframt til þess að þeir skattar verði greiddir.**

**Breska dagblaðið The Guardian bendir á að kaffihúsakeðjan Starbucks hafi ekki greitt krónu í skatta í Bretlandi í þrjú ár, þrátt fyrir að hagnast verulega á viðskiptum þar í landi.** **- gb**

Styðja áform bæjarstjóra:

## Bæjarstjórnin vill matarúttekt

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tók í gær einróma undir viðbrögð Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra við athugasemdum frá grunnskólakennurum vegna matarmála.

Guðrún boðaði í fyrradag fund um málið með fulltrúum skólaskrifstofu, starfsfólki grunnskóla, innkaupastjóra, Skólamat, bæjarráði og fræðsluráði. Fá á óháðan aðila til að gera úttekt á matvælum í skólunum í samræmi við almennar kröfur og ábendingar Lýðheilsustofnunar. Bæjarstjórnin fól Guðrúnu að gera einnig samanburð á fyrirkomulagi mötuneytismála hjá öðrum sveitarfélögum. **- gar**


Nú með bláberjabragði




Nánar um LGG+ á ms.is/lgg

Ein á dag
Fyrir fulla virkni


Leiðtogi kínverska Kommúnistaflokksins sætir óvenju opinskárri gagnrýni í Kína:

# Hu sagður hafa brugðist vonum

**KÍNA, AP** Hu Jintao hefur síðustu daga sætt óvenju opinskárri og harðri gagnrýni á opinberum vettvangi í Kína, nú þegar hann er að láta af embætti sem leiðtogi kínverska Kommúnistaflokksins.

„Við áttuðum okkur ekki á því að Hu yrði svona íhaldssamur," segir Wu Jiaxiang, fyrrverandi félagi í Kommúnistaflokknum, sem hefur snúið sér að viðskiptum og stundar jafnframt bloggskrif af kappi.

Hann segir vonbrigðin með Hu hafa byrjað þegar fjölda bloggsíðna var lokað árið 2005 vegna þess að skrifin á þeim þóttu helst til frjálslynd.

Reiknað er með að Xi Jinping taki við af Hu á 18. flokksþingi Kommúnistaflokksins, sem hefst í Peking í dag.

Í ríkisfjölmiðlum er miklum dýrðarljóma varpað á valdatíma Hus undanfarinn áratug og vísað til velsældar innanlands og aukinna áhrifa Kína á alþjóðavettvangi.

Sjálfstæðari fjölmiðlar, lítt ritskoðaðar bloggsíður og hugmyndaveitur birta hins vegar annan dóm um Hu og valdatími hans er sagður markast af glötuðum tækifærum. Ekki hafi verið tekist á við langvarandi vandamál, sem hafi fyrir vikið orðið enn erfiðari viðureignar: Gjáin milli fátækra og ríkra hafi dýpkað, umhverfisvandinn aukist og valdhroki magnast. **- gb**



**FLOKKSÞING AÐ HEFJAST** Miklar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar í Peking í tilefni af flokksþinginu. NORDICPHOTOS/AFP




# KLÆDDU AF ÞÉR KULDANN

**Ellingsen** býður upp á mikið úrval af vönduðum úlpum og öðrum hlífðarfatnaði frá þekktum framleiðendum á borð við Didriksons, Mountain Hardwear og Columbia. Í Ellingsen færðu hlífðarfatnað frá toppi til táar.



**ANIK PEAK GÖNGUSKÓR OMNI-HEAT**
Stærðir 41–48. Herraskó.
Svartir.
**18.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**VIKING POLAR THERMO STÍGVÉL**
Stærðir 21–41. Svört og fjólublá.
**5.990 KR.**
FULLT VERÐ 7.990 KR.



**DIDRIKSONS BOARDMAN REGNSETT**
Stærðir 80–130.
Bleikur og blár.
**11.990 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



**SKOGSTAD TOBY ÚLPA**
Stærðir 80–116.
Bláar og mosagrænar.
**12.990 KR.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.



**DIDRIKSONS VERONICA**
Stærðir 36–48. Hvítar.
**15.990 KR.**
FULLT 24.990 KR.



**SKOGSTAD KIRA ÚLPA**
Stærðir 116–164.
Svartar og grænar.
**14.990 KR.**
FULLT VERÐ 18.990 KR.



**SKOGSTAD LOOP ÚLPA**
Stærðir 116–164.
Svartar og bláar.
**15.990 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**DIDRIKSONS LESTER**
Stærðir S–XXL.
Grænar og svartar.
**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**DIDRIKSONS LINDSEY PARKA**
Stærð 36–44. Dömuúlpur.
Svartar, grænar og bláar
**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 26.990 KR.

**DEVOLD**
**10% afsláttur af Devold settum**





**DIDRIKSONS VONZO AMA PEYSA**
Stærðir 130–170.
Svört, blá og rúbínrauð.
**3.990 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.



**SKOGSTAD MILLE DÚNÚLPA**
Stærðir 80–116.
Bleikar og brúnar.
**12.990 KR.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122637/0210

## Barack Obama endurkjörinn forseti Bandaríkjanna

# Obama segist vonbetri en nokkru sinni

**Barack Obama vann öruggan sigur á Mitt Romney í forsetakosningum vestra á þriðjudag. Demókratar halda jafnframt naumum meirihluta í öldungadeild þingsins en eru áfram í minnihluta í fulltrúadeild. Fram undan bíður því frekari glíma forsetans við þingið.**

Dýrustu kosningabaráttu í sögu Bandaríkjanna lauk með öruggu endurkjöri Baracks Obama.

Í sigurræðu sinni sagðist Obama vera vonbetri fyrir hönd Bandaríkjanna en nokkru sinni fyrr. Sigri hans var jafnframt vel fagnað af þjóðarleiðtogum víða um heim.

Þegar talning atkvæða var langt komin í gær var Obama kominn með tæplega 60 milljónir atkvæða á móti 57 milljón atkvæðum mótframbjóðandans Mitt Romneys.

Obama var þar með búinn að tryggja sér 303 kjörmenn af 538 og allt stefndi í að hann fengi 29 kjörmenn til viðbótar í Flórída, eða 332 kjörmenn alls á móti 206 kjörmönnum Romneys.

Munurinn í Flórída var það lítill að ekki var hægt að útiloka að endurtelja þyrfti atkvæðin þar, en endurtalning þar myndi samt engu breyta um sigur Obamas í kosningunum.

Það sem réði úrslitum um sigur Obamas virðist vera fylgi hans meðal kvenna, yngra fólks, borgarbúa og þjóðernisminnihluta, einkum af rómönskum og afrískum uppruna. Fylgi Romneys var of bundið við hvíta karla í eldri kantinum til að tryggja honum sigur.

Auk forsetakjörs fór á þriðjudaginn að venju fram kosning til þjóðþings Bandaríkjanna, þar sem kosnir voru allir þingmenn öldungadeildarinnar til tveggja ára og þriðjungur þingmanna fulltrúadeildarinnar til sex ára.

Niðurstöðurnar urðu þær að demókratar halda naumum meirihluta sínum í öldungadeild Bandaríkjaþings, en eru áfram í minnihluta í fulltrúadeild.

Þetta þýðir að Obama verður áfram í þeirri stöðu að geta ekki treyst á stuðning þingsins við þau frumvörp sem hann vill koma í gegn.

Hann hefur engu að síður fengið fjögur ár í viðbót til að reyna að efna gömul loforð sem strönduðu í þinginu og treysta um leið frekar í sessi þær umbætur á heilbrigðismálum sem honum tókst að fá samþykktar í þinginu þrátt fyrir harða andstöðu margra repúblikana.

Eitt brýnasta verkið verður að ná samkomulagi við repúblikana um fjárlagahengjuna svonefndu, sem felur í sér sjálfvirkar skattahækkanir og niðurskurð útgjalda á næsta ári.

„Nú þegar kosningunum er lokið er kominn tími til að setja pólitíkina til hliðar og vinna saman að því að finna lausnir,“ sagði demókratinn Harry Reid, leiðtogi meirihlutans í öldungadeildinni.

gudsteinn@frettabladid.is
thorgils@frettabladid.is



**FAGNAÐI MEÐ FJÖLSKYLDUNNI** Barack Obama fagnaði endurkjöri í faðmi konu sinnar og dætra. Eftir harða kosningabaráttu gegn Mitt Romney hafði Obama sigur með því að tryggja sér stuðning 303 kjörmanna, hið minnsta, en 270 þurfti til sigurs. NORDICPHOTOS/AFP

## Úrslit þingkosninga




Í gærkvöldi voru úrslit enn óráðin um eitt sæti í öldungadeild og tólf sæti í fulltrúadeild.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP ©GRAPHIC NEWS

## Kannabis, aftökur og fleira

Alls voru 176 álitamál lögð fyrir kjósendur í 38 ríkjum meðfram kosningum til þings og forseta. Kjósendur geta jafnan komið tillögunum á kjörseðla síns ríkis með undirskriftasöfnun. Afdrif tillagnanna 176 voru með ýmsum hætti:



- Kjósendur í Maine og Maryland samþykktu að leyfa hjónabönd samkynhneigðra og auk þess eru allar líkur á að slíkt verði einnig samþykkt í Washington-ríki. Þá höfnuðu íbúar Minnesota tillögu um að banna slík hjónabönd.
- Tillögur um að leyfa sölu á kannabis til almennra neytenda voru samþykktar í Colorado og Washington en ekki Oregon.
- Allt útlit er fyrir að kjósendur í Kaliforníu hafi hafnað tillögu um að afnema dauðarefsingar í ríkinu.
- Í Massachusetts felldu kjósendur naumlega tillögu um að heimilt verði að aðstoða fólk við sjálfsvíg.
- Tillaga um auknar takmarkanir á fóstureyðingum var felld í Flórída.
- Í Oklahoma var samþykkt bann við jákvæði mismunun.

## Heildaratkvæði




## Kjörmenn




Obama Romney Óráðið

## Aukinn hlutur kvenna

Þegar öldungadeildin kemur saman eftir áramót verða þar nokkur tímamót því að verða tuttugu konur meðal þeirra 100 sem þar eiga sæti, fleiri en nokkurn tíma fyrr. Á yfirstandandi þingi eiga sautján konur sæti, og hafa aldrei verið fleiri. Þær sem koma nýjar inn á þing eru repúblikaninn Deb Fischer og demókratarnir Tammy Baldwin og Elizabeth Warren.

Demókratar beittu málefnum kvenna mjög fyrir sig í kosningunum og í forsetakosningunum hlaut Obama atkvæði 55 prósenta kvenna.




## Endurkjör oft meira sannfærandi



Ronald Reagan var endurkjörinn með miklum mun árið 1984.

Þrátt fyrir að sigur Baracks Obama hafi verið nokkuð öruggur þegar á allt er litið, hafa sitjandi forsetar jafnan átt betra gengi að fagna þegar verk þeirra hafa verið lögð fyrir dóm kjósenda. George W. Bush var að vísu með minna fylgi árið 2004 og faðir hans, George Bush eldri, var felldur eftir eitt kjörtímabilið árið 1992 líkt og Jimmy Carter árið 1980 og Gerald Ford fjórum árum áður. Hér má sjá hvernig nokkrum fyrrverandi forsetum hefur reitt af.

**2004** George W. Bush gegn John Kerry: 286 kjörmenn gegn 251
**1996** Bill Clinton gegn Bob Dole: 379 kjörmenn gegn 159
**1984** Ronald Reagan gegn Walter Mondale: 525 kjörmenn gegn 13
**1972** Richard Nixon gegn George McGovern: 520 kjörmenn gegn 17
**1964** Lyndon B. Johnson gegn Barry Goldwater: 486 kjörmenn gegn 52

www.dacia.is

DACIA

# Dacia Duster

Nýr sportjeppi á hrikalega góðu verði

# Kr. 3.990 þús.

Dísil 5,3L/100 km



DACIA GROUPE RENAULT / NISSAN

BL BL. ehf / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / Sími 525 8000

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VERSNANDI**
Það lítur út fyrir versnandi veður á norðvestanverðu landinu í nótt en á morgun og annað kvöld má víða búast við stormi og slæmri færð á vesturhelmingi landsins. Á laugardag verður stíf norðanátt um allt land og snjókoma nyrðra.




**Á MORGUN** 10-23 m/s NV- og V-til síðdegis.

**LAUGARDAGUR** Strekkingsvindur um allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 7° |
| Orlando | 19° |
| Ósló | 1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# Úrvalsdekk á frábæru verði

## Það er öruggara að velja réttu dekkin

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.

**Tími vetrardekkjanna er runninn upp og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð við val á réttum dekkjum hjá okkur eða umboðsmönnum okkar um land allt.**



Winter Tranpath S1 · Observe GSi-5 · Open Country I/T · Observe G2S




TOYO TIRES driven to perform

All Terrain · Mud Terrain KM2 · g-Force Stud · g-Force Winter




BFGoodrich Tires TAKE CONTROL

Bighorn · Presa Spike · AT 771 · Mudder MT 754




MAXXIS

Winter Claw Extreme Grip · Winter Claw Extreme Grip MX · Winter Claw SPORT XSI · IWT-2 EVO




INTERSTATE TIRES

**Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði**

**Nánari upplýsingar á benni.is**

**Umboðsmenn um land allt**

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ

Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333

Bílabúð Benna — Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045 • 590 2000

**GENGIÐ 07.11.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,76 | 127,36 |
| Sterlingspund | 202,91 | 203,89 |
| Evra | 162,83 | 163,75 |
| Dönsk króna | 21,827 | 21,955 |
| Norsk króna | 22,214 | 22,344 |
| Sænsk króna | 19,017 | 19,129 |
| Japanskt jen | ,5768 | 1,5860 |
| SDR | 194,06 | 195,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

225,8279

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkisstjórnin ákveður að veita Landspítalanum 600 milljónir til tækjakaupa:

# „Lífsnauðsynlegt fyrir okkur“

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gærmorgun að veita Landspítalanum 600 milljónir til tækjakaupa á næsta ári til viðbótar við þær 262 sem spítalanum voru ætlaðar til þess á fjárlagafrumvarpi næsta árs. Spítalinn mun því geta keypt tæki fyrir 862 milljónir á næsta ári.

Það er meira en tvöfalt það sem hann fékk á þessu ári. Á fjárlögum ársins 2012 voru honum einnig skammtaðar 262 milljónir, en við bættust 150 milljónir á fjáraukalögum sem tilkynnt var um nýlega.

„Það er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að fá þetta og er í samræmi við það sem við höfum sagt, að við þurfum milljarð á ári næstu þrjú ár til að koma okkur í horf,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans. „Það er mikið fagnaðarefni að stjórnvöld hafi skilning á þessari þörf.“

Hann segir að þessara auknu fjárveitinga muni sjá stað í starfsemi spítalans hægt og bítandi allt næsta ár. „Það tekur tíma að kaupa inn tæki, fara með þetta í útboð og annað. Sú vinna hefst strax í dag.“ - sh



**ÁNÆGÐUR** Forstjóri Landspítalans segir að undirbúningur fyrir tækjakaupin hafi hafist í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frumvarp í Frakklandi:

# Samkynhneigðir fái að giftast

**FRAKKLAND Ríkisstjórn Frakklands hefur lagt til að samkynhneigðum verði bæði leyft að ganga í hjónaband og ættleiða börn. Frumvarp þess efnis verður lagt fram í janúar. Fjölmargir hafa lýst yfir andstöðu við þessi áform, þar á meðal Kaþólska kirkjan. Efnt hefur verið til mótmæla í tugum franskra borga og bæja.**

**Francois Hollande Frakklandsforseti segir þessa breytingu verða til mikilla framfara, „ekki aðeins fyrir einstaklinga heldur fyrir samfélagið allt“.** - gb




Bryndísi Loftsdóttur í 4.-6. sæti

í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi 10. nóvember

XD


# Skýrir stöðu Eirar fyrir fjárlaganefnd

**Framkvæmdastjóri Eirar kallaður fyrir fjárlaganefnd á morgun. Málið nefndinni skylt enda fær hjúkrunarheimilið framlög á fjárlögum, segir formaðurinn. Stofnendur og íbúar fylgjast með og bíða fundar stjórnar, sem var frestað.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Framkvæmdastjóri Hjúkrunarheimilisins Eirar mun koma fyrir fjárlaganefnd Alþingis á morgun til að ræða stöðuna sem upp er komin þar. Hjúkrunarheimilið er tæknilega gjaldþrota og skuldar íbúum tvo milljarða króna og öðrum kröfuhöfum sex milljarða.

Sigurður Rúnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Eirar, segir að verið sé að vinna að lausn málsins og ræða við hagsmunaaðila. Þeim sé öllum haldið upplýstum jafnóðum. „Við verðum bara að reyna að leysa þetta. Það er ekkert annað í boði.“ Sigurður kom til starfa hjá Eir um áramótin og stöðvaði allar greiðslur þegar honum varð staðan þar ljós.

Sigurður, sem var um árabil ritari fjárlaganefndar Alþingis, mun koma fyrir nefndina á morgun. „Okkur er málið skylt. Eir fær fjármuni af fjárlögum, einn og hálfan milljarð í ár í formi daggjalda og annars,“ segir Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar. Þá nefnir hann að byggingar hafi verið fjármagnaðar af Íbúðalánasjóði og fengið framlög úr framkvæmdasjóði aldraðra auk þess sem ýmsir samningar hafi verið gerðir við Eir. „Við berum ábyrgð á því að hafa eftirlit með framgangi fjárlaga og meðferð fjármuna ríkisins. Á þeim grunni er hann boðaður á fund.“

Björn Valur segir að óskað verði eftir því að Sigurður upplýsi nefndina um stöðu mála og hvort hætta sé á því að Eir verði gjaldþrota. „Og svo væntanlega í kjölfarið hver aðkoma okkar gæti verið ef einhver, með það í huga að sjá til þess að íbúar fái það sem



**HJÚKRUNARHEIMILIÐ** Unnið er að lausn mála og stjórnarfundar á mándaginn er beðið.



... tóku við fjármunum alveg fram á mitt þetta ár vitandi að það var allt farið fjandans til.

**BJÖRN VALUR GÍSLASON**
ÞINGMAÐUR OG FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR ALÞINGIS

þeim var lofað, þjónustu og geti búið áfram í sínum íbúðum.“

Hann hefur verið harðorður í garð fyrrverandi stjórnenda. „Enda vissu menn nákvæmlega hvað þeir voru að gera, tóku við fjármunum alveg fram á mitt þetta ár vitandi að það var allt farið fjandans til. Það á ýmislegt meira örugglega eftir að koma í ljós ef málið verður rannsakað, sem ég held að sé óhjákvæmilegt,“ segir Björn Valur um þessi ummæli.

Halda átti fund í stjórn Eirar í dag en honum var frestað fram til mánudags. Hagsmunaaðilar bíða nú fundarins, en það var stjórnin sem óskaði eftir fjárhagslegri úttekt frá Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun hafnaði þeirri beiðni og telur sig ekki hafa umboð til að endurskoða húsrekstrarsjóð Eirar.

Þá er verið að undirbúa fulltrúaráðsfund Eirar, sem haldinn verður í lok mánaðarins. Í ráðinu eiga sæti stofnendur Hjúkrunarheimilisins, meðal annars Reykjavíkurborg, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson stjórnarformaður er einnig formaður fulltrúaráðsins.

thorunn@frettabladid.is


DELL Latitude E5430

Öflugur vinnuhestur

á góðu verði



Styrkt umgjörð tölvunnar hentar vel fólki á ferðinni.

Listaverð ~~239.990~~ kr. stk.

1-9 tölvur 159.900 kr. stk.

10+ tölvur 149.900 kr. stk.

Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is

Öll verð eru með vsk.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000

advania
Welcome to IT



Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir


Rektor Háskóla Íslands segir stefna í óefni vegna fjárskorts skólans:

# Þurfa 600 milljónir til viðbótar

**MENNTUN** Háskóli Íslands (HÍ) þarf 600 milljónir króna hið minnsta til að geta sinnt hlut sínu. Þetta segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ.

Fjárskortur á háskólasviði hefur verið í umræðunni vegna erfiðrar stöðu Háskólans í Reykjavík (HR). Meðal annars gagnrýndi rektor HR, í viðtali við Fréttablaðið fyrr í haust, að niðurskurður á ríkisframlögum til HR hafi verið meiri en til ríkisháskóla. Árið 2010 hafi HR aðeins fengið fjórtán prósent framlaga þrátt fyrir að útskrifa átján prósent háskólanema.

Kristín segir framlög til HÍ hafa lækkað um átján prósent að raunvirði frá hruni, þrátt fyrir að nemendum hafi á sama tíma fjölgað um átján prósent.




**FJÁRÞURFI** Rektor segir HÍ þurfa 600 milljónir til að geta sinnt hlutverki sínu.

„Ef við berum tekjur HÍ saman við meðaltekjur háskóla í OECD-ríkjunum vantar um fjóra milljarða upp á hjá okkur,“ segir Kristín og bætir við að HÍ hafi einsett sér að sækja um þriðjung af þeim mismun í formi sértekna, til dæmis í gegnum rannsóknarsjóði. Mikið standi þó enn út af.

„Við leggjum áherslu á að tekjur okkar hækki að lágmarki um 600 milljónir frá því sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi,“ segir Kristín. Þeir fjármunir séu vegna greiðslu fyrir um 600 nemendur sem nú sé ekki greitt með, hækkunar launa stundakennara og kaupa á mikilvægum tækjabúnaði.

Kristín segir að þrátt fyrir það hafi HÍ getað sótt fram í vísinda- og fræðastarfi og komist í hóp 300 bestu háskóla heims.

„Þetta höfum við byggt á vilja og áhuga starfsfólks en það er ekki lengur hægt og nú verðum við að snúa við blaðinu því það er svo mikið í húfi þegar litið er til framtíðar.“ - þj


BARNADAGAR
20% AFSLÁTTUR
af öllum leikföngum
...barnafatnaði ...barnaskóm
8. - 11. nóvember
20% AFSLÁTTUR
af öllum barnafatnaði
NIKKO
RADIO CONTROL
Keel Toys
LEGO Friends
LEGO NINJAGO
LEGO
Littlest PetShop
20% AFSLÁTTUR
af öllum leikföngum
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvaða heimsþekkti raftónlistarmaður og bassaleikari treður upp á Sónar-hátíðinni í Hörpu í febrúar?
2. Hverjir eru nýráðnir dagskrárstjórar RÚV?
3. Hver var valinn besti leikmaður októbermánaðar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta?

**SVÖR:**

1. Squarepusher 2. Margrét Marteinsdóttir og Skarphéðinn Guðmundsson 3. Juan Mata

Stapi lífeyrissjóður telur FME hafa staðið ólöglega að yfirtöku á Straumi Burðarási:

# Stapi krefur ríkið um milljarða króna

**DÓMSMÁL** Stapi lífeyrissjóður hefur krafið ríkið um sex milljarða króna vegna ólögmætrar mismununar í tengslum við slit fjárfestingarbankans Straums Burðaráss. Þetta kom fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær.

Fram kom í fréttinni að lögfræðingur Stapa hefði sent fjármálaráðherra bréf með kröfunni og biði nú svars. Krafan byggir á því mati Stapa að Fjármálaeftirlitið (FME) hafi staðið ólöglega að yfirtöku sinni á Straumi Burðarási í mars 2009.

**6** milljarðar króna er upphæð kröfu Stapa á hendur ríkinu vegna ólögmætrar mismununar.

Við yfirtöku FME á Straumi Burðarási var stærstur hluti innlána bankans færður yfir til Íslandsbanka. Innlán Stapa og nokkurra annarra aðila voru hins ekki færð til Íslandsbanka heldur urðu eftir í Straumi Burðarási, sem síðar breyttist í ALCM.

Að mati Stapa var um stjórnsýsluathöfn að ræða og þar með ljóst að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar gilti um hana. Eitt hefði því átt yfir alla að ganga við færslu innlána. Þá telur Stapi einnig að þau lög um slitameðferð sem stuðst var við þegar Straumi Burðarás var slitið standist ekki tilskipun Evrópusamabndsins um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

- mþl

Danski þjóðarflokkurinn:

# Hraðskilnaðir slæm hugmynd

**DANMÖRK Danski þjóðarflokkurinn varar við tillögu stjórnvalda um að leyfa svokallaða hraðskilnaði og afnema þar með tímabilið sem fólk er skilið að borði og sæng.**

**Fulltrúi Danska þjóðarflokksins, Mette Hjermind Dencker, segir að skilnuðum muni fjölga mjög verði tillagan samþykkt. Breytingin yrði líka dýrari fyrir skattgreiðendur. Dencker bendir á að nú hætti um tuttugu prósent þeirra sem fá skilnað að borði og sæng við lögskilnað.**

- ibs


Fundaröð um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands

Ferill - Inntak og eðli breytinga - Áhrif á stjórnskipun

Fyrir dyrum standa grundvallarbreytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Mikilvægt er að fram fari á næstu vikum fræðilegar umræður um ferlið sjálft og inntak og eðli þeirra breytinga á stjórnarskránni sem lagðar eru til í tillögum stjórnlagaráðs.

Í fundaröð sem haldin verður í nóvember 2012 til mars 2013, munu fræðimenn háskólanna í lögfræði, stjórnmálafræði, heimspeki, sagnfræði og tengdum greinum, sem stundað hafa rannsóknir á þessu sviði, fjalla um ferlið fram að þessu og einstaka þætti í fyrirliggjandi tillögum.

Fundur 1 Föstudaginn 9. nóvember kl. 12-14 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Eru þingmenn bundnir af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á íslensku stjórnarskránni?

Hvernig er stjórnarskrá breytt? Hvaða þýðingu hefur ferlið til þessa? Hvar erum við stödd?

Framsögumenn og þátttakendur í pallborði


Björg Thorarensen


Ólafur Þ. Harðarson


Indriði H. Indriðason


Gunnar Helgi Kristinsson


Róbert R. Spanó

Fundarstjóri: Róbert R. Spanó, prófessor, forseti Lagadeildar HÍ

Næstu fundir:

*Miðvikudaginn 5.desember 2012* - **Ráðherrar og ríkisstjórn**
Starfshættir ríkisstjórna – Stjórnarmyndanir – Réttarstaða forsetans - Skipun embættismanna

*Miðvikudaginn 16. janúar 2013* - **Stjórnarskráin og lýðræðið**
Kosningakerfið – Persónukjör – Þjóðaratkvæðagreiðslur

*Miðvikudaginn 30. janúar 2013* - **Hlutverk og staða Alþingis í nýrri stjórnarskrá**
Löggjafarhlutverkið - Eftirlit Alþingis með stjórnvöldum - Nýtt hlutverk forseta Alþingis - Samspil Alþingis og kjósenda í ákvarðanatöku

*Miðvikudaginn 13. febrúar 2013* - **Mannréttindi í stjórnarskrá**
Er vernd mannréttinda áfátt samkvæmt núverandi stjórnarskrá? – Hvert er markmið tillagna um breytingar? – Mannréttindi og náttúra – Tengsl við alþjóðlega mannréttindasamninga

*Miðvikudaginn 13. mars 2013* - **Ísland, fullveldið og alþjóðasamfélagið**
Fullveldið og utanríkismál í stjórnarskránni – Að hvaða marki leyfir stjórnarskráin framsal ríkisvalds? – Ákvörðun um aðild að ESB og áhrif á íslenska stjórnskipun

Að fundaröðinni standa Lagadeild, Stjórnmálafræðideild og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri.

Fundirnir eru öllum opnir – Allir velkomnir.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY · Háskólinn á Akureyri · HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY · HÁSKÓLI ÍSLANDS




**Í ÁLFSNESI** Svona er umhorfs inni í hreinsistöð Sorpu í Álfsnesi þar sem metangas úr ruslahaugnum er hreinsað til að það henti á bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vonast til aðkomu græns sjóðs ríkisins

**Mikill ávinningur er að nýrri gasgerðarstöð segir stjórnarformaður Sorpu. Sveitarfélögin sem standa að Sorpu fara nú yfir valkosti í rekstri og fjármögnun.**

**ORKUMÁL** Stefnt er að því að ný gasgerðarstöð fyrir lífrænan úrgang verði reist á umráðasvæði Sorpu í Álfsnesi. Með slíkri stöð mætti allt að þrefalda gasframleiðslu fyrirtækisins. Í nýjasta tölublaði FÍB blaðsins, sem Félag íslenskra bifreiðaeigenda gefur út, er gagnrýnt að ekki liggi fyrir hvar, hvernig eða hvenær nýja gasgerðarstöðin rísi. Vara þurfi fólk við kaupum á metanbílum ef gasskortur sé fyrirséður á markaði.

Oddný Sturludóttir, stjórnarformaður Sorpu, segir mikið verk hafa verið unnið hjá stjórn Sorpu í metanmálum og blað brotið með stefnumótun stjórnar í þeim efnum síðasta vor. Ein meginniðurstaða hennar hafi verið að gasgerðarstöð væri langbesta leiðin til þess að mæta markmiðum um að draga úr urðun og búa til verðmæti úr ruslinu, um leið og svarað væri kalli eftir meira metani.

Í stefnumótuninni kemur fram að miðað við sölutölur ár aftur í tímann verði búið að fullnýta framleiðslugetu Álfsness um mitt næsta ár. Frekari stækkun gashreinsistöðvar Sorpu geti þó minnkað líkur á að skortur myndist. Þá hafa fleiri boðað framleiðslu á metani á næstunni, svo sem metanorkuverið að Melum í Hvalfjarðarsveit, sem hefja á framleiðslu á næsta ári.

Oddný segir að í vor hafi strax verið hafist handa við að búa til rekstraráætlanir og huga að fjármögnun nýju gasgerðarstöðvarinnar. Um tvo milljarða króna kosti að byggja svona stöð en þeim kostnaði mætti skipta í tvennt á meðan stöðin yrði reist í tveimur áföngum. „Við höfum sýnt því mikinn áhuga að græni fjárfestingarsjóðurinn sem ríkisstjórnin hefur talað um að koma á legg geti orðið hluti af fjárfestingarpakkanum til að byrja með,“ segir hún. Nokkrar leiðir til uppbyggingarinnar hafi nú verið lagðar á borð eigenda Sorpu. Þær verði á næstu vikum og mánuðum teknar fyrir í bæjarráðum og borgarráði áður en ákveðið verði endanlega hver þeirra verði ofan á. Viðræður um aðkomu ríkisins hafi þegar verið hafnar.

„Við í Sorpu höfum hins vegar haldið því mjög á lofti að gasgerðarstöð er eina raunhæfa leiðin til að mæta öllum þessum markmiðum, að losna við úrgang á mjög umhverfisvænan og hagkvæman hátt og fá út úr því á móti tvær afurðir, annars vegar metan og hins vegar frábæran jarðvegsbæti sem getur farið í að græða hér upp örfokaland.“

> 
> Gasgerðarstöð er eina raunhæfa leiðin til að mæta öllum þessum markmiðum.
>
> **ODDNÝ STURLUDÓTTIR**
> STJÓRNARFORMAÐUR SORPU

olikr@frettabladid.is

**20-70% afsláttur**

**8.-10. nóvember**

# LAGERÚTSALA

## Rýmum fyrir nýjum vörum



Allt að **50%** af heilsudýnum



**Fyrstir koma fyrstir fá**



**Takmarkað magn**

## Tilboðsverð á Valhöll heilsudýnum*

*aðeins meðan birgðir endast

| Stærð | Dýnuverð | Verð áður | Tilboðsverð með PU botni og fótum |
|---|---|---|---|
| 80x200 | 29,900 | 69,900 | 64,900 |
| 90x200 | 34,900 | 74,900 | 66,900 |
| 120x200 | 44,900 | 89,900 | 79,900 |
| 140x200 | 49,900 | 94,900 | 84,900 |
| 153x200 | 49,900 | 99,900 | 89,900* |

*Örfá eintök



**Sýningareintök**
af Boas hægindasófum
og stólum á tilboði
Aðeins örfá eintök



**Frábært tilboð**
á Milano svefnsófanum
í gráu og dökkbrúnu
Aðeins nokkrir til

**30%** afsláttur af lökum og hlífðardýnum á meðan útsölu stendur




**Kletthláls 13**

**Sími lagerútsölunnar er 660 0023**

www.svefn.is

**Svefn & heilsa**

**fimmtud. 8. nóv. 12-18**
**föstud. 9. nóv. 12-18**
**laugard. 10. nóv. 12-16**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

# NÓVEMBER TILBOÐ

## GERÐU FRÁBÆR KAUP

Allt að 80% lánamöguleikar

**Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á tilboði í nóvember!**




HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 05/11, ekinn 36 þús km.
bensín, beinskiptur
Rnr.190664.

Frábær kaup kr.
**2.090 þús.**



NISAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 46 þús. km.
bensín, beinskiptur.
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**
Rnr.200929



HYUNDAI i10 GL
Nýskr. 10/10, ekinn 42 þús. km.
bensín, beinskiptur.
**TILBOÐ kr. 1.380 þús.**
Rnr.190643




SUZUKI GRAND VITARA LUX
Nýskr. 06/10, ekinn 36 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**TILBOÐ kr. 3.390 þús.**
Rnr.151480.



CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 30 þús. km.
bensín, beinskiptur.
**TILBOÐ kr. 1.590 þús.**
Rnr.280227.



TOYOTA COROLLA TERRA
Nýskr. 06/09, ekinn 66 þús km.
dísel, beinskiptur
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**
Rnr.102143




NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 03/11, ekinn 11 þús. km.
bensín, beinskiptur.
**TILBOÐ kr. 1.980 þús.**
Rnr.141354.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




Lyfjastofnun svarar fyrir gagnrýni lækna vegna geðklofalyfsins Trilafon:

# Samheitalyf á markað von bráðar

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt samheitalyf geðklofalyfsins Trilafon mun koma á íslenskan markað innan fárra mánaða. Lyfið verður fáanlegt í undanþágukerfi stofnunarinnar fram til þess tíma.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá Lyfjastofnun. Tilefnið er umfjöllun Fréttablaðsins um gagnrýni lækna á að framleiðslu geðlyfsins Trilafon hafi verið hætt og ekkert samheitalyf komi í staðinn. Það sé tímafrekt ferli sem fylgi útgáfu undanþágulyfseðla fyrir samheitalyf, sem mögulega reynast sjúklingum ekki eins vel.




**SAMHEITALYF BRÁTT Á MARKAÐ** Samheitalyf geðklofalyfsins Trilafon kemur á markað innan fárra mánaða.

Helga Þórisdóttir, settur forstjóri Lyfjastofnunar, segir stofnunina leggja áherslu á að framleiðendur eða umboðsmenn þeirra láti vita með eins löngum fyrirvara og mögulegt er ef fyrirséð er að afskráning lyfs geti haft veruleg áhrif.

„Að því er Trilafon varðar greindi umboðsmaður framleiðandans Lyfjastofnun frá því þann 10. október síðastliðinn að framleiðslu Trilafon hefði verið hætt og að lyfið yrði tekið af markaði á heimsvísu,“ segir Helga.

Læknum hafi verið greint frá því í bréfi frá umboðsmanni Trilafon og Lyfjastofnun þar sem einnig kom fram að þegar sölu verður hætt verði mögulegt að útvega samheitalyf með undanþágulyfseðli. Alla jafna fari umfjöllun um undanþágulyfseðla vegna Trilafon fram sama dag og hann berst Lyfjastofnun. **- sv**



**STEFNU VANTAR** Sex af hverjum tíu löndum heims hafa opinbera geðheilbrigðisstefnu og um 70 prósent hafa geðheilbrigðisáætlun. Ísland hefur hvorugt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Engin stefna fyrir geðheilbrigðismál

**Á Íslandi er engin sérstök geðheilbrigðisstefna eða áætlun er varðar geðheilsu. Sárvantar inn í kerfið, segja forsvarsmenn geðheilbrigðismála. Velferðarnefnd mun leggja fram ályktun samhliða nýrri heilbrigðisáætlun á næstunni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin opinber geðheilbrigðisstefna er til staðar á Íslandi og engri sérstakri geðheilbrigðisáætlun er fylgt innan opinbera heilbrigðiskerfisins. Forsvarsmenn geðheilbrigðismála í landinu telja þörf á slíkri áætlun og viðruðu þær skoðanir sínar á fundi velferðarnefndar Alþingis í síðustu viku.

Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans (LSH), bendir á að slík stefna sé mikilvægt tæki til skipulagningar geðheilbrigðisþjónustu og einn af þeim mælikvörðum sem árangur sé mældur eftir. Sex af hverjum tíu löndum innan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar hafi geðheilbrigðisstefnu og 71 prósent hafa geðheilbrigðisáætlun.

Sérstakri geðheilbrigðisáætlun er þó fylgt innan LSH, sem var mótuð árið 2009 af fjölda einstaklinga innan og utan spítalans.

„Vegna sérstöðu geðheilbrigðismála, þar sem um er að ræða flókinn og viðkvæman málaflokk sem snertir mjög marga og er á mörkum heilbrigðis- og félagsþjónustu, þá hníga rök að því að hafa sérstaka geðheilbrigðisstefnu, aðskilda frá almennri heilbrigðisstefnu,“ segir Páll.

Hann segir kafla um geðheilsu í drögum að heilbrigðisáætlun til ársins 2020 ómarkvissan.

„Mælikvarðar eru mjúkir, óljósir og sumir sérviskulega valdir,“ segir hann. „Varðandi aðgerðir er orðalag óljóst. Talað er um að berjast gegn fordómum, þegar gagnreyndar heimildir sýna að mun árangursríkara er að berjast gegn mismunun, sem er birtingarform fordóma en mun auðveldara að mæla. Aðrar velmeinandi athugasemdir í kaflanum eru gagnslitlar án leiða til að mæla árangur.“

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingar og formaður velferðarnefndar, segir að þegar heilbrigðisáætlunin verði lögð fyrir þingið á næstunni sé eðlilegt að taka afstöðu til þess hvort leggja eigi fram sér stefnu eða samhliða sérstaka geðheilbrigðisstefnu með áætlun.

„Það þarf að viðurkenna geðheilbrigðismál og samnýta betur þær stofnanir sem þau varða,“ segir hún. „Þetta er stórt lýðheilsumál í samfélaginu og með aukinni samvinnu væri hægt að nýta fjármuni betur.“

Að mati Sigríðar ætti geðheilbrigðisstefna að vera skilin frá almennri heilbrigðisáætlun til að byrja með. Hún telur það eðlilegt hlutverk velferðarnefndar að taka þátt í að draga málaflokkinn fram í dagsljósið og beita sér fyrir mótun geðheilbrigðisstefnu.

**sunna@frettabladid.is**

## Nauðsynlegt að hrista upp í kerfinu

Eva Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, var gagnrýnin á heilbrigðisáætlun ríkisins á fundi velferðarnefndar og segir í hana vanta mikilvæg atriði eins og árangursmælingar. Þá bendir hún á að heilsugæslan ætti að virka mun betur, sérstaklega þar sem hún eigi að vera fyrsti punkturinn í kerfinu sem fólk leiti til vegna geðheilbrigðismála. Sérstök geðheilbrigðisáætlun sé mikilvægt tæki til að hjálpa við að endurskoða kerfið, sem sé komið til ára sinna.

„Fólk hefur ekki efni á sálfræðingum svo vandamálin verða stærri en þau þurfa að vera. Fólk fær ekki hjálp í tæka tíð,“ segir Eva. „Geðheilbrigðismál eiga að vera í heildarstefnumótun um heilbrigðismál, en nú er þannig komið fyrir málaflokknum að það er nauðsynlegt að hugsa hlutina upp á nýtt og koma með sjálfstæða stefnumótun. Þetta verður mjög gott skref í því að hrista upp í kerfinu og gera það skilvirkara.“



**PÁLL MATTHÍASSON**



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**

**6** af hverjum tíu löndum innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hafi geðheilbrigðisstefnu og 71% hafa geðheilbrigðisáætlun.

# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að **35%** afsláttur!





**KY-001** stærð: 130 x 48 sm

verslið þar sem úrvalið er!

**S-0916** stærð: 100 x 46 cm









**Speglaskápar m/ljósi**

stærðir: 60 - 80 - 90 - 100 - 120 sm
hæð: 60 og 70 sm, dýpt: 15 sm
útlit: eik eða hvítt

**M-7197** stærð: 54 x 31 sm

**S-9010** stærð: 60 x 46 sm

**BN-600** stærð: 60 x 39 sm

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

**www.i-t.is**

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# neytendur
hagur heimilanna

**6,25% ER SÚ HLUTFALLSLEGA LÆKKUN** sem orðið hefur á verði hveitis síðustu þrjú ár.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### Stöku sokkavandræði

*Passa þarf að þeir skiljist ekki að í þvotti*



Á hverju heimili má finna hrúgu með stökum sokkum. Þeir eru vandamál út af fyrir sig. Þá vita margir fátt leiðinlegra en að reyna að þvotti loknum að para saman ótal samlita sokka þannig að úr verði pör.

Slá má tvær flugur í einu höggi með því að nota öryggisnælur (sikkrisnælur) til þess að næla saman hvert par á tánum áður en sokkarnir eru settir í þvottavélina. Þannig ætti vandamál stakra sokka að vera úr sögunni, sem og leiðindin við pörunina eftir þvott.

## Símaskrárþykkur biðlisti eftir nýjum linsulokum

Beco greinir frá því á Facebooksíðu sinni að biðlisti eftir nýjum linsulokum frá Canon (Lens Cap Mark II) sé orðinn á við símaskrá að þykkt. Mögulega er þar aðeins fært í stílinn, en um leið rétt að nýju lokanna hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu. Nýbreytnin í Mark II-lokunum er að komið hefur verið fyrir smellubúnaði á lokinu miðju þannig að auðveldara er að smella lokinu af og á. Ný lok eiga að fást frá og með janúar næstkomandi, að því er fram kemur á „munnmælavef um Canon-málefni“, *canonrumors.com*.

# Helmingi ódýrara að þvo sjálfur

**Það getur verið um helmingi ódýrara að þvo bílinn sinn sjálfur í þvottastöð sem býður upp á slíkt en að láta þvo bílinn í svokallaðri burstastöð. Ný könnun Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, sýnir jafnframt talsverðan mun á verði burstastöðvanna.**



**BÍLLINN ÞVEGINN** Mínútan á þvottastöðvum N1 kostar 100 krónur.

Mínútan á þvottastöðvum N1, þar sem menn þvo bílinn sjálfir, kostar 100 krónur, að sögn Jóhanns P. Jónssonar, umsjónarmanns þvottastöðvanna. „Meðalþvottatíminn fyrir venjulegan fólksbíl er 10 mínútur þannig að þvotturinn kostar þá þúsund krónur.“

Að sögn Jóhanns hafa menn aðgang að tjöruleysi, háþrýstitæki með sápu í, kústi með sápu í, hreinu vatni í háþrýstitæki og háþrýstitæki með bóni.

Hjá Löðri kosta 50 sekúndur 100 krónur og er svipaður búnaður í boði og hjá N1.

Aki menn bílnum sínum í burstastöð er þjónustan talsvert dýrari. Tjöruhreinsun, þvottur, bón og blástur kostar 1.990 krónur fyrir fólksbíla hjá N1 en 2.490 krónur hjá Löðri, samkvæmt könnun FÍB. Löður býður félögum í FÍB 200 króna afslátt.

Vetrarþvottur hjá Shell kostar 1.590 krónur fyrir alla bíla og lúxusvetrarþvottur 2.190 krónur.

Hjá bílaþvottastöðinni Glans er verðið 2.190 krónur fyrir fólksbíl. FÍB-afslátturinn hjá Glans er 25 prósent.

Hjá Bón- og þvottastöðinni er afsláttur félagsmanna í FÍB 15 prósent. Þar handþvo starfsmenn bílinn.

Á vefsíðu Umhverfissviðs Reykjavíkur er bent á að þeir sem þvo bílinn sinn heima þurfi alltaf að nota umhverfisvæn bílaþvottaefni. Bílasápur og olíuhreinsiefni innihalda efni sem geta verið skaðleg umhverfinu. Við bílaþvott á götunni eða í innkeyrslunni rennur þvottavatnið ásamt olíuleifum og þungmálmum sem losna við þvott beint í niðurföll og berst með lögnum út í sjó.

ibs@frettabladid.is

**Verðkönnun FÍB á bílaþvotti**

| | Fólksbílar | Jepplingar | Jeppar, pall- og sendibílar |
|---|---|---|---|
| Löður | 2.490 kr. | 2.890 kr. | 3.190 kr. |
| Bón- og þvottastöðin | 2.150-2.550 kr. | 2.750 kr. | 2.950 kr. |
| Höldur | 2.880 kr. | 2.880 kr. | 3.780 kr. |
| N1 | 1.990 kr. | 1.990 kr. | 1.990 kr. |
| Glans | 2.190 kr. | 2.190 kr. | 2.390 kr. |

*Verðið hjá Shell getur verið 1.590 til 2.190 krónur fyrir allar bílastærðir.*



CLARINS

# Jólagjafaöskjurnar
## eru komnar í Hagkaup

Af því tilefni bjóðum við 20% afslátt af Clarins vörum dagana 8.-14. nóvember ásamt fallegri gjöf handa þér þegar þú verslar fyrir 6.900 kr. eða meira*. Kaupaukinn inniheldur: 30 ml. af Multi Active dagkremi ásamt 50 ml. af Hand and Nail Treatment í fallegri snyrtibuddu*.






**FYRIR LÍKAMANN GJAFAASKJA**
Snyrtitaska sem inniheldur hið sívinsæla Moisture Rich Body Lotion sem mýkir og nærir þurra húð. Í töskunni er einnig ferðastærð af bað- og sturtugeli og líkamsskrúbbi.
Verð án afsláttar 5.779,-

**WONDER PERFECT MASCARA GJAFAASKJA**
Vinsælasti maskarinn frá Clarins sem þykkir, lengir og sveigir augnhárin. Kemur í fallegri tösku ásamt ferðastærð af Instant Smooth sem dregur sýnilega úr fínum línum (notað undir farða) og Eye Revive Beauty Flash sem endurnærir, þéttir og lýsir upp augnsvæðið.
Verð án afsláttar 3.999,-



**MULTI ACTIVE GJAFAASKJA**
Krem fyrir 30 ára og eldri sem fyrirbyggir öldrun húðarinnar með því að næra hana og vernda. Taskan inniheldur 50ml. af Multi Active dagkremi fyrir allar húðtegundir, 10ml. af fegrunardropum og 15ml. af næturkremi.
Verð án afsláttar 8.759,-





**EXTRA FIRMING GJAFAASKJA**
Þessi taska inniheldur vinsælasta kremið í sínum flokki og tölfræðin segir að eitt slíkt krem er keypt á 8 sekúndna fresti. Gefðu gjöfina sem stinnir og sléttir húðina. Í þessari tösku er 50ml. af uppbyggjandi dagkremi fyrir allar húðtegundir og ferðastærð af serum og næturkremi fylgja með. Ætlað fyrir 40 ára og eldri.
Verð án afsláttar 10.699,-



**HYDRAQUENCH GJAFAASKJA**
HydraQuench Cream 24 stunda rakabomba fyrir allar húðgerðir og allan aldur. Snyrtitaskan inniheldur 50ml. af HydraQuench kremi og ferðastærð af serum og rakamaska. Þessi lína er sérstaklega hönnuð til að gefa mikinn raka og veitir vörn gegn kulda.
Verð án afsláttar 7.879,-

Einnig aðrar gerðir af gjafaöskjum.

**LÍKAMI OG ANDLITS GJAFAASKJA**
Falleg snyrtitaska með vinsælustu vörunum frá Clarins. Taskan inniheldur: Beauty Flash Balm í fullri stærð, einstakt fegrunarkrem sem eyðir öllum þreytumerkjum samtundis. Hand and Nail treatment í fullri stærð, ómissandi handáburður sem mýkir hendur og styrkir neglur og naglabönd. Fótakrem 30ml. sem nærir og gefur raka og mýkir þurrar fætur. 15ml. af HydraQuench serum. 100ml. af Moisture Rich líkamskremi sem mýkir og nærir þurra húð og 75ml. af Pure Melt hreinsigeli.
Verð án afsláttar 9.979,-



*gildir 8.-14. nóvember á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR




198 KR. 398 KR.

LAMBHAGASALAT Í POTTI **198 KR.**
LAMBHAGA SALATBLANDA Í BOXI **398 KR.**




249 KR. 249 KR.

AMERÍSKAR PASTASÓSUR 680 GR 198 KR
BARILLA SPAGHETTI I KG. 249 KR.
BARILLA FUSILLI I KG. 249 KR.




198 KR.

## BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BÓNUS




FROSNAR 900 GR
**KJÚKLINGABRINGUR**
**1498 KR.PK**



**NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR**
**159 KR.KG**



ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE
*UPPSKRIFT:*
WWW.BONUS.IS/UPPSKRIFTIR




Colgate
**COLGATE TANNKREM 2 X 75 ML TÚPUR**
**398 KR.**




**BÓNUS 2 LTR. VATN:**
SÍTRÓNU OG HREINT
**149 KR.**




498 KR.

**HEIMA FERSKAR DÖÐLUR 600 GR** NÝ UPPSKERA




179 KR.

**HEIMA SMJÖRLÍKI** 500 GR




98 KR.

**EUROSHOPPER HVEITI I KG.**



698 KR.

**HEIMA MÖNDLUR** 500 GR

## VERTU VIÐBÚINN VETRINUM




**5 LTR. RÚÐUVÖKVI ÞOLIR 9 GRÁÐU FROST**
**498 KR.**




398 KR.

**LÍFRÆNT SPELT I KG.**
GRÓFT OG FÍNT




298 KR.

**HEIMA KÓKOSMJÖL** 500 GR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1279 KR. KG
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1398 KR. KG
KF FERSKT JURTAKRYDDAÐ HEIÐALAMB
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTASNITSEL
NV FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
1795 KR.KG
798 KR. KG
SS REYKT FOLALDAKJÖT
1398 KR. KG
SS SALTAÐIR LAMBALEGGIR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
NV FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
1795 KR.KG
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
NAUTA Veisla
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
NV FERSKT NAUTGRIPAPIPARSTEIK
1998 KR.KG
NAUTA Veisla
NV FERSKT NAUTGRIPA MÍNÚTUSTEIK
1998 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
NV FERSKT NAUTGRIPAHAKK
1295 KR.KG
ÚRB. HANGILÆRI
2798 KR
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1798 KR
BASMATI HRÍSGRJÓN
259 KR. PK
HEIMA BASMATI HRÍSGRJÓN
5 X 100 GR
FIMMTUDAGUR
Opnum kl.11
jordbær
459 KR. 1.2 KG
FROSIN JARÐARBER
ÓDÝRT KAFFI Í BÓNUS
AÐEINS 10 KR. KAFFIBOLLINN
BÓNUS KAFFI
COFFEE PODS REGULAR
BÓNUS KAFFI 500g
398 KR.
EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR 36 stk.
359 KR.
HEIMA
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
750 GR
598 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**15,75** **MILLJARÐAR KRÓNA** var heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri í október.

# VBS fær milljarða til baka frá Landsbanka

**Héraðsdómur hefur staðfest riftun á 4,3 milljarða tilfærslu frá VBS til þrotabús Landsbankans árið 2009. Færslan átti sér stað eftir að íslenska ríkið ákvað að framlengja líftíma VBS. Virði eignanna hefur rýrnað frá gjörningnum.**

Héraðsdómur Reykjavíkur rifti í gær 4,3 milljarða króna tilfærslu frá VBS fjárfestingarbanka til þrotabús Landsbankans haustið 2009. Landsbankinn þarf að skila eignunum, sem hafa fallið töluvert í verði, til þrotabús VBS.

Forsaga málsins er sú að við bankahrunið varð VBS í raun gjaldþrota. Fjármálaráðuneytið ákvað hins vegar að veita bankanum 26,4 milljarða króna lán í mars 2009 til sjö ára með tveggja prósenta vöxtum, sem var langt undir markaðsvöxtum sem þá voru 12 prósent. Þetta lán gerði VBS kleift að færa 9,4 milljarða króna vaxtaáhrif ríkislánsins afturvirkt í ársreikning sinn fyrir árið 2008. Við það varð eigið fé bankans jákvætt og hann gat haldið áfram starfsemi. VBS gat hins vegar aldrei greitt neitt af láninu og snemma árs 2010 var skipuð slitastjórn yfir bankann.

Þann aukna líftíma sem íslenska ríkið og Fjármálaeftirlitið (FME) veittu VBS með veitingu ríkislánsins nýttu stjórnendur hins vegar til að færa eignir með verðgildi til valdra kröfuhafa. Á meðal þeirra sem högnuðust á þessu var þrotabú Landsbanka Íslands, sem er einnig langstærsti kröfuhafi VBS.

Viðræður um einhvers konar uppgjör milli VBS og þrotabús Landsbankans höfðu hafist skömmu eftir bankahrun. Samkomulag var síðan undirritað 11. ágúst 2009. Í því fólst að tilteknar eignir VBS skyldu settar í nýtt eignarhaldsfélag, sem fékk nafnið Vingþór ehf., og eignarhald þess félags var framselt til þrotabús Landsbankans. Það framsal átti sér stað 13. nóvember 2009. Virði þeirra eigna sem settar voru inn í Vingþór var rúmir 4,3 milljarðar króna. Í staðinn gaf þrotabú Landsbankans eftir kröfur upp á sjö milljarða króna.

Eignirnar sem um var að ræða voru tveir lánasamningar um Grjótháls ehf., metnir á um 1,1 milljarð króna, lánasamningur við Framtíð ehf., metinn á 698 milljónir króna, jörðin Krókur og Gagnheiði 76 á Selfossi, metið á 350 milljónir króna, lánasamningur við BM Vallá, metinn á 441 milljón króna og lánasamningur og ábyrgðarkrafa á Kcaj LLp sem metin var á tæpa 1,8 milljarða króna. Um var að ræða helstu tekjuberandi eignir VBS. Slitastjórn VBS fór fram á riftun á þessum gjörningi og sagði hann mismuna kröfuhöfum. Landsbankinn hefði fengið eignir upp í þorra sinna krafna á kostnað þess að aðrir kröfuhafar myndu fá mun minna en ella upp í sínar kröfur. Slitastjórnin vildi fá 4,3 milljarða króna kröfu í bú Landsbankans viðurkennda sem forgangskröfu og þar af leiðandi fá alla upphæðina greidda út í reiðufé.

Héraðsdómur staðfesti riftun VBS en hafnaði því að hann myndi eignast forgangskröfu í bú Landsbankans. Þess í stað var þrotabúi Landsbankans gert að skila öllu hlutafé í Vingþóri, og þar af leiðandi eignunum, til VBS.

Virði eigna Vingþórs hafa minnkað umtalsvert síðan gjörningurinn átti sér stað, meðal annars vegna gjaldþrots BM Vallár. Um síðustu áramót voru eignir félagsins metnar á 3,2 milljarða króna, eða 1,1 milljarði króna minna en þegar samkomulagið var gert. Handbært fé Vingþórs er þó um 710 milljónir króna.

**thordur@frettabladid.is**



**VBS** Gögn slitastjórnar bankans benda til þess að hann hafi verið ógjaldfær í byrjun árs 2008. Í ágúst 2009 þurfti Seðlabanki Íslands að lána VBS 53 milljónir til að geta greitt starfsmönnum laun. FME tók ekki bankann yfir fyrr en í mars 2010. Hróbjartur Jónatansson er formaður slitastjórnar VBS. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ESA rannsakar lán til VBS

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ákvað fyrir ári síðan að hefja formlega rannsókn á lánveitingum íslenska ríkisins til fjárfestingabankanna VBS, Sögu og Aska Capital. Bankarnir þrír fengu samtals 52 milljarða króna lánaða frá ríkinu í mars 2009. Saga og VBS fengu samtals 46 milljarða króna lánaða. Lánin voru til sjö ára með 2% vöxtum. Markaðsvextir á þeim tíma voru um 12%. Báðir bankarnir tekjufærðu vaxtaáhrif lánsins afturvirkt í ársreikningum sínum fyrir árið 2008. Við það varð eiginfjárstaða bankanna jákvæð og þeir keyptu sér aukinn líftíma.

Leiði skoðun ESA í ljós að ríkisaðstoðin sem bönkunum þremur var veitt brjóti bága við ákvæði EES-samningsins verður óskað eftir því að íslensk stjórnvöld krefji viðtakendurna um endurgreiðslu hennar. Þeir eru allir gjaldþrota.




**SPRON** Í kjölfar falls Spron í mars 2009 voru innlán sjóðsins færð til Arion banka en eignir hans skildar eftir í félagi sem heitir nú Drómi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Héraðsdómur tók fyrir ágreiningsmál Dróma og Arion:

# Vextirnir af tugmilljarða skuld standa

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti á þriðjudag úrskurð Fjármálaeftirlitsins (FME) um vaxtakjör á um 73 milljarða króna skuldabréfi sem gefið var út vegna yfirtöku Arion banka á innlánum Spron.

Arion banki og Drómi stefndu bæði FME og hvort öðru vegna ákvörðunar FME um vaxtakjör á skuldabréfinu. Kvað Héraðsdómur upp úrskurð í báðum málum á þriðjudag.

Forsaga málsins er sú að í mars 2009 ákvað FME að færa innlán Spron yfir til Arion en útlán bankans urðu eftir í félagi sem í dag heitir Drómi. Til að mæta innlánunum, sem eru skuld í efnahagsreikningi Arion, var gefið út skuldabréf sem fært er á eignarhlið Arion.

Virði þess er um 8% af heildareignum Arion banka en í ársreikningi Dróma fyrir árið 2011 er umrædd skuld bókfærð á 73,1 milljarð króna.

Í þeim skilmálum sem settir voru þegar skuldabréfið var gefið út var FME gefið vald til að ákvarða vexti þess. Varð niðurstaðan sú að það skyldi bera fasta árlega Reibor-vexti (vexti á millibankamarkaði með krónur) auk 175 punkta vaxtaálags þar til skuldin væri að fullu greidd. Drómi fór síðar fram á endurskoðun á þeirri ákvörðun og var vaxtaálagið í kjölfarið fellt niður.

Við það sætti Arion sig ekki og höfðaði mál sem Drómi gerði einnig í kjölfarið og krafðist þess að öllum vaxtaákvörðunum varðandi skuldabréfið yrði hnekkt. Nú hefur héraðsdómur hins vegar staðfest úrskurð FME, sem dómurinn taldi byggja á lögmætum grundvelli.

Ekki liggur fyrir hvort dómum héraðsdóms verður áfrýjað. **- mþl**

SVÞ

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERSLA Á ÍSLANDI

Höldum hagkerfinu gangandi og veljum verslun og þjónustu á Íslandi.

**Samtök verslunar og þjónustu**

Frjáls verslun birtir árlegan lista sinn yfir stærstu fyrirtæki landsins:

# Stærstu fyrirtækin farin úr landi

Bakkavör Group var með hæstu veltu allra fyrirtækja sem skráð voru hér á landi á árinu 2011, með veltu upp á ríflega 312 milljarða króna. Þar á eftir kom Actavis Group með tæplega 292 milljarða veltu. Þetta er niðurstaða Frjálsrar verslunar, sem tekur á ári hverju saman tekjur stærstu fyrirtækja landsins.

Ljóst er að ný fyrirtæki munu tróna á toppi listans fyrir árið 2012 þar sem bæði Bakkavör og Actavis hafa flust úr landi. Á hluthafafundi Bakkavarar Group í lok september var samþykkt að slíta hinu íslenska félagi en á móti eignuðust kröfuhafar þess hlut í nýju bresku móðurfélagi Bakkavararsamsteypunnar. Þá hefur bandaríska samheitalyfjafyrirtæki Watson keypt Actavis.



**ÁLVERIÐ Á GRUNDARTANGA** Ekkert íslenskt félag hagnaðist meira en Norðurál Grundartangi ehf. á árinu 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þau fyrirtæki sem næst koma á lista Frjálsrar verslunar eru Marel, Promens hf. og Icelandair Group. Tekjur Marels á árinu 2011 námu tæplega 108 milljörðum króna en tekjur Promens og Icelandair voru um 99 milljarðar annars vegar og um 97 milljarðar hins vegar. Promens og Icelandair Group komu ný inn á lista fimm stærstu fyrirtækja landsins.

Alls 300 fyrirtæki eru á lista Frjálsrar verslunar. Fyrirtækjunum er raðað eftir veltu á árinu 2011 en einnig eftir hagnaði og nokkrum fleiri mælikvörðum.

Það íslenska fyrirtæki sem hagnaðist mest á árinu 2011 var Norðurál Grundartangi ehf. með um 11,5 milljarða króna hagnað. Þar á eftir komu Samherji, með 11,1 milljarðs hagnað, Landsbankinn, með 10,1 milljarðs hagnað, Arion banki, með 8,3 milljarða hagnað, og Marel með 7,1 milljarðs hagnað. **- mþl**


GÖNGUSKÓR
SEM BÆTA
ÚTSÝNIÐ
PRO/ICE GÖNGUSOKKAR FYLGJA
ÖLLUM GÖNGUSKÓM TIL SUNNUDAGS
Fáðu aðstoð við valið á réttu gönguskónum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
NEPALKYNNING Í GLÆSIBÆ KL. 17 Í DAG
Helgi Ben. sýnir myndir og kynnir ævintýralegar gönguferðir.
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
www.utilif.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skattahækkunum skellt á ferðaþjónustuna:

# Burt með fjárfesta og ferðamenn

Núverandi ríkisstjórn gaf í upphafi fögur fyrirheit um að efla erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Flestir vita hvernig það hefur farið; erlenda fjárfestingin hefur orðið mun minni en hún gæti verið, meðal annars vegna stöðugra breytinga á rekstrarumhverfi og regluverki, fjandsamlegra yfirlýsinga ráðamanna í garð fjárfesta, tilhneigingar til að breyta reglum eftir á, hótana um eignaupptöku og þannig mætti áfram telja.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Erlendur fjárfestir brá ljósi á þessa mótsagnakenndu stefnu í grein í Fréttablaðinu í fyrradag. Þar skrifaði Dag Andre Johansen, framkvæmdastjóri og eigandi RAC Skandinavia, um „einkennilega reynslu sína“ af því að vera fjárfestir á Íslandi.

RAC keypti ráðandi hlut í Alp hf., sem rekur Budget- og Avis-bílaleigurnar á Íslandi, síðastliðið sumar. Johansen segir suma hafa efazt um að íslenzk fyrirtæki væru góður fjárfestingarkostur, meðal annars vegna gjaldeyrishaftanna. En þar sem atvinnustefna stjórnvalda hafi verið að leggja mikla áherzlu á ferðaþjónustu hafi forsendurnar þótt hagstæðar. Hluturinn var keyptur og fjárfestingin bundin til fimm ára samkvæmt lögum um gjaldeyrisútboð.

Eftir að hafa verið lokkaður til að kaupa stóran hlut í íslenzku fyrirtæki, annars vegar með reglunum um gjaldeyrisútboð og hins vegar með fögrum fyrirheitum stjórnvalda um eflingu ferðaþjónustunnar, er ekkert skrýtið að Johansen segist hafa orðið hissa þegar því var skellt á hann í fjárlagafrumvarpinu að snarhækka ætti vörugjöld á bílaleigubíla.

„Ég get fullvissað ykkur um að í samkeppnislöndum Íslands, í Skandinavíu, tíðkast ekki að stjórnvöld reki slíkan fleyg í eina atvinnugrein með svo dramatískum hætti og með jafnskömmum fyrirvara og boðað er,“ skrifar Johansen. Hann rekur síðan hvaða afleiðingar vörugjaldalækkunin sé líkleg til að hafa. Verð þjónustunnar muni væntanlega hækka, sem muni fækka ferðamönnum. Þá geti bílaleigurnar þurft að leggja á kílómetragjald, sem þýði að ferðamenn dreifist síður um landið.

Allt er þetta í beinni andstöðu við ferðamálaáætlun sömu stjórnvalda og áforma að hækka skattinn, en í henni er kveðið á um að tryggja eigi samkeppnishæfni greinarinnar, tryggja eigi að rekstrarskilyrði séu sambærileg og í nágrannalöndunum og reynt verði að dreifa ferðamönnum betur um landið.

Í ákafa sínum að ná meiri skatttekjum af atvinnugreinum sem ganga vel sést ríkisstjórnin ekki fyrir. Það geta verið rök fyrir því að bílaleigur eigi ekki að njóta neins afsláttar af vörugjöldum og að hótelgisting eigi ekki að vera í lægra virðisaukaskattþrepi en önnur þjónusta. En það er algjörlega galið í bransa eins og ferðaþjónustu, þar sem fyrirtæki eru búin að gefa upp verð eitt til tvö ár fram í tímann, að skella skattahækkunum á greinina fyrirvaralaust. Fyrir nú utan hvers konar framkoma það er við fjárfesta í greininni, innlenda sem erlenda. Fjármálaráðherrann verður að finna einhver önnur ráð til að brúa bilið í ríkisfjármálum á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pönk ei meir

Jón Gnarr borgarstjóri er staddur í Ósló og aðstoðar þar við að fella tré það sem prýða mun Austurvöll yfir hátíðarnar, sjálft Óslóartréð. Jón er þó ekki kominn í aukavinnu við skógarhöggið, heldur er ástæða ferðar hans sú að honum fannst Reykvíkingar hafa orðið sér til skammar þegar kveikt var í Óslóartrénu árið 2009. Það var í búsáhaldabyltingunni sem sá gjörningur fór fram, 20. janúar nánar tiltekið, og ósagt skal látið hvort Reykvíkingar hafi verið þar á ferð. Án þess að íkveikjum sé mæld bót var bruninn nokkuð táknrænn fyrir óánægjuelda sem brunnu meðal þjóðarinnar. Það er ekki mikið pönk eftir í gamla pönkaranum Jóni Gnarr.



### Pollapönk

Það er hins vegar smá pönk eftir í Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Tillögur þeirra um niðurskurð í menningarmálum eru róttækar og samræmast hugmyndafræði óheftrar frjálshyggju.

### Ekki mitt pönk

Sjálfstæðisþingmanninum Ragnheiði Ríkharðsdóttur líkaði þó ekki að vera bendluð við tillögur ungliða flokksins. Hún gaf lítið fyrir tilraunir Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri grænna, í þá veru og spurði hann í forundran hvort hann ætlaði þá að taka ábyrgð á tillögum Ungra Vinstri grænna. Slíkt væri greinilega fráleitt. Það er lítið pönk í því að sverja af sér verk ungliða eigin flokks.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Jóhönnulánin

Fjármál

Sigríður Andersen
héraðsdómslögmaður og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins



Það liggur fyrir að þeir sem tapað hafa mestu af eigin fé í húsnæði sínu eru þeir sem keyptu sína fyrstu íbúð eða stækkuðu við sig á árunum 2007 og 2008.

Í lok árs 2007 voru viðskiptabankarnir nær hættir að lána til íbúðarkaupa enda hafði þrengst um lánsfé og margt sem benti til að erfiðleikar væru fram undan í efnahagslífi Vesturlanda. Þá beitti Jóhanna Sigurðardóttir húsnæðismálaráðherra sér hins vegar fyrir auknum útlánaheimildum Íbúðalánasjóðs (ÍLS). Hámarkslán ÍLS voru hækkuð og slakað á kröfum um hámarksveðsetningarhlutfall. Útlán sjóðsins tóku kipp við þessar aðgerðir.

Í nýrri skýrslu Samtaka fjármálafyrirtækja um verðtrygginguna, vexti og verðbólgu á Íslandi má glöggt sjá hvernig útlán ÍLS nær þrefölduðust frá áramótum þar til þau náðu hámarki síðsumars 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir narraði þannig fjölda manna til íbúðarkaupa síðustu mánuðina fyrir hrun.

> Jóhanna Sigurðardóttir narraði þannig fjölda manna til íbúðarkaupa síðustu mánuðina fyrir hrun.

Í þingræðu 23. maí 2008 sagði Jóhanna að ÍLS hefði „sannað gildi sitt sem líffæð fasteignamarkaðarins“. Hið rétta er að mánuðina þar á eftir veitti þessi æð ólyfjan um fasteignamarkaðinn sem gerði það að verkum að fleiri fóru illa út úr fasteignaviðskiptum en ella hefði orðið.

Þessi heimili hafa annaðhvort eða bæði tapað stórum hluta eigin fjár í fasteignum sínum eða eru komin í neikvæða stöðu. Auðvitað er hugsanlegt að með tímanum hækki íbúðaverð umfram lán og staða þessa fólks batni en þangað til verður staðan óþægileg.

Í viðurkenningarskyni fyrir þessa frammistöðu tók Jóhanna svo við sem forsætisráðherra í vinstri stjórn sem bannaði þessu fólki helstu bjargir með því að snarhækka alla skatta og tefja fyrir atvinnuskköpun vítt og breitt um landið.

Lágir skattar og næg atvinna eru þó ein helsta forsenda þess að heimilin geti staðið við skuldbindingar sínar og treyst stöðu sína og þar með þjóðfélagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sykurhamfarir

ÍDAG



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Borgarstjóri New York-borgar hefur í nógu að snúast. Dag og nótt leitar hann lausna fyrir þá sem hafa misst heimili sín eða eru án rafmagns eftir storminn Sandy. Eyðileggingin er mikil og áríðandi að allir leggist á eitt við að byggja upp. En það liggja fleiri erfið mál á borgarstjóranum sem eru ekki eins áríðandi en ekki síður mikilvæg. Íbúar borgarinnar, líkt og á öðrum vestrænum slóðum, hafa nefnilega fitnað úr hófi fram og enginn sér fyrir endann á þeim fjölmörgu vandamálum sem offitan skapar. Margt bendir til þess að óhófleg sykurneysla sé ein helsta orsök offitu, sérstaklega þegar kemur að börnum. Bloomberg borgarstjóri er meðvitaður um þetta og segir gosdrykki einn stærsta óvininn. Hann hefur nú þegar staðið fyrir birtingu á orkuinnihaldi á matseðlum og takmörkun á transfitusýru- og saltinnihaldi matvæla. Í mars 2013 verður innleitt nýtt bann þegar veitingastöðum í borginni verður óheimilt að selja gos og sæta drykki stærri en 500 ml.

Börn sem mælast of þung eða of feit eru mjög líkleg til að verða of þung á fullorðinsaldri. Í Bandaríkjunum er talað um að 77% barna sem eru of feit verði of feit sem fullorðnir einstaklingar. Offita getur valdið alvarlegum sjúkdómum á borð við hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og krabbamein og aukið áhættu á þunglyndi, kvíða og félagslegum vandamálum. Vandamálið hefur fest sig í sessi og við sjáum beinan og óbeinan kostnað stóraukast og margir tala um offitufaraldur.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að sykur sé ávanabindandi. Sumir fullyrða að um svipaða fíkn sé að ræða og þá sem leiðir til áfengis- og vímuefnavanda. Flestum er ljóst að sykur, líkt og transfitusýrur, er vara sem í flestum tilfellum er komin langan veg frá því að vera náttúruleg. Saga sykurframleiðslu er í raun lyginni líkust. Okkar elstu íbúar muna eftir miklum skorti á sykri og einstökum viðburði ef hægt var að lauma kandísmola til barns. Kornsíróp leysti hefðbundinn sykur að miklu leyti af hólmi í kringum 1980 í matvæla- og gosframleiðslu en þetta sætuefni kostar einungis brot af því sem hefðbundinn sykur kostar. Það fer illa saman að sykur hafi svona slæm áhrif á líkama barna okkar, sé ávanabindandi og kosti nánast ekki neitt.

Einfaldar lausnir eins og að segja fólki að borða minna eða að hætta að borða ákveðnar matartegundir hafa ekki virkað vel. Hellt hefur verið yfir okkur skilaboðum um að t.d. brauðát, fitumagn, transfitusýrur eða okkar eigin gen séu vandinn. Það sem er hins vegar bölvanlegt er að nú snýst þetta ekki um okkur fullorðna fólkið, okkur sem getum ákveðið að gera eitthvað í málinu. Þetta snýst um börnin og hvort þau haldi áfram að fitna eða ekki. Boð og bönn frá hinu opinbera geta verið óþolandi og ákvörðun Bloombergs er óvinsæl. Margar spurningar vakna þegar bönn eru sett. Hvers vegna má kaupa lítra af ís en ekki lítra af gosi? Hvernig ætla þeir að fylgja þessu eftir? Er yfir höfuð raunhæft að setja löggjöf um sykurneyslu?

> Fjársvelt skólahjúkrun verður að mæla þyngd oftar og veita foreldrum stuðning ef barn er of þungt.

Hverjum og einum ber að taka ábyrgð á heilsu sinni og sinna nánustu. En er það að gerast? Eru íslensk börn hætt að fitna í kjölfar þeirrar umræðu sem sannarlega hefur farið fram af hendi fagfólks? Þurfa stjórnmálamenn ekki að hefjast handa?

Íslensk börn eru með þeim þyngstu í Evrópu. Þau borða mestan sykur barna á Norðurlöndum og er talið að íslenskt leikskólabarn innbyrði að meðaltali um 50 grömm af sykri á dag. Vísindin segja okkur að þetta geti skapað gífurleg vandamál til framtíðar. Einhvers staðar þarf að byrja og umræðan er tilviljanakennd. Stærsta sveitarfélag landsins, Reykjavíkurborg, er ekki einu sinni með þetta stóra vandamál til umræðu. Það er ekki nóg að byggja upp þjónustu fyrir þá sem þegar kljást við vandann, heldur þarf að koma í veg fyrir hann með forvörnum.

Sveitarfélög eiga að vera í fararbroddi með virkri lýðheilsustefnu og markmiðum til að fylgja henni eftir sem tekur til margra þátta; menntakerfis, fjölskyldna, íþróttafélaga, heilsugæslu og vísindamanna. Sveitarfélög hafa beinan aðgang að fjölskyldum í gegnum skóla og heilsugæslu þar sem hægt er að veita stuðning og fræðslu með aðkomu heilbrigðisyfirvalda. Fjölskyldan getur tekið höndum saman um að minnka sykurát, verslunareigendur geta dregið stórlega úr nammibaramenningu, framleiðendur geta upplýst um sykurinnihald á vörum sínum. Fjársvelt skólahjúkrun verður að mæla þyngd oftar og veita foreldrum stuðning ef barn er of þungt. Heilsugæslan þarf að veita verðandi foreldrum fræðslu. Skólarnir eru lykillinn að börnum og foreldrum þeirra; gætum við til dæmis skipt út kökum og gosi á bekkjarsamkomum fyrir ávexti og vatn? Verum hugrökk og göngum í málið núna: annars endar þetta með boðum og bönnum eða enn meiri ósköpum.

## AF NETINU

### Listin að lifa í núinu

Lífið gerist í núinu. En alltof oft látum við núið renna úr greipum okkar með því að hraða okkur fram hjá mikilvægum augnablikum og eyða dýrmætum sekúndum lífs okkar í áhyggjur af framtíðinni eða vangaveltur um fortíðina. Við erum alltaf að og gefum okkur lítinn tíma til að koma kyrrð á hugann.
Á meðan við erum í vinnunni hugsum við um sumarfríið, í sumarfríinu höfum við áhyggjur af stöflunum á skrifborðinu. Við dveljum við neikvæðar hugsanir fortíðarinnar eða erum óróleg vegna alls þess sem gæti gerst eða ekki gerst í framtíðinni.
Til að ná betri tökum á hugsunum okkar og lífi er mikilvægt að finna jafnvægi, staldra við og kyrra hugann – hætta að framkvæma og einblína einfaldlega á það að vera hér og nú.
http://www.pressan.is
**Ingrid Kuhlman**

### Bókhaldsvandræðin miklu

Átjánda árið í röð neita endurskoðendur Evrópusambandsins að árita reikninga þess. Halda því fram að 4% af útgjöldunum séu sóun. Kenna þó ekki kontóristum sambandsins um þetta, heldur ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þær eiga að fylgjast með notkun peninganna, en gera ekki, svo sem fræg dæmi sýna frá Miðjarðarhafslöndunum. Ástandið er til mikillar skammar fyrir þetta annars ágæta samband. Styður gagnrýni á stjórnlaust bákn í Bruxelles. Viðbrögð sambandsins eru helzt þau að herða réttmæta kröfu um aukin afskipti af fjármálum ríkjanna. En sambandið verður seint vinsælt af slíkum fréttum.
http://www.jonas.is/
**Jónas Kristjánsson**




# Hringjum bjöllum gegn einelti

Samfélagsmál




**Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir**
tónlistarkennari og aktívisti



**Ögmundur Jónasson**
innanríkisráðherra


Ofsóknir, þrálát áreitni, stríðni og ofbeldi. Allt eru þetta orð sem koma upp í tengslum við skilgreiningu orðabókar á hugtakinu einelti. Þessi orð lýsa ekki saklausri háttsemi, þvert á móti, alvarlegu ofbeldi, sem í eðli sínu er niðurbrjótandi. Í því felst að niðurlægja, móðga, særa, mismuna og ógna manneskju ítrekað. Kynferðisleg áreitni fellur hér undir, en einnig andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Einelti fær aðeins þrifist að samfélagið leyfi það, að hinir þöglu áhorfendur aðhafist ekki, horfi í aðra átt, oftast fremur vegna andvaraleysis en illsku. Þess vegna getum við, hvert og eitt, lagt okkar lóð á vogarskálarnar í að útrýma einelti. Það gerum við með því að hafa góð áhrif á okkar eigið umhverfi, beita ekki valdi í samskiptum, bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum og neita að taka þátt í þögninni.

Í dag, 8. nóvember, gefst okkur tækifæri til að sýna táknrænan stuðning við baráttuna gegn einelti og gegn þögninni. Við, sem undir þetta ritum, hvetjum alla sem vettlingi geta valdið til að hringja bjöllum eða þeyta flautur, um allt land, helst um allan heim, á slaginu 13.00 í sjö mínútur, eina mínútu fyrir hvern dag vikunnar.

Baráttan gegn einelti veltur á okkur öllum. Við getum stöðvað það.

***Sjá nánar: www.gegneinelti.is***

# Orð án hugsana

Norðurslóðir




**Róbert Trausti Árnason**
Samtökum atvinnulífsins


Heimskautaísinn hopar stöðugt og veitir aðgang að svæðum sem áður var ekki aðgangur að sökum ísalaga árið um kring. Olía og jarðgas eru nú sótt á staði sem áður fyrr voru utan hagkvæmra nýtingarsvæða og flutt á markaði. Samt fyrirfinnst ógrynni olíu og jarðgass suður í löndum sem hægt er að ná til með mun minni tilkostnaði en á norðurskautinu. Þá eru öll álitaefni um afmörkun og skiptingu landgrunnsins norður frá enn óleyst.

Umræður um ný tækifæri á norðurslóðum eru verulegar. Umræðurnar virðast þó hafa farið fram úr áþreifanlegum aðgerðum sem búið geta strandríki umhverfis norðurskautið undir að samnýta ný tækifæri á norðurslóðum. Þessi umræða er orðin að skrumiðnaði þar sem sægur manna keppist við að segja aftur og aftur sama hlutinn en með ólíkum orðum þó.

Nýframkvæmdir og hönnun samgöngumannvirkja, mannvirkjagerð og lagning járnbrauta og gerð hafna og flugvalla eru í engu samræmi við umræður og umfang þeirra væntinga sem vaktar hafa verið. Þetta er vísbending um að umræðurnar séu kænskubragð manna sem ekki leggja sjálfir fullan trúnað á það sem þeir eru að segja og að það séu fyrst og fremst pólitískar brellur hjá þeim að tala í síbylju um nýja þýðingu norðurskautsins og ný tækifæri strandríkja norðurslóða til að mynda í tengslum við byggðamál og umhverfismál.






# Árangur ríkissjóðs – frá vöxtum í velferð

Fjármál




**Katrín Júlíusdóttir**
fjármála- og efnahagsráðherra


Það eru orð að sönnu að sú tíð er liðin að vinstri stjórnir eyði meiru en hægri stjórnir. Hafi það nokkurn tímann verið annað en áróðursfullyrðing að hægri menn væru gætnari í meðferð opinberra fjármuna en vinstri menn. Hvarvetna austan hafs sem vestan er hafin tiltekt eftir óráðsíu nýfrjálshyggjunnar á undanförnum áratugum. Endurreisnin gengur best þar sem leikurinn er jafnaður.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem nú er á sínu fjórða ári, hóf sína vegferð í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og færustu hagfræðinga Íslands. Hún valdi í samræmi við pólitískar hugsjónir jafnaðarmanna blandaða leið sem reynst hefur farsæl. Nauðsynlegt var að skera niður ríkisútgjöld. Við eyddum meira en við öfluðum. Um leið voru skattar hækkaðir á þeim sem höfðu bak til að bera auknar byrðar. Þeim var hlíft eftir mætti sem höllum fæti stóðu. Þá var reynt að halda uppi kaupmætti lágtekju- og millitekjufólks þannig að heildareftirspurn í hagkerfinu lagði grunn að hagvexti. Þessi stefna hefur gengið upp. Á Íslandi hefur hagkerfið vaxið á meðan víða annars staðar, þar sem kreppan hefur verið látin bitna á almenningi, er viðvarandi samdráttur.

Við erum á réttri leið með því að lækka skuldabyrði ríkissjóðs sem hlutfall af framleiðslu landsins af vöru og þjónustu (VLF). Það er mikilvægt. Staða Íslands er þó enn mjög alvarleg. Heildarskuldir munu nema í lok árs um 1.497 milljörðum króna sem er um 85% af jafngildir um 45% af VLF.

Hvernig sem litið er á málin verðum við að gæta ítrustu varúðar í útgjöldum þótt rofað hafi til. Við verðum að temja okkur aðhaldssemi og varkárni í ráðstöfun opinberra fjár. Nú er okkur að takast að loka fjárlagagatinu sem skall á okkur eftir hrun, svo við getum farið að greiða niður skuldir og breyta alltof háum vaxtagreiðslum í velferð. Við þurfum að sameinast um það sem er nauðsynlegt eins og tækjakaup til Landspítalans og fjórðungssjúkrahúsa sem varðar þjóðarhag, en láta annað bíða betri tíma.

> Á Íslandi hefur hagkerfið vaxið á meðan víða annars staðar, þar sem kreppan hefur verið látin bitna á almenningi, er viðvarandi samdráttur.

VLF og hafa lækkað um 5% frá fyrra ári. Kostnaður af lántöku til þess að styrkja gjaldeyrisforðann, gjaldið fyrir endurreisn fjármálakerfisins og veiking skattstofna ríkisins hafa leitt okkur í þessa stöðu. Ef litið er hins vegar á hreina skuldastöðu ríkissjóðs Íslands, en þar er tekið mið af veittum lánum, kröfum ríkissjóðs, handbæru fé og gjaldeyrisvaraforða, þá er áætlað að hún nemi 794 milljörðum króna í lok þessa árs sem

Samanburður á milli ríkja sýnir að ábyrgð er mest í fjármálastjórn hins opinbera þar sem jafnaðarmenn hafa haft langvarandi ítök. Norrænu ríkin eru meðal stöðugustu og samkeppnishæfustu ríkja heims. Í þeirra hópi eigum við að vera. Við tökum mið af þeim og hvikum ekki frá norrænni velferðarstefnu í stjórn fjármála ríkisins.

# Verum góðar fyrirmyndir og vöndum okkur í samskiptum

Samfélagsmál




**Nanna Kristín Christiansen**
verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar


Reynslan og rannsóknir hafa sýnt að til þess að takast á við einelti og annað ofbeldi í skólum þarf að horfa á samskipti í víðu samhengi. Með réttum viðhorfum hinna fullorðnu og með því að kenna börnum að eiga samskipti sem einkennast af lýðræðislegum gildum er hægt að byggja upp menningu þar sem einelti er hafnað og börn búa við öryggi.

Í tilefni dags gegn einelti þann 8. nóvember leggur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ásamt verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti, samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, því sérstaka áherslu á mikilvægi góðra samskipta.

Flestir eru væntanlega sammála um að fáir eiginleikar séu eftirsóknarverðari en einmitt sá hæfileiki að geta átt góð samskipti við annað fólk. Þetta má m.a. sjá í fjölmörgum atvinnuauglýsingum þar sem tekið er fram að góðir samskiptahæfileikar séu skilyrði fyrir ráðningu í starfið. Pestalozzi-stofnunin, sem framfylgir menntastefnu Evrópuráðsins um skóla án ofbeldis, leggur megináherslu á að hvetja skóla til að auka skipulega nám í samskiptum þar sem nemendur tileinka sér lýðræðisleg gildi. Þannig læra þeir að hlusta á ólík sjónarmið, að leysa ágreining, sýna samkennd, taka ábyrgð og bera virðingu fyrir skólasystkinum sínum, hvernig sem þau eru. Nám í samskiptum þarf að samþætta öllu námi og starfi barnanna og vera inn í allt skóla- og frístundastarf en má ekki einskorða við afmarkaðar kennslustundir.

Áherslur Pestalozzi eru í góðu samræmi við grunnþætti menntunar í leik-, grunn- og framhaldsskólunum, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti. Það sama á við um niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem sænsk skólayfirvöld, Skolverket, unnu í samstarfi við þrjá þarlenda háskóla. Í niðurstöðum hennar kemur m.a. fram að þar sem minnst einelti mælist í skólum ríkir góður skólabragur, áhersla er á samvinnu, skapandi starf, samkennd og traust. Í þeim skólum er einnig markvisst unnið með grunngildi samskipta meðal starfsmanna og nemenda. Auk þess er unnið skipulega í eineltismálum, aðferðir eru þaulhugsaðar og ábyrgð allra er skýr.

Nýlegar rannsóknir á einelti sem gerðar voru í Danmörku benda einnig til þess að fremur ætti að líta á einelti sem félagslegt fyrirbæri en vandamál einstaklinga. Með þessu er átt við að einelti sé hluti neikvæðs samskiptamynsturs sem nær að festa rætur og því þarf að skoða einelti í víðara félagslegu samhengi en oft hefur verið gert.

Það voru hvorki börn né skólinn sem fundu upp einelti frekar en annað ofbeldi þó svo stundum mætti ætla annað af almennri umræðu. Það þarf ekki annað en að líta til þess hvernig vandamál eru leyst í kvikmyndum sem börn horfa á eða hvernig fólk tekst stundum á við ágreining í fjölmiðlum, þ.m.t. á netinu. Ekki er heldur víst að öll börn alist upp við að bera virðingu fyrir fólki óháð uppruna þess, skoðunum, útliti eða framkomu.

Það er því ekki tilviljun að slagorð þátttakenda í Pestalozziáætluninni um skóla án ofbeldis er „Convivencia starts with me and ends with we“, sem má e.t.v. útleggja: „Ef ég kýs að lifa í vinsamlegu samfélagi þarf ég að byrja á því að líta í eigin barm“.

Við eigum að sjálfsögðu að gera kröfur um að aðrir virði rétt okkar, barna okkar og nemenda um líf án ofbeldis en við megum heldur ekki gleyma að ígrunda eigin viðhorf og ábyrgð og hvernig við kennum börnum okkar og nemendum að vera þátttakendur í samfélagi án ofbeldis.

Í tilefni dags gegn einelti þann 8. nóvember hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkur útbúið sérstakan verkefnabanka með tillögum sem kennarar og frístundaráðgjafar geta nýtt í vinnu með börnum til að efla færni þeirra í samskiptum. Verkefnabankinn verður vistaður á heimasíðu skóla- og frístundasviðs www.skolarogfristund.is 1.-15. nóvember nk. en verður eftir það á innri vef skóla- og frístundasviðs á vefsvæði verkefnisins Vinsamlegt samfélag.

Í tengslum við daginn eru einnig allir hvattir til að skrifa undir þjóðarsáttmála gegn einelti, sem er aðgengilegur á heimasíðunni, www.gegneinelti.is. Með undirritun sinni skuldbindur fólk sig til að vinna gegn einelti og markmiðið er að fá sem allra flesta til að skrifa undir sáttmálann.

> Við eigum að sjálfsögðu að gera kröfur um að aðrir virði rétt okkar, barna okkar og nemenda um líf án ofbeldis en við megum heldur ekki gleyma að ígrunda eigin viðhorf og ábyrgð...



DEWALT
HÖRKUTÓL
á heima hjá Sindra
33% MEIRI ENDING Á RAFHLÖÐU
DCD980M2
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:80Nm
Þyngd 2,4kg
Gírar:3
KR. 79.900.-
DCF880M2
Hersluvél 203 Nm
Rafhlaða:2*4,0Ah Li-Ion
Bitahaldari: 1/2" drive
3 stk LED ljós
Þyngd:1,54Kg
KR. 99.900.-
DCD985M2
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:80Nm
Þyngd 2,4kg
Gírar:3
M/ höggi
KR. 99.900.-
DCD785M2
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:60Nm
Þyngd 1,88kg
Gírar:2
M/ höggi
KR. 84.900.-
TÖKUM ELDRI
18V VÉLAR UPP Í NÝJA 4Ah
FYRIR KR. 20.000.-
DCD780M2
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:60Nm
Þyngd 1,84kg
Gírar:2
KR. 79.900.-
33% MEIRI ENDING Á 4Ah RAFHLÖÐU
Sama stærð og þyngd
SETT
DCK296CS
2 gíra borvél m/höggi
13mm patróna
Skrúfvél 1/4" HEX
Kraftur:8Nm
Rafhlöður: 2 x 1,5Ah 18V
2 x 1,3Ah 10,8V
Hleðslutæki: 30 mín
Koma í góðri tösku
KR. 89.900.-
SINDRI
Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði
www.sindri.is | sími 575 0000

# Hringl í poka

Fjármál
Ingibjörg Óðinsdóttir
stjórnunarráðgjafi



Það hefur ekki farið fram hjá einni einustu fjölskyldu í landinu hvað kaupmátturinn hefur rýrnað. Laun tveggja einstaklinga sem áður veittu fjölskyldu gott lífsviðurværi duga varla fyrir mat og öðrum nauðsynjum þegar búið er að greiða afborganir lána. Í dag er ekkert auka, og sumir eiga hreinlega ekki nóg. Fólk fer með fimm þúsund krónur í búðina og fær fyrir hann hringl í poka sem ekkert er. Fiskur, ávextir og grænmeti er orðið að lúxusvöru, hvað þá að fjölskyldan hafi efni á því að fara saman út að borða.

Stór hluti vandans felst í stökkbreyttum lánum í kjölfar hruns og getuleysi stjórnvalda til að bregðast við skuldavanda heimilanna. Fólk stendur jafnvel eftir með mun hærri höfuðstól en það tók að láni. Við það bætist sú staðreynd að atvinnuleysið hefur sjaldan verið meira og minnkandi greiðslugeta setur fjölda heimila í greiðsluvanda. Til að bæta gráu ofan á svart dynja sífelldar skattahækkanir á landsmönnum svo engu tali tekur á meðan launin hækka ekki til samræmis og almenningur tekur á sig gríðarlega kjaraskerðingu.

Þeir sem skulduðu hóflega fyrir hrun og áttu jafnvel eitthvað í húsnæðinu sínu fá nánast enga leiðréttingu þrátt fyrir algjöran forsendubrest á lánasamningum. Þetta er fólkið sem berst í bökkum við að halda sér á floti, stendur við sínar afborganir, skatta og skyldur en eygir enga von um bjartari tíð. Þetta er fólkið sem heldur þjóðfélaginu uppi en það er eins og stjórnvöld átti sig ekki á því. Í stað þess að leggja ofuráherslu á að styrkja stoðirnar undir þennan hóp og stækka hann enn frekar virðist enginn skilningur vera til staðar á mikilvægi þessa og jafnvel lagður steinn í götu þeirra sem eru reiðubúnir að vinna. Eðlilegt væri t.d. að ýta undir atvinnuskapandi framkvæmdir svo hjól atvinnulífsins fari aftur að snúast. Þannig gætu fleiri tekið þátt í að byggja samfélagið upp í kjölfar hruns og atvinnulausum og bótaþegum að sama skapi fækka.

Núverandi ríkisstjórn er ekki að slá skjaldborg um heimilin, hún hefur gegnumsneitt verið að slá skjaldborg um lánastofnanirnar sem fitna eins og púkinn á fjósbitanum á meðan almenningur sveltur.

Þetta er bláköld staðreynd, laun slitastjórna á krepputíma eru sambærileg við ofurkjör

> Það er eins og enginn horfi á heildarmyndina, bara hvert púsl fyrir sig og hvernig það tengist sér og sínum.

útrásarvíkinganna fyrir hrun og þessir aðilar eru í fullu starfi við að gæta sinna eigin hagsmuna. Það er eins og enginn horfi á heildarmyndina, bara hvert púsl fyrir sig og hvernig það tengist sér og sínum. Þetta er hreint óþolandi ástand. Það hefur t.d. tekið núverandi ríkisstjórn alltof langan tíma að fá fjármálastofnanir til að endurreikna lánin svo fólk viti hvar það stendur, svo ekki sé minnst á að Árna Pálslögin eiga stóran þátt í því hvernig gengið var á hlut heimilanna. Á meðan hefur þjóðfélagið verið í biðstöðu í heil 4 ár! Hægt hefði verið að koma miklu í verk á þeim tíma ef rétt hefði verið á málum haldið af núverandi ríkisstjórn en orkan ekki farið í að sætta sjónarmið innan flokka til þess eins að halda völdum. Nú er mál að linni, látum þetta ekki viðgangast lengur og skiptum þessari ríkisstjórn út í alþingiskosningunum í vor.

Höfundur býður sig fram í 4.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir næstu alþingiskosningar.

# Góðar ábendingar frá McKinsey

Fjármál
Valdimar Halldórsson
aðstoðarmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra



Nýbirt skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey um framtíðarmöguleika íslensks hagkerfis er holl lesning enda eru þar fjölmargar gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara.

Þó að almennt séð megi segja að innviðir á Íslandi leggi grunn að miklum lífsgæðum eru líka veikleikar til staðar. Til að mynda kemur fram að of mikill mannafli, vinnutími og fjármunir eru bundnir í fjármála- og verslunargeiranum samanborið við nágrannalönd. Þannig er sláandi að sjá hversu margir fermetrar fara undir verslunarhúsnæði. Þegar kemur að auðlindanýtingu er ljóst að nauðsynlegt er að fá hærra verð fyrir orkuauðlindir.

Ánægjulegt er að sjá staðfest að sjávarútvegurinn stendur sterkt og framleiðni þar er góð að mati skýrsluhöfunda. Ferðaþjónustan þarf svo að einbeita sér að frekari virðisaukningu fremur en eingöngu að fjölga ferðamönnum.

**Lægra vöruverð mögulegt?**

Eftir lestur skýrslunnar er rökrétt að velta fyrir sér hvort vöruverð á mörgum sviðum gæti lækkað ef minni fjármunir væru bundnir í verslun. Eru ekki allt of margir fermetrar bundnir í smásölugeiranum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu? Af hverju er afgreiðslutími verslana á Íslandi miklu lengri en hjá hinum norrænu ríkjunum? Hvers vegna allar þessar stóru búðir og verslunarmiðstöðvar? Ein skýring á háu vöruverði hér á landi er augljóslega það mikla fjármagn sem bundið er í verslunarhúsnæði. Ef Ísland væri nær veruleikanum á Norðurlöndunum í þessum efnum gæti vöruverð að öllum líkindum verið talsvert lægra.

**Lægri vextir**

Umfjöllun McKinsey um fjármálageirann vekur upp spurningar um hagkvæmni. Er ekki mögulegt að vaxtakostnaður til fyrirtækja og einstaklinga geti lækkað töluvert ef starfsmannafjöldi, útibú og kostnaður þar með, yrði nær því sem tíðkast í nágrannalöndum? Svarið er líklega; jú. Vissulega hefur endurskipulagning á fjármálum fyrirtækja og einstaklinga verið mannaflsfrek en á móti hefur útlánastarfsemin verið rýr. Eftir stendur að kostnaður í fjármálakerfinu er hár í samanburði við nágrannalönd samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar.

**Færra bankafólk – fleiri tæknimenntaðir**

Ein ályktun sem draga má af lestri skýrslunnar er sú hvort margt af því ágæta starfsfólki sem starfar í fjármála- og verslunargeiranum væri betur komið í ýmiss konar gjaldeyrisskapandi geirum. Ef það gerðist er líklegt að verðmætasköpun tengd alþjóðavæðingu myndi aukast – það er í takt við vonir og óskir skýrsluhöfunda. Vitaskuld gerist þetta ekki á einni nóttu og sennilega þarf þá líka að auka áherslu á iðn-, tækni- og verkfræðigreinar í menntakerfinu.

Sérfræðingar McKinsey vilja að skipaður verði hópur fulltrúa stjórnmálaflokkanna og hagsmunaaðila til að koma þessum hugmyndum í framkvæmd.

Allt eru þetta góðar ábendingar og vel fram settar og ástæða til að taka vel í hugmynd um samráðsvettvang.

# Verndum börn gegn einelti

Samfélagsmál
Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfa með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Í 19. grein sáttmálans er kveðið á um vernd barna gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu, kynferðislegu og gegn vanrækslu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að ýmsum verkefnum varðandi vernd barna gegn ofbeldi. Vefurinn www.verndumborn.is er upplýsingavefur á vegum samtakanna þar sem hægt er að nálgast upplýsingar, einkenni og afleiðingar hvers kyns ofbeldis gagnvart börnum, um hvernig bregðast skuli við ef grunur vaknar um ofbeldi og með hvaða leiðum er hægt að tilkynna það.

Einelti er ein birtingarmynd ofbeldis. Sem betur fer er óhætt að fullyrða að mikil vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu að undanförnu hvað varðar einelti. Sem dæmi má nefna að í aðalnámskrá grunnskóla er nú kveðið á um að til skuli vera áætlun um meðferð eineltismála. Margir skólar hafa innleitt Olweusar-áætlunina. Nýju fagráði sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins er ætlað það hlutverk að taka við málum sem ekki hefur tekist að finna fullnægjandi lausn á innan skóla eða sveitarfélags. Aðgerðaráætlun Æskulýðsvettvangsins sem er byggð á bókinni Ekki meir eftir Kolbrúnu Baldursdóttur, sálfræðing og formann stjórnar Barnaheilla, er sett fram á einfaldan, skýran og myndrænan hátt. Fagna ber öllum þessum verkefnum sem eiga að stuðla að vernd barna gegn einelti. En ekki má þó gleyma því að forvörnin byrjar heima fyrir. Í 2. grein Barnasáttmálans er kveðið á um bann við hvers kyns mismunun og í 5. grein um skyldur foreldra til að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning. Foreldri sem er góð fyrirmynd, kennir barni sínu virðingu fyrir öðrum og umburðarlyndi fyrir fjölbreytileikanum samhliða því að byggja upp einstakling með sterka sjálfsmynd, er sennilega besta forvörnin. Það er því einnig mikilvægt að samfélagið allt sé virkt í að vinna gegn einelti.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað gagnvart einelti og hvetja þig, lesandi góður, að sýna í verki að þú sért á móti einelti og skrifa undir Þjóðarsáttmálann um baráttu gegn einelti á vefnum www.gegneinelti.is. Munum að einelti er ofbeldi og ofbeldi á aldrei að líðast.

VIÐ LEITUM AÐ HUGMYNDALEIÐTOGA
TIL AÐ VINNA MEÐ ÞETTA PLÁSS

NÁNAR Á HN.IS

H:N

# DEBENHAMS




Opið í kvöld til 21:00

**Frí ráðgjöf!**

Pantaðu tíma hjá stílista í síma 522 8010

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Opinberar upplýsingar eru ekki eign stofnana

Stjórnsýsla



Eva Hauksdóttir
álitshafi



Aðalheiður Ámundadóttir
meistaranemi í lögfræði

Í júlí síðastliðnum sátu undirritaðar stofnfund Félags áhugamanna um málefni flóttafólks. Eitt verkefna félagsins er að kanna hvort grunur um að útlendingum sé mismunað í réttarkerfinu sé á rökum reistur en af þeim dómum sem aðgengilegir eru á vefsíðu dómstólanna, er helst að sjá að dómar í skjalafalsmálum séu þyngri þegar útlendingar eiga í hlut. Til að draga þá ályktun þurfa þó fleiri gögn að liggja fyrir og var því send beiðni á Þorgeir Inga Njálsson, dómstjóra Héraðsdóms Reykjaness, um afrit af öllum dómum sem fallið hefðu í skjalafalsmálum við dómstólinn á árunum 2002-2005. Tekið skal fram að þessi beiðni var ekki sett fram í nafni félagsins.

Þremur vikum síðar var erindinu svarað á þá leið að sá sem óskaði eftir afriti af dómum yrði að sýna fram á að hann hefði lögvarinna hagsmuna að gæta, auk þess sem greiða þyrfti 250 kr. fyrir hvert blað. Sendandi bréfsins mótmælti með þeim rökum að dómar væru opinber gögn sem ættu að vera öllum aðgengilegir. Auk þess var farið fram á rökstuðning fyrir þessari upphæð, þar sem ekkert í lögum bendir til þess að þessi gjaldtaka sé heimil. Dómstjórinn féllst að lokum á að ekki þyrfti að sýna fram á lögvarða hagsmuni en hélt fast við gjaldtöku upp á 250 kr. á blað með vísan í lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Í umræddum lögum er þó ekki vikið einu orði að dómum í sakamálum, heldur er fjallað um dómgerðir í einkamálum og fullnusturétti svo sem aðfararbeiðnir, gjaldþrotaskipti, skilnaðarmál, forsjármál og matsbeiðnir. Við höfnuðum því þess vegna að gjaldtakan ætti við um sakamál auk þess að benda á að samkvæmt anda laganna og stjórnarskrárinnar væri eðlilegast að líta á dóma sem grunngögn lýðræðisins og þeir ættu því að falla undir upplýsingalög. Þessi túlkun fær stuðning í ýmsum gögnum meðal annars í gjaldskránni sem héraðsdómur vísar í, en þar er sérstaklega tekið fram að engin gjöld skuli taka í einkarefsimálum. Hvorki dómstjórinn né aðrir starfsmenn Héraðsdóms Reykjaness hafa svarað þessum rökum, heldur vísa enn og aftur í reglur dómstólaráðs og lög um aukatekjur ríkissjóðs; gögn sem fjalla alls ekki um dóma í sakamálum.

Þessi samskipti við Héraðsdóm Reykjaness vekja margar spurningar, þar á meðal þessar:

- Hvers vegna segir dómstjóri leikmanni sem biður um afrit af dómum að hann eigi ekki rétt á slíkum gögnum nema geta sýnt fram á lögvarða hagsmuni?
- Hversu margir hafa gefist upp á því að kynna sér dóma eftir að hafa fengið þessar röngu upplýsingar hjá dómstólum?
- Hvernig samræmast þessi vinnubrögð leiðbeiningarskyldu dómstjóra?
- Hvers vegna telja starfsmenn dómstólsins sér ekki skylt að útskýra með hvaða rökum þeir álíta að lög um aukatekjur ríkissjóðs nái yfir mál sem hvergi eru nefnd í þeim lögum?
- Ef dómar falla ekki undir upplýsingalög eins og önnur grunngögn sem talin eru mikilvæg fyrir lýðræðið, hvernig í ósköpunum eru þeir þá flokkaðir?

Mikilvægasta spurningin er þó þessi:

- Hvernig ber að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar um að sakamálaréttarfar skuli vera opinbert ef ekki á þann veg að allir skuli, óháð fjárhagsstöðu sinni, eiga jafnan rétt til upplýsinga um opinber mál?

Það samræmist ekki lýðræðislegri stjórnsýslu að almenningur þurfi að greiða meira en prentkostnað fyrir grunngögn sem skipta máli fyrir lýðræðið í landinu. Ef til vill eru 250 kr. ekki há fjárhæð fyrir þá sem biðja um afrit af örfáum blaðsíðum en þegar um er að ræða umfangsmikil mál getur upphæðin hlaupið á tugum þúsunda. Ætla má að flestir hafi hingað til sætt sig gagnrýnislaust við þetta gjald en hér er um að ræða slíkt hagsmunamál fyrir almenning að við höfum einsett okkur að fá botn í það hver réttur dómstóla til gjaldtöku er í raun. Málið var því kært til fjármálaráðuneytisins um miðjan september þar sem það er nú til skoðunar.

Mikilvægt er að stjórnvöld og embættismenn átti sig á því að opinberar upplýsingar eru ekki eign stofnana. Þær eru eign almennings og í lýðræðisríki eiga leikmenn sem óska eftir afritum af opinberum gögnum að fá þau afhent undanbragðalaust.

Þeir eiga ekki að þurfa að leggjast í lagalestur eða leita sér lögfræðiaðstoðar til þess að fá rétti sínum framgengt og það er með öllu óþolandi að slík vinnubrögð skuli viðgangast hjá dómstólum.

Kæran til fjármálaráðuneytisins er almenningi aðgengileg á vefslóðinni: https://docs.google.com/document/d/15xesOmwxNd8YU-3-XNC5r-GeCNQPJlx_-URNoB-CUbqiw/edit en þar er gerð nánari grein fyrir rökstuðningi okkar.

Öll bréfasamskipti við Héraðsdóm Reykjaness sem vísað er til í þessari grein er að finna á vefslóðinni: https://docs.google.com/document/d/136OU4dat7_OO2rXqNVC6kK91j-pWoHOG-fOZszzvXkI/edit



# Að stjórna skipulagi

Skipulagsmál
Arna Mathiesen
arkitekt



Fagna ber nýlegum pistli ráðamanns hjá Reykjavíkurborg um góð tengsl borgar og sjávar. Gott ef Geirsgata verður gerð að borgargötu og bílum þannig verði gert minna hátt undir höfði í borgarmyndinni. Tilvísun í skala gamla bæjarins fyrir nýbyggingar, og endurnýting gamalla bygginga í miðbænum er til fyrirmyndar.

Greinin kallar þó fram áleitnar spurningar.

Vinnur borgin kerfisbundið með endurnýtingu bygginga, líka í öðrum bæjarhlutum, og á hvern hátt? Getur almenningur, sem hefur áhuga á að vannýttar byggingar í nágrenninu nýtist betur, komið að málinu í samvinnu við borgaryfirvöld?

Smáskalabyggð með neðanjarðarbílastæðum við höfnina hljómar vel og tekur sig fallega út á glansmyndum þótt hætt sé við að hún auki fjarlægðina og skapi fyrirstöðu á milli gamla hverfisins og hafnarinnar. Stóra spurningin er þó hvort rökrétt sé að byggja á dýrasta grunninum í bænum þegar þörfin hefur aðallega aukist fyrir ódýrt íbúðarhúsnæði eftir hrunið. Hár byggingarkostnaður á þessum stað gerir áform um félagslega blandaða byggð óraunsæ. Eins auka áætlanir um hátt hlutfall lítilla íbúða einsleitni þar sem ekki er pláss fyrir barnafjölskyldur og annars konar sambýli sem gæti boðið upp á margbreytileika.

Ef borgin lætur einkageiranum eftir stjórnina á framkvæmdinni mun hún nær örugglega neyðast til að éta ofan í sig gamla drauma um ódýrar íbúðir og margbreytileika við höfnina síðar. Þetta sanna dæmi, t.d. í Ósló sem staðið hefur í svipuðu ferli. Til að minnka kostnaðinn ætti borgin að leita fyrirmynda í þokkafullri íbúðabyggð á sanngjörnu verði, sem er nær einungis að finna þar sem íbúarnir sjálfir, eða borgin fyrir þeirra hönd, stjórnar framkvæmdinni og býr til reglurnar án aðkomu aðila sem aðeins vilja koma að málinu til að fjárfesta og ávaxta pund sitt vel. Það væri líka miklu ódýrara að byggja í ónýttum millibilum í borginni (t.d. öllum gæsluvöllunum sem lagðir eru niður) og í ókláruðum hverfum á jaðrinum með ofgnótt ónýtts rýmis og innviða. Þetta hefði einnig þann kost að skjóta stoðum undir meiri þjónustu og atvinnutækifæri inni í hverfunum og drægi því úr þörf fyrir notkun einkabílsins.

Í Ósló er þekkt að öflugu fyrirtækin í byggingariðnaðinum séu með fólk í fullri vinnu sem eins konar hrægamma á skrifstofum borgarskipulags til að þvinga í gegn byggingar á stöðum þar sem hægt er að selja lúxusíbúðir, meðan grannar sem ekki líst á blikuna og stunda aðra vinnu á skrifstofutíma fá ekki rönd við reist. Forðist Reykjavíkurborg þess konar þrýsting getur hún aftrað meira tjóni en orðið er, í borg þar sem forsendur byggðar hafa gjörbreyst eftir hrun.

Vík ég nú að „smáatriði“ í textanum um að svæðið milli miðbæjarins og Hörpu sé „tekið út fyrir sviga… vegna áforma erlendra aðila að byggja hótel“. Er hótelið bleiki fíllinn í miðbænum sem byggja á fyrir framan tónlistarhúsið? Er sátt um að Harpa verði helst sýnileg frá bílum sem keyra Sæbraut, úr leðurstólum Seðlabankans og gluggum lúxushótels? Felst í þessu áhætta um slæma landkynningu, þegar gestir fara að spá í hvaða asnar Íslendingar séu að klína útlensku merkjahóteli af miklu ódýrari hönnun fyrir sunnan Hörpuna? Var ekki horfið frá hugmyndinni um að Harpa ætti að vera falin bak við aðrar byggingar þegar ákveðið var að rándýrt listaverk sem efni í útveggina? Byggingin er sérhönnuð til að hennar sé notið sem skúlptúrs úr fjarlægð. Hefur aldrei verið íhugað að búa til opið almenningsrými yfir bílastæðahúsið sem er í byggingu undir reitnum úr því sem komið er? Er ekki til heppilegri reitur fyrir hótel, eða aðrar byggingar sem væri hægt að endurnýta til þess arna, t.d. einhverjir hálfbyggðu lúxusturnanna við Sæbraut með útsýni bæði til Hörpu og Esju? Er stolt landans, (þrátt fyrir skuldabaggann) þar sem hann nýtur útsýnisins úr miðbænum til eins stærsta tónlistarhúss heims með Esju í bakgrunninn, einskis virði? Hvað þýðir að taka hlutina út fyrir sviga í skipulagsmálum: Að sleppa því að stjórna og láta „erlenda aðila“ stjórna borginni, í hagnaðarskyni?

> Er sátt um að Harpa verði helst sýnileg frá bílum sem keyra Sæbraut, úr leðurstólum Seðlabankans og gluggum lúxushótels?

Það er alvarleg rangfærsla í lokaorðum greinarinnar um að horfið sé frá útþenslu borgarinnar, því áætlanir liggja fyrir um iðnaðarsvæði austan við byggðina, langt út á græna útivistarsvæðið, því miður. Ágætt ef þeir sem bera ábyrgðina geri grein fyrir hverju þetta sætir.

Ég nýti tækifærið til að samþykkja nafnið Spilhúsastíg, sem spurt er hvort ekki sé bara samþykkt. Gott mál, en væri hægt að biðja um samþykki borgaranna í afdrifaríkari málum?

Í ÞÍNUM SPORUM
Stöndum saman gegn einelti

Þjóðarsáttmáli
um baráttu
gegn einelti

Við undirrituð skuldbindum okkur til þess að vinna af alefli og einurð gegn einelti í samfélagi okkar.

Við munum standa vörð um rétt fólks til þess að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt.

Við munum sérstaklega gæta réttar barna og ungmenna sem og einnig allra hópa sem ekki eiga sér málsvara eða sterka rödd.

Við munum öll hvert á okkar sviði, skuldbinda okkur til þessað hafa áhrif til góðs á nánasta umhverfi okkar.

Við ætlum að vera góð fyrirmynd og leggja okkar af mörkum til þess að vinna bug á því samfélagslega böli sem einelti er.

Stöndum saman gegn einelti
Er ÞÚ búin að skrifa undir á www.gegneinelti.is?

Verkefnisstjórn aðgerða gegn einelti
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**42 TOM ANDERSON,** stofnandi Myspace og sjálfkrafa vinur allra notenda þar, fæddist þennan dag árið 1970.

*„Google+ á eftir að slá öllum öðrum samskiptamiðlum við. Það sannar það enn og aftur að allt er betra þegar það er félagslegt.“*


†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BENEDIKT BJARNI SIGURÐSSON**
**verkfræðingur,**
**Safamýri 85,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 27. október, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 15.00.

**Ása Benediktsdóttir**
**Jóhannes Benediktsson** **Björg B. Pálmadóttir**
**Anna María Benediktsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**INGIMAR TRYGGVI HARÐARSON**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 13. nóvember kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning 565-4-250832, kt. 011176-3139.

**Kristín Svavarsdóttir**
**Jóhannes Kristinn Ingimarsson** **Janine Long**
**Sigurður Hörður Ingimarsson** **Rannvá Olsen**
**Ágústa Eygló Ingimarsdóttir** **Einar Friðjónsson**
**Svava Ingibjörg Ingimarsdóttir** **Birkir Þór Sigurðsson**
**Heimir Bjarni Ingimarsson** **Anna Rósa Friðriksdóttir**
**og barnabörn.**

†



Elsku maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi okkar,

**ÓSKAR ÞÓRARINSSON**
**Hásteinsvegi 49, Vestmannaeyjum,**

sem lést 2. nóvember, verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 10. nóvember kl. 14.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, þeim sem vilja minnast Óskars er bent á Krabbavörn í Vestmannaeyjum.

**Ingibjörg Jóhanna Andersen**
**Rakel Óskarsdóttir**
**Sindri Óskarsson** **Ragnheiður Borgþórsdóttir**
**Sigmar Þröstur Óskarsson** **Vilborg Friðriksdóttir**
**Knútur Kjartansson**
**Kristín Kjartansdóttir**
**og barnabörn.**

†



Innilega þökkum við þeim sem sýndu okkur hluttekningu og hlýhug við andlát og útför bróður okkar, mágs og frænda,

**MAGNÚSAR ÓLAFS HALLDÓRSSONAR**
**Ásbúðartröð 5, Hafnarfirði.**

Sérstaklega þökkum við starfsfólki gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi fyrir einstaka natni við meðferð hans og umönnun.

**Anna Björg Halldórsdóttir**
**Halla Sólveig Halldórsdóttir** **Sigurjón Högnason**
**Karl Sigurjónsson** **Ines Willerslev Jörgensen**
**Freyja Sigurjónsdóttir**
**Halldór Steinn Halldórsson**

†



Okkar kæra,

**EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Hrafnakletti 2, Borgarnesi,**

er látin. Útför verður gerð frá Borgarneskirkju laugardaginn 10. nóvember kl. 14.00.

**Snorri Þorsteinsson**
**Margrét Guðjónsdóttir**
**Davíð Magnússon**
**Andrea Davíðsdóttir** **Eygló Dóra Davíðsdóttir**
**Snorri Þorsteinn Davíðsson** **Linda Björk Bjarnadóttir**
**Margrét Andreudóttir**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**ÓMETANLEGT** Salvar Geir hefur þrisvar sinnum farið til Úkraínu með skókassa. Hann segir það átakanlegt en jafnframt ómetanlegt. MYND/EINKASAFN

SALVAR GEIR: ÞETTA SNÝST UM AÐ MUNA EFTIR ÞEIM SEM MINNA MEGA SÍN

# Jólagjafir í skókössum handa þúsundum úkraínskra barna

„Við heimsækjum munaðarleysingjahæli og börn sem búa við bág kjör. Fyrir flest börnin sem við gefum skókassa er þetta eina jólagjöfin sem þau fá,“ segir Salvar Geir Guðgeirsson, einn forsprakka verkefnisins Jól í skókassa sem lýkur á laugardaginn.

Á mörgum heimilum er það orðið hluti af jólaundirbúningnum að taka þátt í verkefninu, sem er nú haldið í níunda sinn og er alþjóðlegt samstarfsverkefni á milli hóps innan KFUM og KFUK á Íslandi og í Úkraínu. Hver sem hefur áhuga á getur tekið þátt með því að útbúa jólagjöf í skókassa og skila inn. Allir kassarnir eru síðan fluttir til Úkraínu, þar sem bágstöddum eru gefnir þeir að gjöf. „Þetta snýst um að minnast þeirra sem minna mega sín og hvað margt smátt getur virkilega gert eitt stórt,“ segir Salvar Geir. Verkefnið er allt unnið í sjálfboðavinnu og hefur vaxið gríðarlega á síðustu níu árum. „Þetta byrjaði árið 2004 sem krúttlegt innanhúsverkefni hjá hópi innan KFUM og KFUK. Þá söfnuðum við 500 kössum og fannst það frábært. Verkefnið spurðist hratt út og árið eftir voru kassarnir orðnir fimm sinnum fleiri, um 2.500. Árið 2006 vorum við svo með um 5.000 kassa og sú tala hefur nokkurn veginn haldist síðan,“ segir Salvar Geir. Hópur sjálfboðaliða vinnur svo að því að yfirfara alla kassa sem berast. „Við viljum passa upp á að allir kassarnir innihaldi það sem þeir eiga að innihalda og séu svipaðir að gæðum. Það þarf líka að passa upp á að þeir innihaldi ekkert sem þeir ekki mega innihalda eins og vökva, stríðsleikföng eða spil,“ segir Salvar Geir. Spil eru til að mynda tengd fjárhættuspilum í Úkraínu, sem eru ólögleg og mikið vandamál þar í landi.

Jóladagur á svæðinu þar sem kössunum er dreift er 7. janúar og fer afhending fram í kringum þann dag. Árlega fylgja einstaklingar úr undirbúningshópnum kössunum utan og hjálpa til við útdeilinguna. Salvar Geir hefur farið í þrígang og segir upplifunina mikla. „Það er átakanlegt að sjá með eigin augum hvað lífskjörin eru miklu lakari þarna en við erum vön. Jafnframt er ómetanlegt að fá að afhenda kassana persónulega og upplifa gleði barnanna við að fá þá í hendur og opna þá,“ segir hann.

tinnaros@frettabladid.is

## VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT?

Allir sem hafa áhuga á geta tekið þátt og það er mjög einfalt að vera með:

1. Finndu skókassa og pakkaðu honum inn. Mikilvægt er að lokinu sé pakkað inn sér því það verður að vera hægt að opna kassann.
2. Ákveddu kyn og aldursflokk þess sem þú vilt gefa gjöfina.
3. Settu gjöfina í kassann. Það er miðað við að kassinn innihaldi að minnsta kosti einn hlut úr fimm flokkum sem gefnir eru upp og óskað er eftir að 500 til 800 krónur fylgi með hverjum kassa fyrir sendingarkostnaði. Flokkarnir fimm eru:

- Fatnaður. Til dæmis húfur, sokkar, vettlingar.
- Ritföng. Til dæmis skrifblokkir, pennar, litir.
- Leikföng. Til dæmis bangsar, bílar, boltar.
- Sælgæti. Til dæmis brjóstsykur, sleikjó, karamellur.
- Hreinlætisvörur. Mælst er til að tannbursti og tannkrem sé í öllum kössum. Sápustykki og þvottapoki er líka sniðugt.



4. Lokaðu kassanum og skilaðu honum inn. Hægt er að skila honum inn víðs vegar um landið en aðalskilastaður í Reykjavík er í höfuðstöðvum KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28. Lokadagur til að skila inn kössum er næstkomandi laugardagur, 10. nóvember. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni Skokassar.net.


†



Elskulegi bróðir okkar,

**JÓN JÓNSSON**
**Frumskógum 1, Hveragerði,**

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir fá starfsmenn og vistmenn Áss í Hveragerði fyrir góða umönnun og vináttu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rósa Jónsdóttir**
**Ásta Jónsdóttir**
**Álfheiður E. Jónsdóttir**
**Anna Margrét Jónsdóttir**


## Þetta gerðist þennan dag...

**1520** Aftökur hefjast í Stokkhólmsvígunum.

**1879** Hið íslenska fornleifafélag er stofnað.

**1895** Wilhelm Conrad Röntgen uppgötvar röntgengeislana þegar hann er að gera tilraunir með rafmagn.

**1923** Bjórkjallarauppreisnin svokallaða á sér stað í München í Þýskalandi. Adolf Hitler leiddi þá hóp nasista sem reyndu að fella þýsku ríkisstjórnina en þeim mistókst það ætlunarverk sitt.

**1923** Knattspyrnufélag Reykjavíkur býður upp á fimleikaæfingar.

**1949** Fyrstu umferðarljósin eru tekin í notkun á fernum gatnamótum í miðbæ Reykjavíkur.

**2006** Byrjað er að selja Windows Vista til fyrirtækja.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## FYRIR LASIN BÖRN

**Alls kyns pestir ganga nú á leikskólum. Lasin börn eru lystarlaus en þau þurfa bæði orku og vökva. Góð leið til að koma einhverju ofan í þau er að gefa þeim frostpinna, annaðhvort heimagerðan úr ferskum ávöxtum eða keyptan úr búð.**




ÁÐUR KR. 8.680,- og 30% afsláttur
ýmsar gerðir í boði

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur



Eirberg



Verð: 9.750 kr.

H2O heilsukoddinn

Mediflow

• Minnkar verki í hálsi og eykur svefngæði • Fylltur með vatni eftir þörfum hvers og eins

Opið kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is





NÝ SENDING
AF VINSÆLU
GALLABUXUNUM FRÁ

PULZ
JEANS

Háar í mittið í þremur síddum!

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook


# SÆKJA Í BRAGÐIÐ AF TAÍLANDI

**NAREE THAI KYNNIR** *Frá aldargömlu húsi við Frakkastíg berst unaðsleg og lokkandi angan af heimagerðum taílenskum mat, upprunnum í landi brossins. Þar má njóta alkunnra taílenskra sælkerarétta á hefðbundinn máta og í gómsætum grænmetisútgáfum.*

Við pottana standa mæðgurnar Jaroon og Sukanya Nuamnui, rómaðir sælkerakokkar á austurlenska vísu.

„Naree Thai er gælunafn yfir fallegar taílenskar konur,“ útskýrir Jaroon um merkingu nafngiftar veitingastaðarins, sem var opnaður í ársbyrjun í brekkunni ofan við Laugaveg, á horni Frakkastígs og Grettisgötu.

Jaroon er frá héraðinu Sukhothai, sem er norðarlega í Taílandi. Hún hefur verið búsett hérlendis síðan á níunda áratugnum og er gift Sigurði B. Guðmundssyni. Þau hjón hafa mikla reynslu af austurlenskri matargerð og stofnuðu meðal annars taílenska veitingastaðinn Menam á Selfossi við góðan orðstír.

„Matreiðslan á Naree Thai er ættuð frá heimahéraði mínu í Taílandi þar sem ríkuleg áhersla er á ferskt grænmeti. Á matseðlinum eru þekktir austurlenskir kjöt- og fiskréttir en í ljósi vaxandi eftirspurnar eftir aðalréttum úr grænmeti og tófú höfum við útbúið sérstakan matseðil með hefðbundnum taílenskum sælkeraréttum þar sem grænmeti og tófú eru uppistaðan í stað kjöts. Það hefur slegið í gegn og margir eru ánægðir með að geta breytt eftirlætiskarríréttum sínum í grænmetisrétti,“ segir Jaroon.

„Hingað er notalegt að koma og staðurinn hefur yfir sér mikinn sjarma og rólegt og ljúft yfirbragð. Því kjósa gestir að setjast hér niður og hafa það huggulegt yfir taílenskum krásum og skemmtilegu spjalli,“ segir Jaroon.

Á Naree Thai býðst einnig freistandi tilboð á völdum réttum úr taílenska eldhúsinu fyrir tvo, bæði hefðbundnir réttir og af grænmetismatseðli.



**KOKKARNIR** Mæðgurnar Jaroon og Sukamya Muamnui, eigendur og yfirkokkar á veitingastaðnum Naree Thai.



**MATUR Í MIÐBÆJARSJARMA** Naree Thai stendur í brekkunni ofan við Laugaveg, á horni Frakkastígs og Grettisgötu. Þangað er gott að koma til að eiga góða stund yfir dásamlegum mat. MYND/STEFÁN

„Viðtökurnar hafa verið yndislegar og orðsporið farið vaxandi eins og vinsældirnar. Töfrar taílenskrar matargerðar felast í ferskleika og bragðmiklum mat sem þó skilur fólk ekki eftir logandi í munni. Taílenskur matur endurspeglar taílenska þjóð sem er glaðlynt, elskulegt og kærleiksríkt fólk. Þeir sem hafa komið til Taílands verða ekki samir eftir heimsóknina og sækja aftur og aftur í matinn góða sem þeir kynntust í landi brossins.“



**KJÖT EÐA GRÆNMETI?** Á Naree Thai er hægt að panta þekkta austurlenska rétti með grænmetisfyllingu í stað kjötfyllingar.


www.svefn.is

20-70% afsláttur

LAGERÚTSALA
að Kletthálsi 13
Rýmum fyrir nýjum vörum
Aðeins í 3 daga!

fimmtud. 8. nóv. 12-18
föstud. 9. nóv. 12-18
laugard. 10. nóv. 12-16

Sími lagarútsölunnar er 660 0023

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00





**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS





# SAFNA SPARIFÖTUM

**UMHVERFISVÆN UPPÁKOMA** *Árný Sigurðardóttir stendur fyrir fjáröflunarkvöldi fyrir Rauða krossinn á Rosenberg í samvinnu við íslenska fatahönnuði. Tekið verður við sparifötum á staðnum.*

Við viljum vekja athygli á Rauða krossinum og því hvernig hönnuðir og fyrirtæki og samfélagið allt geta unnið saman að sjálfbærni," segir Árný Sigurðardóttir. Hún stendur fyrir fjáröflunarkvöldi fyrir Rauða kross Íslands á Café Rosenberg næsta mánudagskvöld ásamt Þuríði Rögnu Jóhannesdóttur og Huldu Dröfn Atladóttur.

Á samkomunni verður til sölu notaður fatnaður úr Rauða krossinum og fatnaður eftir íslenska hönnuði úr Leynibúðinni á Laugavegi en hönnuðir gefa 15 prósent af andvirði sölunnar til Rauða krossins. Einnig verður tekið við sparifatnaði til Rauða krossins á staðnum og haldin tískusýning á sparifatnaði sem starfsmenn Vífilfells söfnuðu innanhúss hjá sér til styrktar Rauða krossinum.

Árný stundar mastersnám í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ og fékk þá hugmynd út frá skólaverkefni að koma upp tengslaneti milli hönnuða og listafólks sem stundar sjálfbærni.

„Mig langaði líka sjálfa að búa til hluti á sjálfbæran hátt og hafði samband við Rauða krossinn um samstarf. Stefnan er að setja upp viðburði sem þennan um allt land og fá til liðs við okkur hönnuði á hverjum stað en við erum búnar að halda einn slíkan viðburð á Snæfellsnesi sem gekk vel. Út um allt land er fólk að vinna hluti á sjálfbæran hátt en veit ekki hvert af öðru. Við viljum líka vekja athygli á hve mikið er til af hráefni sem nýta mætti betur, til dæmis föt, en Rauði krossinn flytur út milli 700 og 800 tonn af fatnaði sem seldur er á vægu verði. Með samstarfi við hönnuði mætti auka verðmætin," segir Árný. Sjálf hefur hún búið til fatnað undir merkinu Sow og hugði á hönnunarnám eftir listnámsbraut í Iðnskólanum. Leið hennar lá þó í allt aðra átt. „Ég tók algera U-beygju og fór í hagfræði og stjórnmálafræði á Bifröst og svo í umhverfis- og auðlindafræði. Nú er ég komin með góðan grunn fyrir hönnunina," segir hún hlæjandi.

Fjáröflunarkvöldið hefst klukkan 19.30 mánudagskvöldið 12. nóvember á Rosenberg. Bjarndís Helga Tómasdóttir verður kynnir kvöldsins og verður með uppistand og spuna. Plötusnúður mun svo halda uppi fjörinu um kvöldið. Nánar má forvitnast um viðburðinn á Sow Icelandic Creation á Facebook. ■ **heida@365.is**

**VEKJA ATHYGLI Á SJÁLFBÆRNI** Árný Sigurðardóttir stendur fyrir fjáröflunarkvöldi fyrir Rauða krossinn ásamt Þuríði Rögnu Jóhannesdóttur og Huldu Dröfn Atladóttur á Rosenberg á mánudagskvöldið.
MYND/STEFÁN











20
Við erum 20 ára!
Af því tilefni bjóðum við til afmælisveislu
• Léttar veitingar á boðstólum.
• Olga Soffía Einarsdóttir stíllisti verður á svæðinu milli kl. 17 og 22 og veitir góð ráð.
• Taktu þátt í afmælisleiknum og þú átt möguleika á að vinna 50.000 kr. gjafabréf hjá okkur.
20% afsláttur af öllum vörum aðeins í dag!
Opið frá 10-22
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is










# GULLIÐ BÍÐUR MÍN

**NÚTÍMASKART** *Íslenskir skartgripir prýða nú finnsk-íslenska samsýningu í Helsinki, hönnunarborg heimsins 2012. Hildur Ýr Jónsdóttir á nokkra þeirra.*

Það þarf þor til að bera skartgripina mína því þeir eru stórir og vekja athygli," segir Hildur Ýr Jónsdóttir, skartgripahönnuður og ein fimm íslenskra hönnunarteyma á sýningunni Láði & legi í Hanasaari í Hanaholmen utan við Helsinki.

„Ég lagði stund á samtímaskartgripalist og -hönnun en ekki hefðbundna gullsmíði við listaháskóla í Hollandi. Námið snerist meira um hugmyndafræði en verkþekkingu og velt upp hvaða tilgangi skartgripir þjóna, hvað sagt er með skarti og hvaða yfirlýsingar má senda frá sér með skartgripum," útskýrir Hildur Ýr, sem bjó ekki yfir neinni tækniþekkingu þegar hún fór í skólann og þarf því að finna leiðir og lausnir til úrvinnslu á sköpunarverkum sínum.

„Helmingur nemenda sótti sérstaklega í námið til að brjóta múra verkþekkingar sinnar og hugsa út fyrir rammann, svo þessu fylgja bæði kostir og gallar," segir hún og brosir.

Hildur Ýr var lítt áhugasöm um skart áður en hún heillaðist af skartgripadeild listaháskólans.

„Mér fannst smæðin vera spennandi og það að festast ekki í ákveðnu efni en einnig að samtímasaga íslenskra skartgripa er ekki til."

Hildur Ýr rifjar upp ástandið á Íslandi við útskrift 2006 en þá var þjóðarsálin í uppnámi vegna Kárahnjúkavirkjunar.

„Í því andrúmslofti ákvað ég að mitt framlag bæri titilinn Iceland Under Attack því mér fannst álið vera að taka allt yfir og hannaði sterkan, þungan skartgrip úr áli. Í seinni tíð hef ég ekki verið eins yfirlýsingaglöð og nota aðallega blönduð efni, postulín, flotkúlur og ryðgað járn sem tengist íslenskum sjávarútvegi og heillar mig mjög. Gullið bíður mín seinna."

Næsta verkefni Hildar Ýrar er stóra norræna samsýningin From the Coolest Corner í Ósló.

„Þar var ég valin til þátttöku ásamt þremur löndum mínum og sýni með tugum norrænna listamanna. Sýningin mun standa í hálft annað ár og fer á öll fínustu listasöfn Norðurlanda, nema á Íslandi."

■ thordis@365.is





**LÁÐ & LÖGUR**
Sýningin í Hanaholmen stendur til 20. desember og kemur til Íslands í vor. Auk Hildar sýna þar Guðbjörg Ingvarsdóttir, Ástþór Helgason, Kjartan Örn Kjartansson, Helga Mogensen og Hafsteinn Júlíusson.
MYNDIR/VALLI




# VIÐ GERUM BETUR

**AVIS BÍLALEIGA KYNNIR** *Avis bílaleiga hefur frá því í september rekið bílasölu á Nýbýlaveginum en henni verður lokað í dag og salan færist á netið.*

Bílaleiga Avis leggur mikinn metnað í að vera einungis með nýja eða nýlega bíla til útleigu. Árleg endurnýjun hluta bílaflotans er því nauðsynleg. „Við höfum verið með til sölu fjölda bíla á Nýbýlavegi en í dag lokum við þar. Framvegis verður hægt að skoða bílana á vefnum okkar www.avisbilasala.is," segir Ingigerður Einarsdóttir.

Avis hefur á undanförnum árum verið einn stærsti kaupandi nýrra bifreiða á Íslandi. „Áform stjórnvalda um breytingu á vörugjöldum gætu þó sett strik í reikninginn hvað framtíðarfjárfestingar Avis varðar. Hér er ég að vísa í áætlaða hækkun vörugjalda á bílaleigur í nýjum fjárlögum."

Í Bifreiðaflota Avis eru yfir sextíu tegundir bifreiða til útleigu, allt frá smábílum til fjórtán manna bíla. „Við erum stolt af því að 25% allra fólksbíla okkar eru vistvænir."

Avis bílaleiga er ein stærsta og þekktasta bílaleiga í heimi og rekur yfir 5.300 stöðvar í 166 löndum. „Við bjóðum upp á leigustöðvar í öllum helstu þéttbýliskjörnum á Íslandi og því lítið mál að leigja bíl á einum stað og skila honum á öðrum."

Einkunnarorð Avis hafa frá 1962 verið „Við gerum betur". „Í þessum orðum er fólgin sannfæring um að gott samband við viðskiptavini byggir á einbeittum vilja fyrirtækisins til þess að gera betur bæði hvað varðar þjónustu og fagmennsku."

Langtímaleiga Avis er þjónusta fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga sem sífellt nýtur meiri vinsælda. „Hægt er að leigja bílana alveg upp í þrjú ár í einu og því þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða."

Sendibílaleiga er nýr valkostur hjá Avis þar sem boðið er upp á leigu á fjórum stærðum af sendibílum sem henta fyrirtækjum jafnt sem einstaklingum. „Þetta eru litlir VW Caddy sem henta vel í skutlið, tvær stærðir af Renault-sendibílum og VW-kassabílar með lyftu. Leigutíminn er mjög sveigjanlegur eða frá fjórum tímum til 36 mánaða. Þurfir þú að leigja bíl, hérlendis eða erlendis, getur þú verið viss um að bílaleiga Avis mun ávallt veita þér bestu þjónustu sem bílaleiga býður upp á."

**AVIS UM ALLT LAND**
Avis er með starfsstöðvar í öllum helstu þéttbýliskjörnum Íslands og því lítið mál að leigja bíl á einum stað og skila honum á öðrum.
MYND/VILHELM

**BÍLAR TIL SÖLU**
***Avis endurnýjar hluta bílaflotans árlega og hefur því rekið bílasölu á Nýbýlavegi síðan í september. Henni verður lokað í dag en framvegis verður hægt að skoða bílana á vefslóðinni avisbilasala.is***

# HEILSA

FIMMTUDAGUR **8. NÓVEMBER 2012**

**Kynningarblað**

**Hugleiðsla, frjósemi, svefn og heilsa og líðan Íslendinga.**







Mun færri egg eru í eggjastokkum kvenna sem eiga mæður sem fóru snemma á breytingarskeiðið, að því er fram kemur í danskri rannsókn.

# Tíðahvörf móður hafa áhrif á frjósemi

Konur geta hugsanlega metið eigin frjósemi eftir því hvenær tíðahvörf urðu hjá mæðrum þeirra, samkvæmt danskri rannsókn sem birt var í tímaritinu Human Reproduction.

Mun færri egg reynd-ust vera í eggjastokkum kvenna sem áttu mæður sem fóru á breytingaskeið fyrir 45 ára aldur en í eggjastokkum kvenna sem áttu mæður þar sem tíðahvörf hófust eftir 55 ára aldur, samkvæmt danskri rannsókn sem segir frá í frétt á vef BBC. Niðurstöðurnar voru birtar í tímaritinu Human Reproduction.

Konur fæðast með öll sín egg. Þegar kynþroskaaldri er náð losnar eitt egg á mánuði úr eggjastokkum allt þar til tíðahvörf verða. Til að meta fjölda eggja hjá þátttakendum var horft til magns AMH-hormóns í líkamanum og fjölda eggbúa. Þessir þættir gáfu til kynna hversu mörg egg ættu eftir að losna úr eggjastokkunum. Þá lækkaði magn hormónsins og eggbúum fækkaði hraðar hjá þeim konum sem áttu mæður sem fór snemma á breytingaskeið.

Samkvæmt rannsókninni líða um 20 ár frá því frjósemi kvenna fer að dvína og þar til tíðahvörf verða. Frjósemi konu sem fór á breytingaskeið 45 ára fór því að dvína strax um 25 ára aldur.

Rannsóknin náði til 527 kvenna á aldrinum 20 til 40 ára og sagði dr. Janne Bentzen, sem leiddi rannsóknina, langtímarannsóknir nauðsynlegar til að gefa skýrari mynd.

Kári segir enga ákvörðun hafa verið tekna um framhaldið en þó hafi komið til tals að hljóðrita lagið. „Það kemur mjög vel til greina. Þetta lag hefur ekki komið fyrir sjónir manna og yfirleitt hefur verið talið að Pétur hafi einungis samið lag við einn sálm í sálmabókinni, þannig að það er full ástæða til að halda þessu á lofti í minningu hans.“

fridrikab@frettabladid.is



**ORGANISTI HEIÐRAÐUR** Kári Þormar og Hallveig Rúnarsdóttir við fyrsta orgel Dómkirkjunnar, sem Pétur Guðjohnsen stóð fyrir að fá til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 8. nóvember**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist Rangæinga og Skaftfellinga verður haldin í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir og gott með kaffinu.

### Sýningar

**20.00** Nemendur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sýna í Tjarnarbíói. Sýningin ber heitið White cube mætir black box.

### Bókmenntir

**17.00** Í tilefni af útgáfu skáldsögu Lýðs Árnasonar er efnt til útgáfuhófs í bókaversluninni Iðu, Lækjargötu 2a.

### Tónlist



**20.00** Stórtónleikar verða haldnir í Grafarvogskirkju til styrktar BUGL og Líknarsjóði Lkl Fjörgynar. Meðal þeirra sem fram koma eru Jón Jónsson, Védís Hervör, Stefán Hilmarsson, Eyjólfur Kristjánsson, Garðar Cortes og Greta Salóme. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Útgáfutónleikar Friðriks Ómars verða haldnir í Hörpu í tilefni nýrrar sólóplötu hans.

**21.00** Styrktartónleikar fyrir Sólskinsbörn verða haldnir á Mánabar. Sólskinsbörn eru samtök sem berjast gegn einelti og hjálpa eineltisþolendum og eru þau starfandi um allt land. Meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum er Kiriyama Family, Eyþór Ingi, Hjalti úr Múgsefjun og Svavar Knútur. Miðaverð er kr. 1.500 og rennur ágóðinn óskertur til samtakana.

**21.00** Hljómsveitin Kyrr leikur á Café Rosenberg.

**21.00** Færeyska söngkonan Guðrið Hansdóttir heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.30** Trúbadorarnir Bergur Thorberg, Oddur Albertsson, Magnús Einarsson og hr. Halli halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.00** Jessica Guse, aðjúnkt í þýsku við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur um slam-ljóðlist í stofu 106 í Odda Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og ber yfirskriftina Poetry Slam in Class for Foreign Languages.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Til hamingju

## KJARTAN YNGVI BJÖRNSSON OG SNÆBJÖRN BRYNJARSSON HLJÓTA ÍSLENSKU BARNABÓKAVERÐLAUNIN Í ÁR



**Hrafnsauga er fyrsta bókin í Þriggja heima sögu, æsispennandi sagnaflokki þar sem blóðgaldrar, falin leyndarmál og gleymdar óvættir ógna heimunum öllum**




VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

ÍSLENSKU BARNABÓKA VERÐLAUNIN

**FYRIR FANTASÍULESENDUR Á ÖLLUM ALDRI**

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is



**BORN TO BE FREE** með Borko er plata vikunnar ★★★★☆
*„Borko snýr aftur fjórum árum seinna með fína plötu.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# *Sagan endurtekur sig*

Fyrir þrjátíu árum þegar geisladiskurinn var nýr kostaði hann töluvert meira út úr búð heldur en vínylplatan. Verðmunurinn var útskýrður með háum framleiðslukostnaði og meiri gæðum. Þessi nýja tækni var svo fullkomin, hljómurinn miklu betri og hlustandinn yrði laus við snarkið í þessum rispum sem alltaf kæmu á vínylplöturnar með notkun.

Í dag er búið að snúa þessu alveg við. Nú er vínyllinn miklu dýrari en geisladiskurinn. Ástæðurnar eru hærri framleiðslukostnaður og meiri gæði. Geisladiskurinn getur aldrei náð þessum hlýja og náttúrulega hljómi sem vínylplatan býður upp á. Og svo er snarkið svo notalegt.



Verðmunurinn er augljós þegar við berum saman stóra og flotta pakka. Blur-boxið margrómaða sem kom út í sumar er bæði fáanlegt á vínyl og CD. Í fyrrnefnda boxinu eru sjö vínylplötur. Í því síðarnefnda er átján hljómdiskar og þrír mynddiskar. Vínylboxið er samt dýrara. Annað dæmi er Bítla-boxið. Fyrir þremur árum komu allar Bítlaplöturnar út á CD. Steríó-útgáfan inniheldur 16 diska og kostar um 35 þúsund krónur. Á mánudaginn koma sömu plötur út í forláta vínylplötuboxi. Verðið á því slagar hátt í 60 þúsund …

Það þarf ekki að efast um að framleiðslukostnaður sé hærri á vínyl, en framleiðslukostnaður er samt bara hluti af verðmyndunninni. Hann einn nægir ekki til að réttlæta þennan mikla mun. Verðið fer líka eftir því hvað kaupandinn er tilbúinn að borga og í dag eru kaupendur til í að borga miklu meira fyrir vínylinn. Hann þykir eigulegri gripur og stofustáss á meðan geisladiskurinn er ódýrt dót fyrir fjöldann. Það verður gaman að fylgjast með þróuninni í framtíðinni. Persónulega hef ég bara eitt mottó í sambandi við þessi mál: Það er tónlistin sem skiptir mestu máli, ekki miðillinn …



**ROKK OG RÓL!** Chris Cornell og Kim Thayil á tónleikum með Soundgarden fyrir skömmu. Hljómsveitin gefur eftir helgi út plötuna King Animal. NORDICPHOTOS/GETTY

# Soundgarden snýr aftur

**Rokkararnir í Soundgarden hafa snúið aftur með nýja plötu eftir fimmtán ára hlé. Fyrsta smáskífulagið heitir Been Away Too Long.**

Eftir fimmtán ára hlé eru Seattle-rokkararnir í Soundgarden mættir aftur með nýja plötu, King Animal.

Síðan þeir komu aftur saman fyrir tveimur árum hafa þeir verið að taka upp ný lög og afraksturinn er King Animal sem kemur út eftir helgi. Upptökustjóri var Adam Kasper sem hefur starfað með Foo Fighters, Queens of the Stone Age og Pearl Jam. Í nýlegu viðtali við NME segir söngvarinn Chris Cornell að á plötunni haldi þeir áfram þar sem frá var horfið á þeirri síðustu. „Allir meðlimirnir semja lögin og þess vegna er þetta mjög fjölbreytt plata,“ sagði hann.

Fyrsta smáskífulagið heitir Been Away Too Long og þar er að sjálfsögðu vísað í hina löngu fjarveru Soundgarden frá sviðsljósinu.

Hljómsveitin hætti störfum árið 1997, skömmu eftir að Down on the Upside kom út. Sú plata fékk fínar viðtökur. Hún náði öðru sætinu á bandaríska Billboard-listanum og tvö smáskífulög, Burden in My Hand og Blow Up the Outside World, fóru á toppinn.

Skömmu síðar, eða 1997, hætti Soundgarden. Menn voru orðnir þreyttir á stöðugu tónleikahaldi og einnig hver á öðrum. Að auki höfðu þeir deilt um framtíðarhljóm sveitarinnar. Söngvarinn Chris Cornell vildi draga úr þungum gítarriffunum og prófa nýjar og léttari slóðir, við litla hrifningu gítarleikarans Kim Thayil.

Cornell hafði í nógu að snúast í „fríinu“. Hann hóf sólóferil og gaf út Euphoria Morning árið 1999. Tveimur árum síðar stofnaði hann rokksveitina Audioslave með fyrrverandi meðlimum Rage Against the Machine. Eftir gott gengi hennar hætti Cornell og hún leystist upp. Söngvarinn gaf út tvær sólóplötur til viðbótar, sem fengu heldur dræm viðbrögð.

Thayil spilaði inn á plötu Probot, hliðarverkefnis Dave Grohl, en hafði sig annars lítið í frammi. Trommarinn Matt Cameron hafði meira að gera því hann spilaði með The Smashing Pumpkins á plötunni Adore en gekk svo til liðs við Pearl Jam og hefur spilað inn á fjórar plötur með þeirri sveit. Bassaleikarinn Ben Sheperd spilaði með Mark Lanegan, fyrrverandi söngvara Screaming Trees.

Soundgarden hefur verið á tónleikaferð á þessu ári og nýlega var tilkynnt um spilamennsku á tónleikum Hard Rock Calling sem verða í Hyde Park í London næsta sumar. Iggy & The Stooges og Cold Chisel koma þar einnig fram.

freyr@frettabladid.is

## EIN VINSÆLASTA GRUGGROKKSVEITIN

Soundgarden var ein vinsælasta grugghljómsveitin á tíunda áratugnum. Hún var ein margra slíkra sem voru á mála hjá útgáfunni Sub Pop. Soundgarden varð fyrsta gruggsveitin til að semja við stórt útgáfufyrirtæki, A&M, en sló ekki í gegn fyrr en Nirvana, Pearl Jam og Alice in Chains höfðu komið grugginu á kortið. Vinsælasta plata hljómsveitarinnar var Superunknown. Hún náði efsta sæti Billboard-listans og á henni voru smáskífulögin Black Hole Sun og Spoonman.

## Í SPILARANUM



Jónas Sigurðsson og Lúðrasveit Þorlákshafnar - **Þar sem himin ber við haf**



Elíza Newman - **Heimþrá**



Magni - **Í huganum heim**


# Lýðræði á 21. öld

**Ráðstefna um eflingu lýðræðis á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 10. nóvember 2012 klukkan 10 til 15.**

**Dagskrá**

**09.30 til 10:00:**
- **Stúlknakórinn Graduale Nobili syngur nokkur lög**

**10.00 til 12.00:**
- Ráðstefnustjórar: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytis og Kristinn Már Ársælsson, stjórnarmaður í Öldu: **Ráðstefna og dagskrá kynnt**
- Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra: **Lýðræði á nýrri öld: Valdið til fólksins**
- Melissa Mark-Viverito, borgarfulltrúi í New York, og Donata Secondo, verkefnisstjóri The Participatory Budgeting Project: **Fjárhagsáætlunargerð með þátttöku íbúa í New York**

**12:00 til 12.30 Matarhlé**

**12.30 til 13.15:**
- Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari: **Íbúalýðræði í Reykjavík**
- Jón Gnarr, borgarstjóri: **Betri Reykjavík og beint lýðræði**

**13.15 til 14.50:**
- Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna: **Börn mega gagnrýna skólann!**
- Unnur Helgadóttir og Ásta Margrét Helgadóttir, ungmenni frá Ráðgjafarhópi umboðsmanns barna: **Maður þarf ekki að vera orðinn 18 til að hafa skoðun!** Martin Østerdal, framkvæmdarstjóri LNU, Landsrådet for norske barne- og ungdomsorganisasjoner: **Þátttaka barna og kosningar – kosningaaldur og leiðir ungmenna til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi**

**14.50 til 15.00**
- Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra: **Lokaorð**

- Ráðstefnan er öllum opin, ókeypis og aðgengileg.
- Rit og táknmalstúlkun og túlkun erlendra fyrirlesara.
- Bein útsending: Fjölmiðladeild Flensborgarskólans tekur upp og sendir út dagskrá ráðstefnunnar frá vefsvæði sínu: www.gaflari.is
- Nánari upplýsingar á vefsíðum Innanríkisráðuneytisins: irr.is, umboðsmanns barna: barn.is, Reykjavíkurborgar: reykjavik.is og Öldu: alda.is.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg alda UMBOÐSMAÐUR BARNA


## LAGALISTINN

Vikuna 31. október - 7. nóvember 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▶ | 2 | Retro Stefson | *Glow* |
| ▲ | 3 | Valdimar | *Sýn* |
| ▲ | 4 | Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson | *Froðan* |
| ▼ | 5 | Mumford & Sons | *I Will Wait* |
| ▼ | 6 | Muse | *Madness* |
| ▲ | 7 | Rihanna | *Diamonds* |
| ▲ | 8 | Philip Philips | *Home* |
| ▲ | 9 | Jónas Sigurðsson | *Hafið er svart* |
| ▼ | 10 | Magni | *Augnablik* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 31. október - 7. nóvember 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▶ | 2 | Skálmöld | *Börn Loka* |
| ▲ | 3 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▼ | 4 | Valdimar | *Um stund* |
| ▶ | 5 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▲ | 6 | Jóhann Jóhannsson | *Copenhagen Dreams* |
| ▶ | 7 | Jónas Sigurðsson | *Þar sem himin ber við haf* |
| ▲ | 8 | Steind. Anders. & Hilmar Ö. Hilmars. | *Stafnbúi* |
| * | 9 | Samaris | *Stofnar falla EP* |
| ▲ | 10 | Mugison | *5 CD Pakki* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


JÓLIN ERU KOMIN Í BYKO!
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
INNISERÍA VERÐ FRÁ: 299 kr.
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
HANDÞEYTARI 2.390 kr.
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
ÚTISERÍA VERÐ FRÁ: 1.390 kr.
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
HRAÐSUÐUKANNA 2.390 kr.
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ – ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
Vnr. 88166753
Kúla með snjókornum, 10 ljós, 10 cm.
1.490 kr.
Vnr. 88166280
MONA aðventuljós, 9 ljós.
2.690 kr.
Vnr. 88167391
Stjarna með perlum, 10 ljós, 30 cm.
2.990 kr.
Vnr. 88948640-45
Slönguljós, glær, rauð eða mislit.
350 kr./lm
Vnr. 65103019
KHG SHINEY ryksuga, 1400W.
8.990 kr.
Vnr. WA1
WILFA vöfflujárn, 1000W, með 5 hjörtum, stillanlegur hiti.
4.995 kr.
Vnr. 65103221
SINBO samlokugrill, 700W.
2.990 kr.
Vnr. 65103208
SINBO brauðrist, hvít, 700W.
1.990 kr.
Vnr. 41119205
Pottasett, 4 stk.
15.990 kr.
Vnr. 41100109
Matar- og kaffistell fyrir 4, alls 20 stk.
7.990 kr.
Vnr. 41118062
Kökuskreytingasett.
479 kr.
Vnr. 45002613
Kökuform, 24 cm.
1.590 kr.
Vnr. 41130447
Mælikanna, 1 bolli.
299 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa



**LEIKUR FLO** Fyrirsætan fyrrverandi, Agyness Deyn, fer með hlutverk Flo í breskri endurgerð dönsku myndarinnar Pusher. Danska myndin, í leikstjórn Nicolas Winding Refn, sló eftirminnilega í gegn árið 1996. Deyn hefur sagt skilið við tískubransann og hyggst einbeita sér að kvikmyndaleik héðan af.



**HEIMILDAHÁTÍÐ** Bíó:Dox-heimildarmyndahátíðin hefst í Bíó Paradís annað kvöld. Searching for Sugar Man verður meðal annars sýnd á hátíðinni.

# Heimildarmyndum hampað í Paradís

Heimildarmyndaklúbbur Bíó Paradís stendur fyrir heimildarmyndahátíðinni Bíó:Dox sem fram fer dagana 9. til 15. nóvember. Þema hátíðarinnar er list og sýndar verða fimm heimildarmyndir sem gefa áhorfandanum innsýn í líf ólíkra listamanna.

Þær heimildarmyndir sem verða sýndar á hátíðinni nefnast Jiro Dreams of Sushi, Wonder Women: The Untold Story of American Superheroines, Marina Abramovich: The Artist Is Present, Woody Allen: A Documentary og Searching for Sugar Man. Þrjár síðastnefndu myndirnar voru sýndar á kvikmyndahátíðinni Riff í október og komust þá færri að en vildu. Hver mynd verður sýnd nokkrum sinnum á meðan á Bíó:Dox stendur og hægt er að nálgast upplýsingar um sýningartíma á vefsíðu Bíó Paradís.

## KVIKMYNDARÝNI

★★★★☆
**SKYFALL**
Þrælspennandi og skemmtileg frá upphafi til enda. Ég bið ekki um mikið meira.

★★★★☆
**SUNDIÐ**
Heiðarleg, grípandi og að mestu vel gerð heimildarmynd um áhugavert og vel til fundið viðfangsefni.

★★★★☆
**HREINT HJARTA**
Afslöppuð mynd um forvitnilegan mann.



★★★★☆
**PURGE**
Ekki fyrir alla, en eftirminnileg og gríðarlega vel leikin.






**ALLT Í ÖLLU** Ben Affleck framleiðir og leikstýrir spennumyndinni Argo. Hann fer einnig með aðalhlutverk myndarinnar.

# Besta kvikmynd Afflecks

**Spennumyndin Argo verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum.**

### VILDI FÁ PITT Í AÐALHLUTVERKIÐ

- Kvikmyndin sem CIA sagðist vera að framleiða í Íran árið 1979 bar titilinn Lord of Light og var handritið byggt á skáldsögu Roger Zelazny.
- Affleck vildi fá Brad Pitt í hlutverk Tony Mendez en þar sem Pitt var upptekinn í öðrum verkefnum tók Affleck sjálfur að sér hlutverkið.
- Myndin var sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto og var þá gagnrýnd fyrir það að hafa gert minna úr hlutverki kanadíska sendiherrans. Sá lék stórt hlutverk í því að vernda og aðstoða bandaríska sendiráðsstarfsfólkið.

Argo segir frá atburði sem átti sér stað í Teheran árið 1979. Hinn 4. nóvember það ár hertóku íranskir hermenn bandaríska sendiráðið og héldu starfsmönnum þess í gíslingu. Innrásin var gerð í hefndarskyni vegna stuðnings Bandaríkjanna við keisarann Reza Pahlavi sem hafði verið steypt af stóli nokkru áður. Sex starfsmönnum sendiráðsins tókst þó að komast undan og földu þeir sig í kanadíska sendiráðinu. Bandarísk stjórnvöld lögðu á ráðin um hvernig mætti koma sexmenningunum heim og ákváðu að dulbúa sérsveitarmenn sem kvikmyndagerðarfólk sem væri við tökur á kvikmynd í Íran.

Ben Affleck leikur sérsveitarmanninn Tony Mendez, sem var fenginn til að stýra björgunaraðgerðinni. Mendez hafði áður starfað sem teiknari og hönnuður hjá fyrirtækinu Martin Marietta en hjá CIA fékkst hann oftast við skjalafals og búningahönnun. Affleck lætur sér ekki nægja að fara með aðalhlutverk myndarinnar heldur leikstýrir henni einnig. Hann tók myndina upp á venjulega filmu og stækkaði síðan hvern ramma til að ná þeirri myndupplausn sem sjá mátti í kvikmyndafilmum frá áttunda áratugnum. Affleck framleiðir jafnframt myndina ásamt leikurunum Grant Heslov og George Clooney.

Með önnur hlutverk í myndinni fara Bryan Cranston, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt úr sjónvarpsþáttunum Breaking Bad, John Goodman, Alan Arkin, Tate Donovan, Victor Garber og Clea Duvall.

Myndin hefur fengið glimrandi góða dóma víðast hvar og á vefsíðunni Rottentomatoes.com fær hún 95 prósent í einkunn. Gagnrýnendur segja myndina vera í hópi bestu kvikmynda ársins og telja nokkuð víst að hún muni keppa til Óskarsverðlaunanna í byrjun næsta árs.

# Helgin full af stórmyndum

Tom Hanks, Halle Berry, Hugh Grant og Susan Sarandon eru ágætis hópur til að vekja áhuga á stórmyndinni Cloud Atlas, sem er frumsýnd á morgun. Myndin er byggð á metsölubók Davids Mitchell og segir frá því hvernig hegðun einstaklings getur haft áhrif í fortíð, nútíð og framtíð. Fylgst er með því hvernig einni sál er breytt úr morðingja í hetju og hvernig góðmennska getur hvatt til byltingar. Myndin hefur hlotið gríðarlega góðar viðtökur og þykir einstaklega tilfinningaþrungin og mögnuð.



**ALLT HEFUR ÁHRIF** Tom Hanks og Halle Berry fara með aðalhlutverkin í stórmyndinni Cloud Atlas sem segir frá því hvernig hegðun einstaklings getur haft áhrif í fortíð, nútíð og framtíð.

Á morgun verður Disney-teiknimyndin Wreck-it Ralph einnig frumsýnd. Henni var afar vel tekið vestanhafs og fór beint á toppinn þar um helgina. Aðalpersónur myndarinnar eru mörgum kunnar en um er að ræða heimsfræga tölvuleikjakaraktera á borð við Maríó, Pacman-draugana og drekann Bowser. Aðalpersónan er þó Ralph sem er vondi kallinn í tölvuleiknum Fix-it Felix jr. Honum er farið að leiðast hlutskipti sitt og dreymir um að verða hetjan. Einn daginn ákveður hann því að gera eitthvað í málinu og setur þá allan tölvuleikjaheiminn á annan endann. John C. Reilly, Jane Lynch og Ed O'Neill eru meðal þeirra sem ljá persónum myndarinnar rödd sína.

- trs

# Windows 8



FRÁBÆRT VERÐ!

**TOSHIBA**

15,6"

TOS SAT C855-1U8
Intel Pentium örgjörvi, stórt 6GB minni, Intel HD Graphics skjákort og 640GB harður diskur. USB3.0 tengi margfaldar flutningshraða á gögnum og HDMI tengi tryggir hámarksgæði í tengingu við sjónvarp eða hljómtæki.

**109.990**

FYRSTA WINDOWS 8 SPJALDTÖLVAN Á ÍSLANDI!

**ASUS**



ASUS TF600T-1B010R
Komdu og skoðaðu fyrstu spjaldtölvuna okkar sem fáanleg er með Windows 8 RT fyrir spjaldtölvur. Til á lager. Öflugur fjögurra kjarna Tegra 3 örgjörvi, 64 GB minni, 10,1" hágæða IPS skjár. Innbyggt GeForce Tegra 3 skjákort.

**149.990**



INTEL PENTIUM

**acer** ACER AO 756-012

Mjög létt og nett með Intel Pentium örgjörva. 11,6" skjár, 4GB vinnsluminni og stór 500 GB harður diskur. Kemur uppsett með nýja Windows 8 stýrikerfinu.

**89.990**



15,6" INTEL PENTIUM

**TOSHIBA** TOSHIBA SAT C850-1C8

Góður örgjörvi og Intel Graphics 3000 skjástýring. 4GB vinnsluminni og 500 GB harður diskur.

**99.990**



INTEL CORE i5

**TOSHIBA** TOSHIBA SAT C855-1VU

Mikið fyrir peninginn í þessari kraftmiklu 15,6" fartölvu sem kemur með Intel i5 örgjörva. Sérstaklega skemmtilega hönnuð í flottum hvítum lit.

**129.990**



GEFORCE SKJÁKORT OG 8GB MINNI

15,6"

**ASUS** ASUS S56CM-XX043H

Kröftug fartölva með Intel i5 örgjörva og frábæru 2GB GeForce GT635M skjákorti og 8GB vinnsluminni. 500GB harður diskur.

**169.990**



13,3" ULTRABOOK MEÐ HYBRID DISK

**ASUS** ASUS UX32A-R3024H

Örþunn Zenbook úr verðlaunalínu frá Asus. Hybrid diskur með 24GB SSD og 500 GB hörðum diski. 13,3" skjár, Intel Core i3. Mjög létt og töff með langri rafhlöðuendingu.

**179.990**



SÚ BESTA Í LEIKINA

**ASUS**

ASUS G75VW -T1392H

Þriðju kynslóðar Intel i7 örgjörvi, 17,3" Full HD skjár, nVidia GeForce GTX 670M 3GB GDDRS leikjaskákort, 8GB vinnsluminni og 750GB harður diskur.

**299.990**

tl.is




STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |



**HÁLF TESKEIÐ AF KANIL** á dag getur komið í veg fyrir andfýlu og vont bragð í munni, en kanill vinnur gegn bakteríum sem þrífast í munninum. Þetta kemur fram í Women's Health.

# M.I.A. og Versace taka höndum saman

**TÍSKA** Söngkonan M.I.A. staðfesti nýverið að hún hefði tekið höndum saman við ítalska tískuhúsið Versace. Söngkonan vildi ekki gefa upp nánari upplýsingar um samstarfið við Versace en birti mynd af tölvuskjá sínum og þar mátti sjá möppur með heitinu „Versace Prints“, „Bootleg Versace“ og „Versace Outlines“. Því er ljóst að hlutverk M.I.A. er töluvert.

Yfirhönnuður tískuhússins er Donatella Versace og tók hún við stjórnartaumunum eftir að bróðir hennar, Gianni Versace, var myrtur. Hönnun tískuhússins þykir glysgjörn og kvenleg.

M.I.A. útskrifaðist með gráðu í myndlist og kvikmyndagerð frá Central St. Martins skólanum í London og vann um hríð sem grafískur hönnuður áður en hún sneri sér að tónlist. Söngkonan er engu minna þekkt fyrir litríkan klæðnað sinn og því er víst að samstarf hennar og Versace verður ekki dauflegt.



**LITRÍK** M.I.A. sést hér klæðast Versace frá toppi til táar. NORDICPHOTOS/GETTY









**SKEMMTILEGT VERKEFNI** Berglind Laxdal og samnemendur hennar fengu skólaverkefni sem gekk út á að bæta samfélagið á einhvern hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gaman að geta glatt aðra

**Nemendur við Háskólann við Bifröst fengu það verkefni að bæta samfélagið á einhvern hátt. Einn hópur nemenda kaus að auðvelda eldri borgurum aðgengi að lesefni.**

**FÓLK** „Við erum allar meistaranemar við Háskólann við Bifröst og verkefnið var liður í námskeiðinu Áætlunargerð og verkefnastjórnun. Það gekk út á að bæta samfélagið á einhvern hátt, annaðhvort með því að bæta umhverfið eða líf fólks. Við áttum að setja fram hugmynd, skipuleggja hana, framkvæma og loks meta árangur hennar,“ útskýrir Berglind Laxdal, nemandi við Háskólann við Bifröst. Hún og samnemendur hennar völdu að auðvelda eldri borgurum aðgengi að bókum og öðru menningartengdu efni.

„Við ræddum um hvað tengdi okkur í hópnum saman og komust að því að það var lestur. Okkur langaði mikið að miðla þessum áhuga okkar áfram inn í verkefnið. Raunin er sú að fólk missir oft hæfileikann til að geta notið lesturs þegar það eldist og sjónin versnar.“

Að sögn Berglindar duttu þær Eva Björk Káradóttir, Karen Inga Einarsdóttir og Magnea Ólafsdóttir óvænt niður á hljóðbókaspilara frá fyrirtækinu Örtækni sem er hannaður eins og gamalt segulbandstæki og auðveldur í notkun. Þær höfðu samband við fyrirtækið og óskuðu eftir því að fá að kynna og gefa eitt tæki til Félags eldri borgara.

„Með þessu er hægt að auðvelda aðgengi félagsmanna að menningarefni og FEB getur síðan lánað félagsmönnum sínum spilarann að vild.“

Hópnum þótti verkefnið bæði skemmtilegt og gefandi og segir Berglind að fólk ætti oftar að láta gott af sér leiða. „Það gefur manni mikið að geta glatt aðra og allir í bekknum höfðu virkilega gaman af þessu verkefni,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is

# *Hvenær er maður tilbúinn?*

**KYNLÍF** Í viku hverri er ég með fyrirlestur um kynlíf fyrir börn í 8. til 10. bekk grunnskóla. Fyrirlestrarnir eru gjarnan kynjaskiptir og vel sóttir. Í fræðslunni fer ég ýtarlega í allar hliðar kynfæranna og sýni þá gjarnan ljósmyndir af raunverulegum kynfærum enda mikilvægt að börn sjái fjölbreytileikann í þeim. Þá spjöllum við um margvíslega kynhegðun, kynhneigð, samskipti um kynlíf, klám og reynum að skilgreina þessa upplifun sem kynlíf er. Síðasti punkturinn er í raun í mótsögn við fræðsluna en það er ágætt að krakkarnir viti það, við erum jú öll einstaklingar með eigin upplifanir. Það á það til að gleymast á þessum árum þegar marga langar til að vera eins og „hinir“.

Mér þykir óendanlega vænt um þessa rúmu klukkustund sem við krakkarnir eigum saman, en þau hlusta ekki bara á mig blaðra heldur hlusta ég einnig á þau. Þá koma gullkornin sem fá mig oftar en ekki til að staldra við. Það er mín upplifun að greina megi ákveðna kynjaskiptingu í spurningunum. Strákarnir spyrja oft um „skrýtið“ kynlíf, eitthvað sem þeir sáu á netinu eða heyrðu af. Það virðist vera eins og þeir nálgist kynlíf meira sem skemmtiefni og eitthvað sem megi hlæja að. Þetta rímar við rannsóknir á viðhorfum íslenskra drengja til kláms. Hvort það er slæmt eða ekki get ég ekki sagt til um en þessir strákar segja mér að þeir geri greinarmun á kynlífi á netinu og raunveruleikanum.



**SPJALLAÐ** Unglingar vilja leita ráða hjá foreldrum sínum um mál er tengjast kynlífi en þora ekki. NORDICPHOTOS/GETTY

Þeim finnst þetta bara svo fyndið, sem er ágætt viðhorf því kynlíf má vera skemmtilegt og með dass af húmor.

Stelpurnar spyrja oftast hvenær maður sé tilbúinn til að stunda kynlíf og hvernig maður viti hvort maður sé tilbúinn. Þá nefna þær dæmi um ákveðinn aldur eða fjölda bólfélaga og vilja vita hvort mér finnist þessi dæmi í lagi. Þetta eru öllu erfiðari spurningar, sérstaklega í ljósi þess að engin haldbær svör eru til. Ég segi þeim frá 15 ára aldursviðmiði hegningarlaga og reyni að gefa þeim nokkrar leiðbeinandi spurningar sem þær geta svarað fyrir sjálfar sig. Þá segi ég líka að þær eru ekki tilbúnar að sofa hjá ef þær hafa ekki stundað sjálfsfróun því fyrsta kynlífið sem maður stundar á að vera með sjálfum sér. Sjálfsfróun þýðir þó ekki að þær eigi að fara að stunda kynlíf með öðrum og við tölum líka um það. Eftir þessa umræðu spyrja þær hvernig þær geti talað við foreldrana um kynlíf áður en þær byrja að stunda það. Það finnst mér mjög mikilvægur punktur og er í raun lykilinn að vel lukkaðri kynfræðslu. Því býð ég foreldra hjartanlega velkomna í kynfræðslu til mín. Börnin ykkar vilja leita til ykkar en kunna það ekki og ég er boðin og búin til að aðstoða.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**

Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# DEBENHAMS

## EGF húðvörudagar

## Í DEBENHAMS 8.-14. NÓVEMBER

EGF húðvörurnar eru afrakstur íslenskrar nýsköpunar og vísindarannsókna. Þær innihalda EGF frumuvaka sem stuðlar að endurnýjun húðarinnar og gefur henni frísklegt yfirbragð.







## KAUPAUKI

Kaupaukinn* er þinn ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 6.900 kr. eða meira

* Takmarkað magn

www.egf.is

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



3 **FRANK LAWRENCE** hefur skuldbundið sig til að leikstýra þriðju myndinni í Hunger Games-þríleiknum. Tökur á annarri myndinni standa yfir um þessar mundir með Lawrence við stjórnvölinn.

# Elskar breska menningu



**ELSKAR BRETA** Marion Cotillard er mikill aðdáandi breskrar menningar.

Franska leikkonan Marion Cotillard segist elska breska menningu og vera mikill aðdáandi Radiohead.

„Ég ímynda mér England sem blöndu af tísku og tónlist. Þar finnst rokk og ról í öllu; konungsfjölskyldunni, pönkinu og borgarastéttinni. Bretar eru bestir í tónlist og ég held upp á David Bowie, The Rolling Stones, Radiohead, Bítlana og fleiri,“ sagði leikkonan í viðtali við Harper‘s Bazaar. Cotillard segist einnig kunna að meta breska sjónvarpsþáttagerð og í algjöru uppáhaldi hjá henni er gamanþátturinn Absolutely Fabulous. „Ég er mikill aðdáandi.“



**BERBERIAN SOUND STUDIO** Mynd Peters Strickland er sérhæfð, óræð og artí en mun finna sinn markhóp, að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

# Keyrt til Krýsuvíkur

Bíó ★★★★☆

**Berberian Sound Studio**

**Leikstjórn:** Peter Strickland.
**Leikarar:** Toby Jones, Cosimo Fusco, Tonia Sotiropoulou, Susanna Cappellaro, Antonio Mancino

Þessi óvenjulega hrollvekja segir frá Gilderoy, miðaldra breskum hljóðmanni sem ferðast til Ítalíu til að hljóðsetja kvikmynd. Starfsmenn Berberian-hljóðversins eru stórfurðulegir og eigandinn sjálfur er sérstaklega óvinsamlegur. En Gilderoy er fagmaður og ákveður því að staldra við og klára verkið.

Það er nærri ómögulegt að segja nánar frá söguþræðinum, en mörk alvöru og ímyndunar verða óskýrari eftir því sem líða tekur á myndina. Er Gilderoy geðveikur eða er hann ef til vill staddur í helvíti? Toby Jones fer með hlutverk hans og heldur uppi mestum þunga myndarinnar á eigin spýtur. Frábær leikari sem ég hef aldrei fyrr séð í aðalhlutverki.

Sjónrænar og hljóðrænar tilvísanir í ítalskar hrollvekjur 8. áratugarins eru óteljandi og við fáum meira að segja að heyra í öldruðu giallo-drottningunni Suzy Kendall í nokkrum stuttum atriðum. Tónlistin er samin af ensku indie-sveitinni Broadcast og tekst henni að skapa magnaðan hljóðheim sem byggir að miklu leyti á gamalli kvikmyndatónlist, en er þó miklu meira en bara eitthvað retró-hjakk.

Það er nær ómögulegt að afgreiða Berberian Sound Studio með stjörnugjöf. Hún fer með áhorfandann í ferðalag en keyrir svo til Krýsuvíkur og skilur hann eftir. Hún er sérhæfð, óræð og artí. En hún mun finna sinn markhóp. Ég er handviss um það.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ein forvitnilegasta mynd ársins.



**KINWINS** Hugmyndin að snjallsímaforriti Sesselju og Valgerðar kviknaði í líkamsræktarátaki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Líkamsræktarátakið varð að nýju snjallsímaforriti

„Þetta byrjaði með því að við Valgerður fórum í líkamsræktarátak okkar á milli,“ segir Sesselja Vilhjálmsdóttir, sem ásamt Valgerði Halldórsdóttur hefur hannað snjallsímaforritið Kinwins.

Kinwins er hvatningarleikur sem gengur út á að gera notendur sína að betri mönnum og stuðla að heilbrigðu líferni. Notandinn skráir inn dagleg verkefni og safnar stigum. Hægt er svo að deila verkefnunum með vinum og fjölskyldu og hvetja hver annan áfram.

„Þetta er á sama tíma samfélagsmiðill þar sem hægt er að tengjast fjölskyldu og vinum en einnig er hægt að hafa þessar upplýsingar fyrir sig og keppast um að ná betri árangri,“ segir Sesselja en rúmt ár hefur tekið að þróa leikinn sem iPhone-notendur geta núna hlaðið frítt niður í símana sína.

Í framtíðinni er svo markmið Kinwins að notendur þess geti nálgast ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um sínar hverdagslegu athafnir og séð hvað má betur fara í átt að heilbrigðara lífi og aukinni vellíðan.

Sesselja og Valgerður gerðu fyrir nokkru síðan frumkvöðlaheimildarmyndina The Startup Kids og hönnuðu borðspilið Heilaspuna. Þær voru langt komnar með Facebook-leik byggðan á Heilaspuna þegar hugmyndin að Kinwins kom upp. En þarf maður ekki að búa yfir mikilli tölvufærni til að búa til smáforrit? „Við erum báðar mjög tölvuvænar og getum bjargað okkur en í þessu verkefni fengum við forritunarteymi til liðs við okkur,“ segir Sesselja, en verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

Sesselja og Valgerður stefna svo á að markaðssetja leikinn á heimsvísu á næstunni enda telja þær að leikurinn eigi erindi við alla. „Við erum tilbúnar með markaðsefni á heimsvísu og bíðum bara eftir grænu ljósi að utan. Kinwins snýst um að fá yfirsýn og kortleggja líf sitt og á sama tíma auka hæfileika sína. Það hlýtur að eiga erindi við alla.“ Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á Kinwins.com.

**alfrun@frettabladid.is**

## HVERNIG VIRKAR KINWINS




1. Notandi skráir inn hvað hann er að gera, til dæmis lesa, hlaupa, vinna eða borða. Svo getur hann deilt því með vinum á Kinwins eða á öðrum samfélagsmiðlum, til dæmis á Facebook. Leikurinn snýst um að safna stigum með því að nýta hæfileika sína til hins ýtrasta.
2. Sem dæmi má taka að ef notandi skráir inn að hann sé að elda eykur hann hæfileika sína í eldamennsku. Á sama tíma safnar hann fleiri stigum fyrir sömu athöfn eins og að auka skapandi hugsun og andlega vellíðan. Ef notandi skráir vini sína með sér og staðsetningu fær hann vinastig og stig fyrir að vera á nýjum stað.
3. Notandinn getur færst á milli borða með stigasöfnun í mismunandi flokkum. Flokkarnir eru heilsa, líkamlegt atgervi, skapandi hugsun, hve góður maður er í höndunum, fróðleiksfýsn, félagslyndi, ferðalög og reynsla.
4. Heildarleikurinn gengur út að reyna að færast upp um borð og eignast betra hús í leiknum. Notendur geta síðan keppt við vini sína og borið saman árangur sinn.





Shiatsu nuddsessa
með infrarauðum hita og fjarstýringu
26%
Verð áður 22.980
Tilboðsverð 16.980
Þú sparar 6.000
# 58120215
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Loksins komin aftur
HEILSUGRILL
20%
Verð áður 16.999
Tilboðsverð 13.599
Þú sparar 3.400
# 65085056
HEILSUGRILL
FJÖLSKYLDUSTÆRÐ
20%
Verð áður 22.999
Tilboðsverð 18.399
Þú sparar 4.600
# 65087056
2 STK
20%
TRISTAR
SALT & PIPARKVÖRN
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 4.790
Þú sparar 1.200
# 65004005
NÝ
VEFVERSLUN
BYGGTOGBUID.IS
KAUPAUKI FYLGIR HVERJUM KAUPUM
POPPVÉL
LOFTVÉL • ENGIN TRANSFITA
25%
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.749
# 65002658
23%
SEVERIN
BRAUÐRIST - STÁL
Verð áður 6.499
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 1.500
# 65002514
50%
TRISTAR SONJA BAÐVOG
ÞUNN • RAFHLÖÐUR FYLGJA
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 2.995
Þú sparar 2.995
# 43902419
BABYLISS
SLÉTTU- OG KRULLUJÁRN
Mini-Sléttujárn í kaupauka
50%
Verð áður 15.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 8.000
# 67024717
Öll heimilistæki
á allt að 50% afslætti
... aðeins í nokkra daga
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
20%
Bosch
MATVINNSLUVÉL 450W
Verð áður 14.999
Tilboðsverð 11.999
Þú sparar 3.000
# 66002054
GARMIN
LEIÐSÖGUTÆKI
Lífstíðar-uppfærsla á V-Evrópukorti
20%
Verð áður 42.900
Tilboðsverð 34.320
Þú sparar 8.580
# 54080025
KITCHENAID blandari
ÞÚ SPARAR 5.000
20%
TRISTAR RYKSUGA 1800W
Verð áður 10.990
Tilboðsverð 8.792
Þú sparar 2.198
# 65001910
40%
TRISTAR VÖFFLUJÁRN
BELGÍSKAR VÖFFLUR
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 4.000
# 65002141
Verð áður 39.990
Tilboðsverð 34.990
Þú sparar 5.000
# 69002001
WasserMaxx
sódavatnstæki - stál
20%
Verð áður 21.999
Tilboðsverð 17.599
Þú sparar 4.400
# 28090001
KitchenAid tilboð
Hrærivél + áhaldasett
23%
KITCHENAID hvít
Verð áður 102.870
Tilboðsverð 78.840
Þú sparar 24.030
# 69001001
KITCHENAID lituð
Verð áður 105.870
Tilboðsverð 81.690
Þú sparar 24.180
# 69001003
ÓDÝRI HEIMILIS-TÆKJA MARKAÐURINN
ALLT Á 2.990
40%
HRAÐSUÐUKANNA
40%
2JA BOLLA KAFFIVÉL
40%
ELDHÚSVOG
25%
BRAUÐRIST
25%
HANDÞEYTARI
Seríutilboð
kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50%
50%
Saeco
Intelia kaffikerfi
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð áður 99.990
Tilboðsverð 89.990
Þú sparar 10.000
# 65008751
# 65001110
EXQUISIT ÞVOTTAVÉL 1000SN
Verð áður 64.900
Tilboðsverð 59.900
Þú sparar 5.000
Mjög lágt verð
# 67000067
EXQUISIT ÞURRKARI 6KG
Verð áður 64.900
Tilboðsverð 59.900
Þú sparar 5.000
# 65004430
20%
TRISTAR BLANDARI 500W
Verð áður 9.990
Tilboðsverð 7.990
Þú sparar 2.000
30%
Tristar
STÁL TÖFRASPROTI
Verð áður 6.999
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 2.000
# 65004146
Cuisinart
króm kaffivél
22%
Verð áður 22.999
Tilboðsverð 17.999
Þú sparar 5.000
# 65024695

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
SKYFALL 7, 9, 10(P)
PITCH PERFECT 8, 10.15
HOTEL TRANSYLVANIA 2D 6
TEDDI 2D 6

SAMBÍÓIN SAMbio.is


SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
ARGO FORSÝNING KL. 8
HOUSE AT THE END... KL. 5:50 - 8 - 10:20
HOUSE AT THE END... VIP KL. 8 - 10:20
FRANKENWEENIE ÍSL. TEXTI 3D KL. 6
HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8 - 10:20
END OF WATCH KL. 8 - 10:20
LOOPER KL. 8 - 10:30
THE CAMPAIGN KL. 6
LAWLESS KL. 10:20
BRAVE ÍSL. TALI KL. 5:50
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
HOUSE AT THE END.. KL. 5:40 - 8 - 10:20
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:20
END OF WATCH KL. 5:40 - 8
HOPE SPRINGS KL. 5:40 - 8
LOOPER KL. 10:20
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI
HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 11
SKYFALL KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10
HOPE SPRINGS KL. 5
SAMBÍÓIN AKUREYRI
HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 8 - 10:20
HOPE SPRINGS KL. 8
END OF WATCH KL. 10:20
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 11
SKYFALL KL. 8
HOPE SPRINGS KL. 8
END OF WATCH KL. 10:10
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ


KÍNVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 中国电影节 HÁSKÓLABÍÓ 2.-8. NÓVEMBER
Dagskrá og miðasala á Miði.is
SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
PITCH PERFECT KL. 5.30 - 8 - 10.30 12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 3.40 - 5.50 - 8 7
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10.10 12
SKYFALL LÚXUS KL. 5 - 8 12
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.40 L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 3.30 L
TAKEN 2 KL. 10.10 16
DJÚPIÐ KL. 5.50 - 8 10
HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%
PITCH PERFECT KL. 8 - 10.30 12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 5.50 7
SKYFALL KL. 6 - 9 12 / TAKEN 2 KL. 10.30 16
LOVE IS ALL YOU NEED KL. 8 L
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50 10
FULL CIRCLE KL. 5.50 10 / KORA KL. 10.30 L
THE FLOWERS OF WAR KL. 8 16
BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
PITCH PERFECT KL. 8 - 10.10 12
SKYFALL KL. 5.20 - 8 - 10.40 12
DJÚPIÐ KL. 6 10
facebook/smarabio • facebook/haskolabio



UM STUND „Það er þungt yfir mönnum; engu líkara en textahöfundarnir fjórir séu allir að skrifa sig í gegnum sambandsslit eða aðra erfiða lífsreynslu," segir í gagnrýni um aðra plötu hljómsveitarinnar Valdimars. MYND/GUÐMUNDUR VIGFÚSSON

# EFTIRSJÁ OG SÁRSAUKI

★★★★☆

**Valdimar**
Um stund

**Eigin útgáfa**




Hljómsveitin Valdimar vakti mikla athygli fyrir fyrstu plötuna sína, Undraland, sem kom út fyrir tveimur árum. Hljómsveitin heitir Valdimar eins og söngvari hennar, sem er Guðmundsson og er frábær, einn af þeim bestu í poppinu hér á landinu.

Það hefur stundum reynst hljómsveitum sem slá í gegn með sinni fyrstu plötu erfitt að koma frá sér plötu númer tvö. Þetta vandamál á klárlega ekki við um Valdimar. Um stund er frábær plata. Lagasmíðarnar á henni eru traustar, textarnir góðir og flutningur og hljómur til fyrirmyndar. Og svo syngur Valdimar líka alltaf jafn vel.

Hljómsveitin hefur líka sinn eigin stíl. Valdimar er ekki eins og nein önnur hljómsveit, þó að áhrif megi heyra víða að, til dæmis frá hljómsveitunum Radiohead og Arcade Fire. Textarnir á Um stund eru svolítið niðurdregnir. Það er þungt yfir mönnum; engu líkara en textahöfundarnir fjórir séu allir að skrifa sig í gegnum sambandsslit eða aðra erfiða lífsreynslu. Þetta skemmir þó plötuna engan veginn, eftirsjáin og sársaukinn fara tónlistinni og rödd Valdimars vel. Á heildina litið er Um stund flott plata frá vaxandi hljómsveit.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Valdimar klárar plötu númer tvö með stæl.

# Stjörnurnar fagna Obama

Stuðningsmenn Baracks Obama fögnuðu ákaft þegar í ljós kom að hann hefði tryggt sig í embætti forseta Bandaríkjanna í fjögur ár til viðbótar. Stjörnur á borð við Rihönnu, Beyonce, Will.i.am og Bruce Springsteen lýstu yfir ánægju sinni þegar úrslitin urðu ljós, meðal annars á samskiptasíðunni Twitter, en öll hafa þau lagt kosningabaráttu forsetans lið á samskiptasíðunni.

Lady Gaga birti skælbrosandi mynd af sér og vinum sínum með skilaboðunum „Var að stíga af sviðinu í Columbia. Til hamingju herra forseti. Við erum stolt af því að vera Bandaríkjamenn." Þá þakkaði leikkonan Marcia Cross samleikkonu sinni úr sjónvarpsþáttunum Desperate Housewives, Evu Longoria, fyrir en hún hefur verið ötull stuðningsmaður Obama og safnað dágóðum peningasummum til styrktar kosningabaráttu hans.



**GLAÐIR STUÐNINGSMENN** Lady Gaga og Eva Longoria eru á meðal þeirra fjölmörgu stjarna sem fögnuðu sigri Baracks Obama í nýafstöðnum forsetakosningum Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Grohl aftur með Queens

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters og fyrrverandi trommari Nirvana, verður trommari á næstu plötu Queens of the Stone Age. Þetta eru góð tíðindi fyrir aðdáendur rokksveitarinnar því Grohl spilaði einnig á plötunni Song for the Deaf, sem er af mörgum talin besta plata hennar.

Grohl hleypur þar með í skarðið fyrir Joey Castillo, sem hætti í hljómsveitinni fyrir skömmu. Þessi tíðindi voru tilkynnt í útvarpsþætti Zane Lowe á BBC 2. „Við höfum átt mjög gott tónlistarsamstarf, betra en við höfum átt með öðrum," sagði Homme.



**DAVE GROHL** Rokkarinn spilar á trommur á næstu plötu Queens of the Stone Age.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS


FIMMTUDAGUR: SHADOW DANCER 18:00, 20:00, 22:00 ■ BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 20:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 3. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 20:00, 22:30 ■ SUNDIÐ (L) 18:00 ■ HREINT HJARTA (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
GÆÐASKOÐUN
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

# GLÆSILEGIR NÝIR HYUNDAI

## Komdu og gerðu góð kaup




HYUNDAI ix35
BENSÍN EÐA DÍSIL
Verð frá **5.390.000 kr.**

HYUNDAI i30
BENSÍN EÐA DÍSIL
Verð frá **2.890.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM55191

www.hyundai.is

## UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Opið í dag kl. 10–16

**Opnunartími Hyundai Kauptúni 1**
Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.
Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og söludeildir nýrra og notaðra Hyundai bíla. Í neyðartilfellum er hægt að nýta sér 24ra tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL Hyundai / BL ehf.

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR ÞÓRARINSSON** er á leiðinni til Sarpsborg 08 sem vann sér sæti í norsku úrvalsdeildinni á dögunum. Hann var lykilmaður í liði ÍBV í sumar en hann hóf ferilinn með Selfossi. ÍBV hefur samþykkt tilboð norska liðsins og Guðmundur sjálfur náð samkomulagi um kaup og kjör. Það eina sem vantar er undirskriftin.

## ÚRSLIT

### Dominos-deild kvenna

**Njarðvík - Valur** **66-71**
Njarðvík: Lele Hardy 25, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 14, Eyrún Sigurðardóttir 13, Salbjörg Sævarsd. 10.
Valur: Kristrún Sigurjónsdóttir 16, Alberta Auguste 14, Unnur Ásgeirsdóttir 13, Hallveig Jónsdóttir 8, Ragnheiður Benónísdóttir 6, Þórunn Bjarnad. 5.

### N1-deild kvenna

**ÍBV - Haukar** **28-24 (14-11)**
Mörk ÍBV: Simone Vintale 7, Grigore Gorgata 5, Ivana Mladenovic 5, Drífa Þorvaldsdóttir 4.
Mörk Hauka: Marija Gedroit 9, Karen Sigurjónsdóttir 4, Elsa Árnadóttir 4, Viktoría Valdimarsd. 2.

### Meistaradeild Evrópu

**E-RIÐILL**

**Chelsea - Shakhtar Donetsk** **3-2**
1-0 Fernando Torres (6.), 1-1 Willian (9.), 2-1 Oscar (40.), 2-2 Willian (46.), 3-2 Victor Moses (90.+3)

**Juventus - Nordsjælland** **4-0**
1-0 Claudio Marchisio (6.), 2-0 Arturo Vidal (23.), 3-0 Sebastian Giovinco (37.), 4-0 Fabio Quaglirella (75.)
**Staðan**: Chelsea 7, Shakhtar 7, Juve 6, Nordsjæ. 1.

**F-RIÐILL**

**FC Bayern - Lille** **6-1**
1-0 Bastian Schweinsteiger (5.), 2-0 Claudio Pizarro (18.), 3-0 Arjen Robben (23.), 4-0 Claudio Pizarro (28.), 5-0 Claudio Pizarro (33.), 5-1 Salomon Kalou (56.), 6-1 Toni Kroos (65.)

**Valencia - Bate** **4-2**
1-0 Jonas (26.), 2-0 Roberto Soldado, víti (29.), 3-0 Sofiane Feghouli (51.), 3-1 Renan Bressani (52), 3-2 Dmitri Mozolevski (83.) (83.), 4-2 Sofiane Feghouli (86.).
**Staðan**: Valencia 9, Bayern 9, BATE 6, Lille 0.

**G-RIÐILL**

**Celtic - Barcelona** **2-1**
1-0 Victor Wanyama (21.), 2-0 Tony Watt (82.), 2-1 Lionel Messi (90.+1)

**Benfica - Spartak Moskva** **2-0**
1-0 Oscar Cardozo (54.), 2-0 Oscar Cardozo (69.)
**Staðan**: Barcelona 9, Celtic 7, Benfica 4, Sparta 3.

**H-RIÐILL**

**Braga - Man. Utd** **1-3**
1-0 Alan, víti (48.), 1-1 Robin van Persie (90.+2) 1-2 Wayne Rooney, víti (90.+6), 1-3 Javier Hernandez (90.+14)

**CFR Cluj - Galatasaray** **1-3**
0-1 Burak Yilmaz (18.), 1-1 Moudou Sougou (53.), 1-2 Burak Yilmaz (60.), 1-3 Burak Yilmaz (73.)
**Staðan**: Man. Utd. 12, Galat. 4, Cluj 4, Braga 3.

### Þýska úrvalsdeildin

**Hamburg - Rhein-Neckar Löwen** **23-30**
Alexander Petersson skoraði 5 mörk fyrir Löwen.

**Kiel - Flensburg** **34-27**
Aron Pálmarsson skoraði 5 mörk fyrir Kiel og Guðjón Valur Sigurðsson 2. Arnór Atlason skoraði 2 fyrir Flensburg.

### Meistaradeild Evrópu

**Bardolino Verona - LdB FC Malmö** **0-2**
Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði fyrir Malmö, sem er komið í 8-liða úrslit keppninnar.

# Markahrókur og þúsundþjalasmiður

**Matthías Vilhjálmsson og Guðmundur Kristjánsson áttu báðir frábært tímabil með IK Start í norsku B-deildinni. Liðið varð meistari um síðustu helgi en báðir vilja spila með liðinu í úrvalsdeildinni á næsta ári.**

**FÓTBOLTI** IK Start frá Kristjánssandi varð um helgina meistari í norsku B-deildinni í knattspyrnu. Þar lögðu tveir íslenskir knattspyrnumenn hönd á plóg, þeir Matthías Vilhjálmsson og Guðmundur Kristjánsson. Báðir komu sem lánsmenn frá sínum félögum (FH og Breiðabliki) en þeir hafa fullan hug á því að spila með liðinu í úrvalsdeildinni á næsta ári.

Start samdi við FH um forkaupsrétt á Matthíasi en hann gildir til 1. desember. Sams konar samningur á milli Starts og Breiðabliks rann hins vegar út þann 15. október.

„Það eina sem ég veit er að félögin eru að tala saman," sagði Guðmundur við Fréttablaðið. „Ég er sjálfur búinn að ná samkomulagi við Start og nú er þetta í höndum félaganna. Menn segja mér hér úti að hafa engar áhyggjur – en það er aldrei hægt að slá neinu föstu í knattspyrnunni."

Matthías tekur í svipaðan streng en vonast til þess að þetta gangi í gegn án vandkvæða. „Mér finnst að ég eigi það skilið frá Start og FH enda hef ég verið hliðhollur báðum félögum," segir Matthías.

**Tróð upp í þjálfarann**

Matthías hefur spilað sem sóknarmaður allt tímabilið og gengið vel. Hann hefur skorað átján mörk á tímabilinu og er markahæsti leikmaður deildarinnar ásamt einum öðrum fyrir lokaumferðina sem fer fram um helgina. „Það hefur gengið rosalega vel," segir hann. „Ég var heppinn að mér tókst að byrja vel og það létti á pressunni. Síðan hefur liðið allt lagt mikið á sig og staðið sig vel eftir því."

Við komuna til Noregs sagði þjálfari Starts við Matthías að hann vildi fá tíu mörk frá honum þetta tímabilið. „Mér fannst það móðgandi og viðeigandi að troða upp í hann með þessum hætti," sagði hann og hló.

Matthías spilaði sem fremsti miðjumaður hjá FH í leikkerfinu 4-3-3. Nú spilar hann í tveggja manna sóknarlínu, líkt og íslenska landsliðið gerir undir stjórn Lars Lagerbäck.



**FAGNAÐ** Guðmundur Kristjánsson hefur skorað sex mörk fyrir Start á tímabilinu. Hér er honum fagnað af liðsfélögum sínum. Matthías Vilhjálmsson er lengst til hægri. MYND/FÆDRELANDSVENNEN

„Þetta er ólíkt því sem ég gerði hjá FH en það hefur samt gengið vel. Ég hef þó spilað með nýjum sóknarmanni í nánast hverjum leik enda búið að vera mikið um meiðsli í hópnum í sumar."

**Erfitt að finna taktinn í flakkinu**

Það kom meira að segja til þess að þeir Guðmundur og Matthías spiluðu saman í sókninni í tveimur leikjum í sumar. Guðmundur hefur reyndar spilað í flestum stöðum á vellinum hjá Start í sumar – öllum nema markinu. „Við erum með lítinn hóp og þegar menn meiddust var ég settur á flakk. Mér fannst ég leysa það ágætlega en það var engu að síður nokkuð erfitt að finna taktinn almennilega," segir Guðmundur, sem hefur fengið að halda sig á miðjunni á seinni hluta tímabilsins.

„Þá hef ég átt mína bestu leiki og mér fannst okkur ganga betur á seinni hluta tímabilsins," segir Guðmundur. „Heilt yfir er ég mjög sáttur við sumarið enda er þetta búið að vera mjög gaman."

> „Ég benti á þann leikmann sem mér fannst alltaf erfiðast að spila við. Það var Gummi.
>
> **MATTHÍAS VILHJÁLMSSON** LEIKMAÐUR FH OG IK START

**Matthías Vilhjálmsson**
**Fæddur: 30. janúar 1987 (25 ára)**
Tímabilið hjá Start: 31 leikur / 19 mörk
Fyrri félög: FH, Colchester (lán), BÍ.
Leikir/mörk á Íslandi: 151/52
A-landsleikir: 9 (1 mark)

**Guðmundur Kristjánsson**
**Fæddur: 1. mars 1989 (23 ára)**
Tímabilið hjá Start: 30 leikir /8 mörk
Fyrri félög: Breiðablik, Haukar (lán)
Leikir/mörk á Íslandi: 99/18
A-landsleikir: 5

Þess má geta að Guðmundur var fenginn til Start eftir ábendingu Matthíasar. „Hópurinn var enn í mótun þegar ég kom fyrst út og þjálfarinn spurði mig um fleiri íslenska leikmenn. Ég benti á þann leikmann sem mér fannst alltaf erfiðast að spila við. Það var Gummi," segir Matthías.

**Stefni á landsliðið**

Matthías var valinn í íslenska landsliðið sem mætir Andorra í vináttulandsleik síðar í mánuðinum. Guðmundur þarf þó að bíða enn eftir sínu tækifæri.

„Það hefði auðvitað verið gaman að fá tækifærið nú en ég var ekki endilega að gera mér miklar vonir um það. Við eigum marga góða miðjumenn og þjálfarinn skoðar kannski ekki leikmenn í norsku B-deildinni allra fyrst. Ég á kannski betri möguleika á næsta ári ef ég spila í efstu deild hér úti en markmiðið hjá mér er auðvitað að verða betri og komast í landsliðið."

**Gef bara á Matta**

Sem fyrr segir er Matthías nú markahæstur í norsku B-deildinni ásamt einum öðrum leikmanni með átján mörk. Guðmundur segir að liðið hafi í raun ekki upp á mikið að spila í lokaumferðinni nema að hjálpa Matthíasi að vinna markakóngstitilinn.

„Ég hugsa að ég gefi á hann eins mikið og ég mögulega get," segir Guðmundur í léttum tóni.

eirikur@frettabladid.is


**SKAPANDI AUÐLINDASÝN**

**ALDARMINNING KRISTJÁNS FRIÐRIKSSONAR**

**MÁLÞING Í FYRIRLESTRASAL ÞJÓÐMINJASAFNSINS**
**FÖSTUDAGINN 9. NÓVEMBER 2012 KLUKKAN 14.00**

**Haraldur Ólafsson** mannfræðingur rifjar upp hugmyndir Kristjáns um farsældarríki og manngildisstefnu;

**Daði Már Kristófersson** auðlindahagfræðingur fjallar um hugmyndir Kristjáns um fiskveiðistjórnun, auðlindaskatt, líf- og hagkeðju sem kallast á við sjálfbærnihugsjón samtímans;

**Ingibjörg Jóhannsdóttir** skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík ræðir skapandi skólahugmyndir Kristjáns, lífrænt skólastarf og samþættingu hugar og handar;

**Friðrik Daníelsson** efnaverkfræðingur segir sögu af iðnaðaráformum Kristjáns;

**Oddný Eir Ævarsdóttir** rithöfundur gluggar í Útvarpstíðindin og uppeldisbækurnar í tengslum við hugsjónina um virkan opinberan vettvang.

**Jón Sigurðsson,** fyrrverandi rektor á Bifröst, vinur og samstarfsmaður Kristjáns setur hugmyndir og æviatriði hans í samhengi og stýrir fundi.

**Aðgangur frír og kaffiveitingar í lokin. Allir hjartanlega velkomnir!**


Ánægja með störf Patreks Jóhannessonar hjá austurríska handboltasambandinu:

# Patrekur fær líklega langtímasamning

**HANDBOLTI** Patrekur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Austurríkis, fer ágætlega af stað með austurríska liðið í undankeppni EM 2014. Austurríki valtaði yfir Bosníu, 35-24, í fyrsta leiknum og tapaði svo fyrir Rússum á útivelli, 38-31. Þetta er mjög erfiður riðill enda er Serbía fjórða liðið í riðlinum.

„Það var mjög langt og erfitt ferðalag til Rússlands. Samt var gaman þegar við komum þangað því fyrsti maður sem ég hitti var Alexander Tutschkin, en við lékum saman hjá Essen í gamla daga," sagði Patrekur, en Tutschkin er framkvæmdastjóri liðsins í bænum þar sem leikurinn fór fram og sá um að skipuleggja leikinn.

„Bosníuleikurinn var frábær hjá okkur og fyrri hálfleikurinn þar er einn sá besti sem ég hef komið nálægt. Í stöðunni 3-3 skorum við tíu mörk í röð og göngum frá leiknum. Þetta er það sem maður óskar sér í hverjum leik en upplifir sjaldan. Það gekk allt upp," sagði Patrekur kátur.

„Gegn Rússunum var jafnt fyrstu tíu en síðan tóku þeir yfir og keyrðu yfir okkur. Þeir voru bara sterkari."

Patrekur er með mjög ungt lið í höndunum og hans hlutverk er að byggja upp nýtt lið hjá Austurríki.



**SÁTTUR** Patreki gengur vel í Austurríki og verður líklega áfram með landsliðið þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum með nýjan línumann. Hægri skyttan er tvítug, vinstri hornamaðurinn 19 ára en ákaflega efnilegur. Ég er því sáttur við þessa byrjun hjá okkur," sagði Patrekur en hann veit sem er að róðurinn verður erfiður í undankeppninni.

Forkólfar austurríska handknattleikssambandsins gera sér grein fyrir því að riðillinn er erfiður og að liðið standi á ákveðnum tímamótum.

„Ég er að breyta liðinu. Það eru nokkrir hættir síðan ég byrjaði. Ég reyni samt að halda í þessa eldri eins og Victor Szilagyi og Marinovic markvörð eins lengi og ég get. Það er gott að hafa þá með ungu mönnunum. Ég heyri ekki annað en að þeir séu ánægðir með mig og vilji gera langtímasamning. Ég er samt ekkert að flýta mér og er ánægður hjá þeim og sé að það er efniviður til staðar að búa til gott lið."

Patrekur segir að helsti höfuðverkurinn í austurrísku boltanum væri aftur á móti sá að allt of fáir ungir leikmenn fengju tækifæri með félagsliðunum.

Í stað þess að treysta á unga menn, eins og gert er á Íslandi til að mynda, sækja Austurríkismenn eldri leikmenn til nágrannalandanna.

„Ég hef verið að ræða þetta vandamál við þá en geri mér grein fyrir því að það er ekkert auðvelt verk að ætla að breyta menningunni sem er þar til staðar. Ég verð því að vinna með þá menn sem eru þó að koma upp í deildinni en það er svona 5-6 lofandi leikmenn þar núna."

- hbg

# ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN

**INNISERÍUR**
10 ljósa innisériur
**299 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**ÚTISERÍUR**
40 ljósa útisería með straumbreyti
**1.379 kr.**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

35 LAUPEN

GÆÐIN ERU Í GRÆNA KASSANUM

# ÓDÝRT FYRIR JÓLIN

ERIKUR OG CALLUNA
4 stykki
að eigin vali
**999 kr.**

JÓLASTJARNA
**999 kr.**
verð áður
1.490 kr

HAUST LAUKAR
**199 kr/pk**
magnpakkning
**499 kr/pk**

**HERRA OG DÖMUÚLPUR**
VERÐ FRÁ:
**18.990 kr.**

**BARNAÚLPUR**
VERÐ FRÁ:
**12.990 kr.**

TRUENORTH

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**1.142** **LAXAR** veiddust í Laxá á Ásum sumarið 2009 eða 571 á stöng. Í sumar veiddust 211 laxar í ánni eða tæplega 106 á stöng sem þó er þokkaleg veiði sé miðað við margar aðrar ár.

**53** **LAXAR** veiddust á stöng í Þverá og Kjarrá í sumar. Ekki var veiðin mikið skárri í hinum stóru ánum í Borgarfirði. 60 laxar veiddust á hverja stöng í Grímsá og 64 í Norðurá.




# Haffjarðará og Selá í Vopnafirði með flesta laxa á hverja stöng

**Eins og í fyrra voru Haffjarðará og Selá með flesta laxa á stöng. Af þeim 38 laxveiðiám sem teknar eru fyrir hér voru einingis 12 með 100 laxa eða meira á hverja stöng í sumar, sem er miklu lélegra en í fyrra þegar 27 ár skiluðu að minnsta kosti 100 löxum á stöng.**




Þorsteinn á Skálpastöðum:

## Myndi tryggja sér veiðileyfi



„Það eru miklu meiri líkur á því að veiðin muni skána á milli ára en var síðasta vor. Veiðin var einfaldlega það afleit í sumar,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, á Skálpastöðum, þegar hann er beðinn að meta stöðuna í stangveiðinni í lok vertíðar.

Þorsteinn, sem er eldri en tvævetur þegar kemur að veiði, man ekki eftir því að veiðimenn hafi brugðist jafn hastarlega við veiðibresti eins og eftir sumarið. Það geti einfaldlega markast af því að breytingarnar hafi ekki áður verið jafn miklar á milli ára. Menn hafi verið orðnir góðu vanir þegar aflabresturinn skall á í sumar. Hann telur ekki líklegt að leigutakar nái árangri við að snúa niður leigu, gagnvart veiðiréttarhöfum, enda samningar á borðinu.

Þorsteinn telur að veiðimenn muni bíða sumarsins í von um að krækja í leyfi á útsöluverði. „En eitthvað segir mér að menn ættu að tryggja sér leyfi eins og þeir eru vanir.“

Orri Vigfússon, formaður NASF:

## Lítið af smálaxi og illa haldinn



Orri Vigfússon, formaður NASF og laxabóndi, segir laxveiðina hafa verið dapurlega í sumar. Hann segir að fáeinar ár hafi þó staðist lágmarksvæntingar og nefnir Haffjarðará, Miðfjarðará, Hofsá og Selá. Rangárnar segir hann hafa verið þokkalegar. Hann bendir á að því til viðbótar hafi stórlaxar verið fáir í Laxá í Aðaldal.

„Rigningarleysi og langvarandi þurrkur hamlaði göngum en fyrst og fremst vantaði göngulax. Smálaxinn kom víðast hvar illa haldinn úr sjó en stærri laxinn var betur á sig kominn. Svipað var ástandið á laxagöngum í nágrannalöndunum; Kanada, Noregi og Rússlandi, en þar voru haustgöngurnar skárri,“ segir Orri. Hann bendir á ýmsar skýringar, sveiflur í hafinu sem stangveiðimenn og landeigendur ráði illa við. „Það þurfa því allir að leggja meira á sig til að vernda og auðga þessa dýrmætu auðlind sem villti laxinn er.“

Bjarni Júlíusson, formaður SVFR:

## Hef áhyggjur af sölu veiðileyfa



„Sumarið fer væntanlega í bókina hjá mér sem ár vonbrigðanna,“ segir Bjarni Júlíusson, formaður SVFR. Hann segir ástæðuna vera að öll skilyrði fyrir góða eða að minnsta kosti þokkalega veiði, hafi verið fyrir hendi. „Seiðaárgangurinn sem hélt til sjávar í fyrra var allþokkalegur, það var snjór á hálendinu í vor og vatnsbúskapur virtist vænlegur. Sumarið byrjaði með flottri opnun í Norðurá, en svo datt botninn úr þessu og laxinn einfaldlega mætti ekki í árnar.

„Fróðir menn segja þennan aflabrest þann versta síðan 1930. Ég ætla að trúa því, og minni á að 1931 var bara ágætis laxveiðiár. Ég bíð spenntur eftir sumrinu 2013,“ segir Bjarni, sem segist hafa áhyggjur af sölu veiðileyfa á næsta ári og að SVFR telji ekki forsendur fyrir því að verð veiðileyfa hækki svo neinu nemi.

svavar@frettabladid.is
trausti@frettabladid.is

# FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur **frá 5.390.000 kr.**
# FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur **frá 6.290.000 kr.**

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kauptu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi akstursesiginleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**39.477 kr./mán.***

* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

> **Stöð 2 kl. 20.10**
## Neyðarlínan

***Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum. Í kvöld er fylgst með máli manns sem var hætt kominn þegar hann örmagnaðist á Esjunni.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### James Bond: Octopussy
Í þrettándu James Bond-myndinni eltist 007 við hina dularfullu Octopussy. Hann berst við að upplýsa viðamikið smygl á skartgripum sem virðist vera til að hylma yfir kjarnorkuárás á NATO-sveitir.

**Leikstjóri:** John Glen.
**Aðalhlutverk:** Roger Moore, Maud Adams og Louis Jourdan.

Rotten Tomatoes 43% | IMDb 6,6 | Skjáreinn 22.00



### Love Wrecked
Á siglingu um Karíbahafið strandar Jenny á eyðieyju með átrúnaðargoði sínu. Blinduð af ást ákveður hún að segja ekkert þegar hún kemst að því að þau séu ekki á eyðieyju heldur rétt hjá áfangastað sínum.

**Leikstjóri:** Randal Kleiser.
**Aðalhlutverk:** Amanda Bynes, Chris Carmack og Jonathan Bennett.

Rotten Tomatoes 55% (A) | IMDb 4,9 | Stöð 2 Bíó 10.30



### Ultimate Avengers 2
Teiknimynd byggð á metsöluteiknimyndablöðunum. Járnmaðurinn, Þór, Risinn, Vespan, Svarta ekkjan og Hulk hinn ógurlegi koma til aðstoðar þegar geimverur gera árás á ríkið Wakanda í Afríku.

**Leikstj.:** Will Meugniot & Dick Sebast.
**Aðalhlutverk:** Justin Gross, Grey DeLisle og Michael Massee.

Rotten Tomatoes 55% (A) | IMDb 6,8 | Stöð 2 14.25



### Detroit 1-8-7
Spennuþáttaröð þar sem fylgst er með lífi og starfi morðdeildar lögreglunnar í Detroit. Tölurnar 1-8-7 eru vísun í slangur fyrir morð hjá lögreglunni vestanhafs og eiga rætur sínar í hegningarlögum í Kaliforníu.

**Höfundur:** Jason Richman.
**Aðalhlutverk:** Michael Imperioli, James McDaniel og Aisha Hinds.

63/100 | IMDb 7,3 | RÚV 22:20

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Eld kveikið þér nú sveinar... **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** (e)
**16.30 Ástareldur** (Sturm der Liebe)
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (4:31)
**18.25 Dýraspítalinn**(8:10)(Djursjukhuset)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Litla Parísareldhúsið** (4:6) (The Little Paris Kitchen)
**20.35 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (6:6) (Íslendingadagurinn) Andri Freyr Viðarsson og KK flandra um Íslendingabyggðir í Vesturheimi.
**21.15 Sönnunargögn** (8:16) (Body of Proof II) Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
➤ **22.20 Detroit 1-8-7** (14:18) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** (5:6) (Call the Midwife) (e)
**00.00 Krabbinn I** (12:13) (The Big C) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.30 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## Stöð 2 BÍÓ

➤ **10.30 Love Wrecked**
**12.00 Astro Boy**
**13.35 Run Fatboy Run**
**15.15 Love Wrecked**
**16.45 Astro Boy**
**18.20 Run Fatboy Run**
**20.00 Four Weddings and a Funeral**
**22.00 Bridesmaids**
**00.05 Anna Nicole**
**01.30 Four Weddings and a Funeral**
**03.25 Bridesmaids**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** (8:22)
**08.30 Ellen** (37:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (18:175)
**10.15 Lie to Me** (20:22)
**11.05 White Collar** (6:16)
**11.50 Harry's Law** (6:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** (2:22)
**13.25 Material Girl** (1:6)
➤ **14.25 Ultimate Avengers 2**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (38:170)
**18.23 Veður** Í
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (8:17)
**19.45 Modern Family** (6:24)
**20.10 Neyðarlínan**
**20.40 Person of Interest** (3:23)
**21.25 Revolution** (6:22) Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess. Fimmtán árum eftir þessa stórkostlegu breytingu komast menn að því að hægt sé að öðlast það aftur sem áður var en fyrst þarf að komast að ástæðu rafmagsleysisins og um leið að berjast við óvænta og hættulega aðila.
**22.15 Fringe** (21:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.00 Breaking Bad** (10:13)
**23.50 Spaugstofan** (7:22)
**00.15 Pressa** (4:6)
**01.00 Homeland** (5:12)
**01.50 Mad Men** (13:13)
**02.40 Sleepers**
**05.00 Modern Family** (6:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## Stöð 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**14.30 Meistaradeild Evrópu:** Endursýndur leikur
**16.10 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.55 Evrópudeildin: Anzhi - Liverpool** BEINT
**19.00 Spænsku mörkin**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**20.00 Evrópudeildin: Tottenham - Maribor** BEINT
**22.15 Evrópudeildin: Anzhi - Liverpool**
**23.55 Evrópud.: Tottenham - Maribor**

## Stöð 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 QPR - Reading**
**18.20 Swansea - Chelsea**
**20.00 Premier League World 2012:13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar
**20.30 PL Classic Matches: Liverpool - Blackburn, 1994**
**21.00 Being Liverpool** Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**21.45 Premier League Review Show 2012:13**
**22.40 Football League Show 2012:13**
**23.10 Tottenham - Wigan**
**00.50 Norwich - Stoke**

## Stöð 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.20 Ævintýri Tinna**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 iCarly** (36:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** Simpson-fjölskyldan fer í heilsuátak og allir verða veikir nema Lísa, sem ákveður að innrita sig í hæfileikakeppni hjá Krusty. Hómer semur fyrir hana lag og þegar hún kemst áfram ofmetnast karl faðir hennar að sjálfsögðu.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (17:22)
**19.00 Friends** (23:24)
**19.25 The Simpsons** (1:23)
**19.45 How I Met Your Mother** (8:22) Gengið skellir sér til Las Vegas þegar tvö úr hópnum ákveða að gifta sig í flýti.
**20.10 Game Tíví** Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann.
**20.35 Suburgatory** (13:22) Gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**21.00 Pretty Little Liars** (13:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.45 Gossip Girl** (4:22) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
**22.25 Game Tíví**
**22.50 Suburgatory** (13:22)
**23.15 Pretty Little Liars** (13:25)
**00.00 Gossip Girl** (4:22)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Stöð 2 GULL

**18.15 Doctors** (65:175)
**19.00 Ellen** (38:170)
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** (3:20)
**20.30 Ríkið** (3:10)
**20.55 Friends** (13:24)
**21.20 Strákarnir**
**21.50 Stelpurnar** (3:20)
**22.10 Ríkið** (3:10)
**22.35 Friends** (13:24)
**23.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**13.50 The Voice** (8:15) (e)
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 America's Next Top Model** (e)
**19.05 The Office** (1:27) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.55 Will & Grace** (23:24) (e)
**20.20 Happy Endings** (2:22) Verslunin hennar Alex er aðal staðurinn í bænum, allt út af þessu sérstöku barnabolum sem á stendur „Skelltu mér í rúmið". Jane gaf einu sinni egg og grunar hana að hún eigi 11 ára gamla dóttur einhver staðar, og getur ekki hætt að hugsa um það.
**20.45 30 Rock** (12:22) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Dennis mætir óvænt og skemmir daginn fyrir Liz með Criss. Jack beitir brögðum til að sína hversu klókur hann er í viðskiptum og Hazel reyndir að stilla til friðar á milli Tracy og Jennu.
**21.10 House** (8:23)
➤ **22.00 James Bond: Octopussy**
**00.15 Parks & Recreation** (2:22) (e)
**00.40 CSI: Miami** (7:19) (e)
**01.30 Bedlam** (2:6) (e)
**02.20 Blue Bloods** (19:22) (e)
**03.05 Happy Endings** (2:22) (e)
**03.30 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Golf Championship 2012 (4:4) **12.10** Golfing World **13.00** World Golf Championship 2012 (4:4) **18.00** Children's Miracle Classic 2012 (1:4) **21.00** Children's Miracle Classic 2012 (1:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista
**21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





DALA
Auður

MJÚKUR OG LJÚFFENGUR
HVÍTMYGLUOSTUR ÚR DÖLUNUM

Við kynnum nýjan hvítmygluost frá Mjólkursamsölunni undir nafninu Dala-Auður. Osturinn er einstaklega mjúkur og bragðgóður og er sá mýksti úr flóru mygluosta frá MS.

Dala-Auður er 170 g og er unnin úr nýmjólk. Nafn ostsins er vísun í Auði djúpúðgu sem var landnámskona í Dölunum og ættmóðir Laxdæla.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 12-0631

# ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í NETTÓ




## GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐKÖNNUN!

nettó
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Þessa dagana er það þátturinn Dans dans dans sem við fimm ára dóttir mín horfum spenntar á saman.“*

Álfrún Örnólfsdóttir, leikkona

# Kvikmyndavefur gerir tökukort

„Þetta eru mjög flott kort,“ segir Sunna Guðnadóttir hjá kvikmyndavefnum Icelandic Cinema Online.

Vefurinn hefur útbúið tvö kort þar sem annars vegar eru merktir inn tökustaðir sex kvikmynda á landsbyggðinni og hins vegar nítján íslenskra mynda í Reykjavík. Þetta er upphafið á verkefni þar sem allir kvikmyndatökustaðir íslenskra og erlendra kvikmynda sem hafa verið teknar upp á Íslandi verða kortlagðir. Vefurinn Kvikmyndir.is hefur áður birt umfangsmikla tökustaðaskrá á síðunni sinni.

Að sögn Sunnu notaði kanadíski leikstjórinn Brenda Davis kortið á ferð sinni um borgina á meðan á Riff-hátíðinni stóð og hefur hún núna ákveðið að taka upp mynd í Reykjavík.

Vefsíðan Icelandic Cinema Online er ætluð útlendingum og hefur verið starfrækt síðan í maí í fyrra. „Við komumst á topp tíu í frumkvöðlakeppninni Gullegginu og eftir það fór boltinn að rúlla,“ segir Sunna. Á síðunni geta menn borgað um tvær til fjórar evrur, eða um þrjú til sex hundruð krónur, fyrir að horfa á íslenskt efni, þar á meðal kvikmyndir, heimildarmyndir og stuttmyndir. „Við erum eiginlega að vinna brautryðjendastarf í heiminum varðandi það að bjóða upp á efni sem er bara frá einu landi,“ segir hún og bætir við að Þjóðverjar ætli að fara að dæmi Icelandic Cinema Online og opna eigin vef eingöngu fyrir þýskar myndir.

Að sögn Sunnu koma 85% af umferðinni inn á vefinn frá útlöndum og hafa um 120 þúsund manns komið inn á vefinn frá stofnun hans. „Það er gríðarlegur áhugi í útlöndum á íslenskri kvikmyndagerð og það sést svolítið vel á umferðinni.“ - fb



**SUNNA GUÐNADÓTTIR** Sunna er ánægð með nýju kortin sem hafa verið útbúin fyrir Icelandic Cinema Online. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




LJÓÐSTAFUR
Jóns úr Vör

**Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar efnir í tólfta sinn til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu Ljóðstafur Jóns úr Vör.**

Veitt verða vegleg verðlaun og fær verðlaunaskáldið auk þess til varðveislu, í eitt ár, göngustaf áletraðan með nafni sínu. Dómnefnd velur úr þeim ljóðum sem berast.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina en skilafrestur rennur út **14. desember**. Ljóðum skal skilað með dulnefni. Nafn, heimilisfang og símanúmer skáldsins skal fylgja með í lokuðu umslagi, sem auðkennt er með sama dulnefni. Ljóðin mega ekki hafa birst áður.

Utanáskrift er: **Ljóðstafur Jóns úr Vör, menningar- og þróunardeild Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogur**

Greint verður frá niðurstöðum samkeppninnar og verðlaun veitt á afmælisdegi Jóns úr Vör 21. janúar 2013. Jón úr Vör bjó nánast allan sinn starfsaldur í Kópavogi en tilgangur keppninnar er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist.

Kópavogsbær

kopavogur.is


## ORRI FINNBOGASON: VANN VIÐ DEMANTAÍSETNINGU FYRIR TIFFANY & CO.

# Heiðrar sjómenn með skartgripalínu fyrir bæði kynin

„Mig langaði að gera eitthvað með akkerið, tákn sem við þekkjum flest húðflúrað á upphandleggi gamalla sjómanna,“ segir skartgripahönnuðurinn Orri Finnbogason um nýja skartgripalínu sína, Akkeri.

Orri er gullsmiður að mennt en hann var búsettur og starfaði við fagið í New York í tíu ár áður en hann ákvað að snúa aftur heim fyrir þremur árum síðan. „Fyrst eftir að ég flutti út vann ég við að flytja demanta milli staða, sem getur verið vandasamt verk. Svo fór ég alfarið í demantaísetningar, en það er alveg sérfag úti,“ segir Orri sem meðal annars vann við að setja demanta í skartgripi fyrir eitt frægasta skartgripafyrirtæki í heimi, Tiffany & Co.

Enga demanta er þó að finna í nýju línu Orra, Akkeri, sem er bæði fyrir herra og dömur. Þar er að finna hálsmen, hringa, armbönd og eyrnalokka sem öll skarta tákninu fræga. Orri leitaði eftir innblæstri í íslensku sjómennskuhefðina og heillaðist af akkerinu sjálfu. „Það tengist eitthvað ævintýraþránni sem fylgir sjómennskunni og þeim mikilvæga tilgangi sem akkerið þjónar í sjómannslífinu,“ segir Orri, en akkerið er landfestin og gerir sjómönnum kleift að stýra ferðalögum sínum í réttar áttir.

Orri hannaði skartgripina með þá einstaklinga í huga sem ganga yfirleitt ekki með skartgripi. „Þetta eru skartgripir fyrir töffara og mig langaði að höfða til þeirra sem ekki eru glysgjarnir að eðlisfari.“

Skartgripir Orra fást í Aurum í Bankastrætinu en í kvöld heldur hann sýningu ásamt Ýri Þrastardóttur fatahönnuði á Kex hostel þar sem hægt verður að berja nýju línuna augum. Sýningin hefst klukkan 20. alfrun@frettabladid.is



**VAR UMKRINGDUR DEMÖNTUM Í NEW YORK** Orri Finnbogason skartgripahönnuður vann við demantaísetningar, meðal annars við Tiffany & Co., í New York en nú er hann fluttur heim og frumsýnir skartgripalínuna Akkeri fyrir bæði kynin í kvöld á Kex hostel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







CARTOON NETWORK ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Fer í tónleikaferð á húsbíl

Ómar Guðjónsson, einn fremsti gítarleikari þjóðarinnar, hefur gefið út sína fjórðu sólóplötu, Út í geim.

Um eitt ár er liðið síðan hugmyndin að plötunni kviknaði. „Þá fór þetta ferli af stað hjá mér að hafa allt í einu þörfina til að skrifa texta og syngja. Það var mjög skrítið að fá það allt í einu upp í hausinn,“ segir Ómar. „Hingað til hefur gítarinn séð um að syngja en síðan allt í einu fór ég að hoppa í þá djúpu laug að reyna að tjá mig með orðum.“

Platan var tekin upp í stofunni heima hjá Ómari. „Fjölskyldan flutti að heiman. Eitt barnaherbergið varð mixer-herbergi og eitt varð matarherbergi. Þetta var mikið ævintýri.“ Hann lýsir plötunni sem blöndu af afrótónlist, rokki, djassi og fleiri stefnum.

Öll tólf lögin og textarnir eru eftir Ómar fyrir utan einn texta eftir Jónas Sigurðsson. Þeir hafa einmitt spilað saman í Ritvélum framtíðarinnar, hljómsveit Jónasar. Í næstu viku fara þeir í tónleikaferð á húsbíl þar sem þeir spila undir hvor hjá öðrum á meðan þeir kynna nýjustu plötur sínar. „Við verðum með tvö trommusett, tvo bassa, tvo gítara og tvö hljómborð. Við prófuðum þetta á Borgarfirði eystri í sumar. Það gekk svo vel að við ákváðum að þetta yrðum við að gera í vetur.“

Útgáfutónleikar Ómars verða í Iðnó í kvöld kl. 21. - fb



**FJÓRÐA SÓLÓPLATAN** Ómar Guðjónsson syngur í fyrsta sinn á sólóplötu sinni Út í geim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÉRSTAKT KYNNINGARKVÖLD Í KVÖLD, 8. NÓVEMBER KL.18:00

LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI PICCINI MEMORO ITALIA

# FASHION ACADEMY

REYKJAVÍK



## NÁM Í SNYRTIFRÆÐI

NÆSTA ÖNN HEFST 26. NÓVEMBER.

Beauty Academy er einkaskóli sem býður upp á nám í snyrtifræði til sveinsprófs. Nám í snyrtifræði er kjörið fyrir þá sem vilja framtíðarstarf sem er bæði fjölbreytt og skapandi.

Skólinn býður upp á fyrirmyndar aðstöðu og er vel búinn nýjustu tækjum til náms og kennslu. Áhersla er lögð á fagmennsku og framsýni kennara og er markmið skólans að útskrifa framúrskarandi nemendur.

Í SNYRTIFRÆÐI NÁMI ER MEÐAL ANNARS KENNT:

ANDLITSMEÐFERÐIR FÖRÐUN NUDD VAXMEÐFERÐIR LÍKAMSMEÐFERÐIR FÓTSNYRTING HANDSNYRTING NAGLAÁSETNING









Námið tekur eitt ár og hentar öllum aldurshópum.

Kenndar eru alls 65 einingar á framhaldsskólastigi.

Nýnemar eru teknir inn í nóvember, mars og ágúst.

Námið er lánshæft hjá LÍN

facebook.com/fashionacademyreykjavik www.fashionacademy.is Ármúla 21, 108 Reykjavík Sími 571 51 51

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Haraldur fór huldu höfði

**Haraldur Ari Stefánsson** steig óvænt á svið með hljómsveitinni Retro Stefson í Hörpunni á Airwaves-hátíðinni á laugardaginn. Haraldur tók sér frí frá sveitinni til að einbeita sér að leiklistarnámi í London en kom áhorfendum í opna skjöldu þegar hann birtist í þriðja lagi Retro Stefson á tónleikunum. Hann kom þó ekki bara áhorfendum á óvart því enginn meðlimur hljómsveitarinnar, fyrir utan söngvarann Unnstein Manuel Stefánsson, vissi af komu hans til Íslands. Haraldur hafði komið til landsins deginum áður og fór algjörlega huldu höfði þangað til hann skaut upp kollinum á tónleikunum. Skipt var um lagalista um leið og Haraldur mætti á sviðið, sem kom hljómsveitinni einnig í opna skjöldu.



### Trúlofaðist magadansara

**Sigfús Sigurðsson,** fyrrum landsliðsmaður í handbolta, hefur trúlofast magadanskennaranum Josy Zareen og eiga þau von á barni saman. Zareen er kennari hjá Magadanshúsinu og hafa námskeið hennar notið mikilla vinsælda. Sigfús, einnig þekktur sem Rússajeppinn, spilar handbolta með Val og stendur að sjálfsögðu fyrir sínu í vörninni.



- fb

## Mest lesið vísir

1. Mögulegt að barnaníðingurinn sé þingmaður
2. Obama um úrslitin: Það besta er framundan
3. Obama endurkjörinn
4. Vilhjálmur frestar stjórnarfundi Eirar
5. 105 reknir í síðasta mánuði
6. Krókódíll gómaður eftir tveggja ára leit


„ÞETTA ER DÚNDUR."
EGILL HELGASON / KILJAN



www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu





*Afmælisveisla*
*20 til 50% afsláttur*
*af völdum vörum*

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
í 40 ár

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410